ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR

*Fékk minkapels fyrir góða frammistöðu*

• tíska

**ALLT** í MIÐJU BLAÐSINS

NÆRING OG HEILSA

*Fæðubótarefni, vítamín og vaxtarræktarmót*

Sérblað um næringu og heilsu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

18. febrúar 2010 — 41. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Stjórnmálin kennd

Ekki verður predikuð ákveðin stefna í nýstofnuðum stjórnmálaskóla.

TÍMAMÓT 26

### Stórstjarna í heimsókn

Viggo Mortensen lék við hvurn sinn fingur á Patreksfirði.

FÓLK 46

### Liðið eða leikurinn?

„Árangur Íslendinga stendur yfirleitt í öfugu hlutfalli við ítök stjórnmálaflokkanna“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

### Hasar í Meistaradeildinni

Mistök markvarðarins Lukasz Fabianski reyndust Arsenal dýrkeypt gegn Porto.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**FREMUR HÆGUR VINDUR** Í dag verða víðast norðaustan 5-10 m/s en 8-13 A-lands og NV-til í kvöld. Bjart S- og SV-lands en annars víða él. Frost 0-8 stig.

VEÐUR 4

# Byr bútaður niður

**Kraftur er kominn í endurskipulagningu Byrs. Líkur eru á að eiginfjárframlag ríkisins skili sér fyrir sumarið. Líf sparisjóðsins er nú í höndum kröfuhafa.**

**BANKAR** Mikil uppstokkun stendur nú yfir á Byr sparisjóði, útibú verða sameinuð, deildir lagðar niður og starfsfólk flutt til. Að hagræðingaraðgerðum loknum mun ríkið væntanlega leggja honum til nýtt eigið fé upp á tæpa ellefu milljarða króna.

Stjórnendur Byrs stýra uppstokkun sparisjóðsins í samvinnu við stjórnvöld, Seðlabanka og Fjármálaeftirlit. Til stendur að skera burt alla fitu af sjóðnum áður en ríkið réttir honum hjálparhönd, eins og einn viðmælenda Fréttablaðsins tók til orða. Byr óskaði eftir eiginfjárframlagi ríkisins í mars í fyrra.

Hagræðing er komin skemur á veg hjá Byr en stóru bönkunum. Ekki kom kippur í málið fyrr en stjórnendur sparisjóðsins stigu til hliðar undir lok síðasta árs. Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, hætti um miðjan síðasta mánuð. Þeir sem rætt var við segja starfslok stjórnenda tímabæra til að endurvekja traust.

Stefnt er á að hagræðingarferlið standi í um þrjá mánuði. Að því loknu muni Byr verða sparisjóður samkvæmt ströngustu skilgreiningu; taka við innlánum og veita lán. Verðbréfasvið og eignastýring verður lögð niður eða útvistuð.

Fyrstu sjáanlegu skref þess sem koma skal eru sögð sjást í sameiningu útibús Byrs í Garðabæ við útibúið í Kópavogi sem lýkur í dag. Það síðarnefnda mun vera arðbærasta útibú sparisjóðsins. Líkur eru á að önnur útibú verði sameinuð.

Hjá Byr í Garðabæ voru sex starfsmenn. Þeir fara í önnur störf hjá Byr. Einar Birkir Einarsson, útibússtjóri í Garðabæ, fer í önnur verkefni í höfuðstöðvum Byrs, samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum.

Í fyrrahaust strandaði endurskipulagning Byrs á stofnfjáreigendum enda ljóst að þeir bæru skarðan hlut frá borði með ríkisframlaginu. Nokkuð hefur þokast í samkomulagsátt. Þýskir kröfuhafar létu af ströngustu kröfum sínum í nóvember í fyrra og óskuðu innlendir kröfuhafar nýverið eftir ítarlegum upplýsingum um fjárhagsstöðu sjóðsins. Næstu skref eru í höndum þeirra og fjármálaráðuneytis. Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi fjármálaráðherra, segir mál Byrs ganga vel. Hún er bundin trúnaði og vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti. - jab

Icesave þokast áfram:

## Bretar opnir fyrir nýjum samningum

**ICESAVE Þokast hefur í átt til nýrra samnninga um Icesave. Bresk stjórnvöld munu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, vera reiðubúin til að semja upp á nýtt um ýmsa þætti samkomulagsins.**

**Þar mun helst horft til vaxtastigs annars vegar og hins vegar möguleikans á því að samið verði um vaxtalaust tímabil. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá hefur verið rætt um að fyrri hluta lánstímans verði vextir breytilegir, en fastir síðari hlutann. Fremur dökkar verðbólguspár í Bretlandi nú um mundir munu hafa áhrif á afstöðu íslenskra stjórnvalda hvað þá leið varðar.** - kóp

**SKRÚBBAÐ OG BÓNAÐ** Þótt biksvörtum glæsikerrum hafi fækkað nokkuð á íslenskum vegum frá bankahruni þarf að hlúa vel að þeim sem eftir eru. Þessir jeppaeigendur tóku til hendinni á bílaþvottastöð í gær og skrúbbuðu skítinn af fallegum Nissan Infiniti og BMW X3 í blíðviðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lyfjafyrirtæki, að hluta í eigu Róberts Wessman, horfir til Íslands og A-Evrópu:

## Íhugar að reisa lyfjaverksmiðju

**ATVINNUMÁL** Bandaríska lyfjafyrirtækið Alvogen, sem er í þriðjungseigu Róberts Wessman, íhugar nú að reisa nýja lyfjaverksmiðju hér á landi. Að sögn Róberts, sem er stjórnarformaður fyrirtækisins, stendur valið helst á milli Íslands og Austur-Evrópu.

Ef Ísland yrði fyrir valinu segir Róbert líklegt að henni yrði fundinn staður á Suðurnesjum. Þar hyggst Róbert einnig opna einkasjúkrahús og eru framkvæmdir við það komnar í gang.

„Við höfum átt í mjög góðu samstarfi við Reykjanesbæ,“ segir Róbert. Hann vilji stuðla að atvinnuuppbyggingu á svæðinu, ekki síst í ljósi þess að þar mælist nú landsins mesta atvinnuleysi.

Alvogen er með yfir 100 ára rekstrarsögu, en það sérhæfir sig í þróun og framleiðslu flókinna samheitalyfja.

Á sjúkrastofnuninni Iceland Healthcare að Ásbrú í Reykjanesbæ stendur til að lækna eingöngu erlenda sjúklinga. Stofnunin mun sérhæfa sig í liðskipta- og offituaðgerðum. Gangi áætlanir eftir getur starfsemi þar hafist eftir liðlega ár. Róbert hyggst ekki koma að rekstrinum sjálfur. - óká / sjá síður 4 og 14

## SPURNING DAGSINS

*Helgi, eru þetta eintómir kjúklingar á Akureyri?*

„Það voru einu sinni kjúklingar þarna, þeir eru bara hættir að framleiða þá. En ætli þeir vilji ekki bara taka þetta í hænuskrefum."

Helgi Vilhjálmsson, kenndur við Góu, hefur beðið lengi eftir því að fá lóð undir kjúklingastaðinn KFC á Akureyri. Nú hefur hann ákveðið að sækja um á nýjan leik.

Flugvirkjar krefja Icelandair um 25 prósent launahækkun og boða verkfall:

# Stál í stál vegna launakröfu

**SAMGÖNGUMÁL** Flugvirkjafélag Íslands hefur boðað verkfall frá og með mánudeginum sem mun hafa áhrif á ferðir tuttugu þúsund farþega ef af verður. Samningaviðræður standa yfir en flugfélagið treystir sér ekki til að verða við kröfu flugvirkja um 25 prósent launahækkun.

Guðjón Arngrímsson segir Icelandair hafa boðið flugvirkjum sambærilegar kjarabætur og öðrum, en útilokað sé að ganga að ítrustu launakröfum þeirra sem séu langt umfram hækkanir annarra hópa. „Það eru Icelandair mikil vonbrigði að forsvarsmenn flugvirkja hafi ekki sýnt þessu skilning," segir Guðjón. Kristján Kristinsson, formaður samninganefndar flugvirkja, segir launakröfu flugvirkja einfaldlega leiðréttingu á þeirri kjaraskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir á stuttum tíma. Hann segir að nokkuð hafi þokast í samningaviðræðum í gær en ljóst að launakrafan nái ekki fram að ganga eins og hún var sett fram. Kristján segir flugvirkja gera sér fulla grein fyrir því hvað verkfall þýði fyrir fjölda fólks. Hann bendir hins vegar á að lítið sem ekkert hafi hreyfst í samningaviðræðum við Icelandair fyrr en verkfall var boðað.

Kristján bendir á að launakostnaður Icelandair við tæknideildina, sem flugvirkjar starfa við, hafi farið hraðminnkandi vegna gengisfellingar krónunnar. - shá

**BOEING 777 Í SKOÐUN** Flugvirkjar á Íslandi eru fámenn stétt en með þeim standa og falla flugsamgöngur.

Þjóðhagsspá Hagstofunnar:

## Óvíst með endurskoðun spár

**EFNAHAGSMÁL** Ekki hefur verið ákveðið hvort þjóðhagsspá Hagstofu Íslands verður endurskoðuð, eða hvort beðið verður nýrrar spár sem gefin verður út um miðjan maí.

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri segir að vinna við nýja spá hefjist fljótlega. Þá komi í ljós hvort þörf verði á því að gefa út endurskoðun á fyrri spá.

Hagstofan hefur tekið við því hlutverki fjármálaráðuneytisins að gefa út þjóðhagsspár. Á meðan verkið var á könnu ráðuneytisins var gefin út endurskoðuð spá í byrjun árs þar sem tekið var tillit til breytinga á forsendum. - bj

Maður um tvítugt ákærður:

## Skar stúlku og skemmdi eignir

**DÓMSMÁL** Karlmaður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Vestfjarða fyrir stórhættulega líkamsárás, eignaspjöll og akstur undir áhrifum áfengis.

Í október á síðasta ári veittist maðurinn með eggvopni að stúlku á Ísafirði. Hann lagði til hennar að bringusvæði og í aðra höndina með vopninu. Yfirhöfn stúlkunnar rifnaði og hlaut hún 2,5 sentimetra langan skurð á hendi handarbaksmegin.

Áður hafði maðurinn skemmt farsíma stúlkunnar með því að rispa hann með oddhvössu áhaldi. Þá hafði hann einnig rispað bíl hennar með eggvopni. - jss

**ÞORSKAR Í ELDI** Afföll í eldi eru alltaf umtalsverð og ástæður margvíslegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afföll í þorskeldi:

## Sjúkdómar eru oftast ástæðan

**FISKELDI Helsti orsakavaldur affalla á eldisþorski í sjókvíum eru sjúkdómar af ýmsum toga. Þetta er niðurstaða verkefnis hjá AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi á afföllum í kvíum hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf., sem er með eldi í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, og hjá HB Granda hf. í Berufirði.**

**Mest áberandi voru afföll vegna bakteríusýkinga en bæði víbríuveiki og kýlaveikibróðir greindust í fiskinum. Nokkrar tillögur eru um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr afföllum sem er að finna í skýrslum af niðurstöðum verkefnisins.** - shá

# Menningarstofnun á Grundarstíg í óvissu

**Eigendur menningarstofnunarinnar Hannesarholts við Grundarstíg eru slegnir vegna óvissu í kjölfar ógildingar á byggingarleyfi. Reksturinn samrýmist ekki skipulagi segir úrskurðarnefnd. Vinna við stækkun hússins var komin í gang.**

**SKIPULAGSMÁL** Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur ógilt byggingarleyfi til handa sjálfseignarstofnuninni Hannesarholti á Grundarstíg 10 og sömuleiðis breytingu á notkun hússins úr íbúð í húsnæði undir blandaða atvinnustarfsemi.

„Við erum mjög slegin yfir þessari niðurstöðu, sér í lagi þar sem tilgangurinn er að opna þetta sögufræga hús fyrir almenningi," segir Ragnheiður Jónsdóttir, einn eigenda hússins, sem á sínum tíma var byggt af Hannesi Hafstein, skáldi og ráðherra.

Borgarráð staðfesti byggingarleyfi fyrir stækkun og breytta notkun hússins á Grundarstíg 10 í ágúst í fyrra. Meðal annars var leyft að hækka risið og rífa bílskúr til að geta komið fyrir viðbyggingu með litlum sal fyrir tónlistarflutning og fleira.

Nágrannarnir í húsinu andspænis við götuna kærðu ákvörðun borgarráðs. Sögðu þeir starfsemi Hannesarholts myndu valda ónæði inni í miðju íbúðahverfi.

Úrskurðarnefndin segir að ætla megi að starfseminni fylgi aukin umferð og umgangur, hávaði og aukið álag á bílastæði fram eftir kvöldum.

Breytingin á notkun hússins væri svo veruleg að ekki hafi verið skilyrði til að afgreiða byggingarleyfi eftir undanþágukæru eins og borgaryfirvöld gerðu. Ekki væri gerð grein fyrir því hvernig mæta eigi aukinni þörf fyrir bílastæði.

„Loks er engin grein gerð fyrir því hvernig hið umdeilda byggingarleyfi samræmist stefnumarkandi ákvörðunum þróunaráætlunar miðborgar um íbúðarsvæði, samþykktum í borgarráði 10. október 2000, þar sem fram kemur að á íbúðasvæðum miðborgarsvæðis sé meginmarkmið borgaryfirvalda að vernda og bæta íbúðabyggð og umhverfi hennar," segir enn fremur í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

Markmið Hannesarholts er „að efla jákvæða, gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi, auka skilning á gildi sögunnar fyrir samtímann og framtíðina og hvetja til uppbyggilegrar umræðu og samveru."

Ragnheiður segir að slík starfsemi ætti að fá að blómstra og að viðtökur fram til þessa hafi almennt verið afar jákvæðar. „Þetta er mitt hjartans mál og ég er þakklát fyrir að geta gert þetta en manni finnst erfitt að geta tekið þátt í uppbyggingu og mega það ekki. Í þessu hverfi, sem hefur alla tíð verið blandað, sjáum við ekki þessa ógn eins og þessir einstaklingar sem kærðu leyfisveitingu Reykjavíkurborgar," segir Ragnheiður Jónsdóttir. gar@frettabladid.is

**GRUNDARSTÍGUR 10** Þótt sjálfseignarstofnuninni Hannesarholti sé ætlað að efla jákvæða hugsun og uppbyggilega umræðu er ekki eining meðal íbúanna á Grundarstíg um starfsemina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjararáð um launalækkun:

## Úrskurður kemur í næstu viku

**STJÓRNSÝSLA Kjararáð mun birta úrskurð sinn um laun forstjóra ríkisstofnana í næstu viku, líklega um miðja viku, segir Guðrún Zoëga, formaður kjararáðs.**

**Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi síðasta sumar mega ríkisstarfsmenn ekki hafa hærri laun en forsætisráðherra, sem hefur um 935 þúsund krónur í mánaðarlaun.**

**Kjararáð hefur fjallað um málið síðan lögin voru sett. Á fimmta tug ríkisstarfsmanna eru betur launaðir en forsætisráðherra. Þeir fengu andmælarétt þar sem ákvörðun um launalækkun er íþyngjandi.** - bj

Deilt um Icesave-skrif:

## Sibert furðar sig á Sigmundi

**EFNAHAGSMÁL** Anne Sibert, hagfræðiprófessor og fulltrúi í peningastefnunefnd Seðlabankans, undrast hörð viðbrögð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, við skrifum hennar um Icesave í evrópsku vefriti. RÚV greindi frá.

**ANNE SIBERT**

Sigmundur skoraði á forsætisráðherra að víkja Sibert úr nefndinni vegna skrifa hennar. Sibert fullyrti að Íslendingar gætu vel staðið undir skuldbindingum vegna Icesave.

Sibert segist eingöngu hafa ætlað að útskýra lagalegar hliðar deilunnar á hlutlausan hátt og því séu tilraunir Sigmundar til að stöðva umræður um málið óskiljanlegar. - shá

KAREN Í 4. SÆTI

KAREN E. HALLDÓRSDÓTTIR
• BA í sálfræði
• MS í mannauðsstjórnun

Kosningaskrifstofa Bæjarlind 14-16.
Komdu í kaffi

KÓPAVOGUR - GERUM ENN BETUR
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS 20. FEBRÚAR

Rannsóknarnefnd Alþingis framlengir andmælafrest til 24. febrúar:

# Einkavæðingin var ekki öll á dagskrá

**BANKAHRUNIÐ** Vissir þættir einkavæðingar bankanna hafa verið á dagskrá rannsóknarnefndar Alþingis, en nefndin reyndi ekki að tæma málaflokkinn.

Svo segir Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar.

Formaðurinn sagði í viðtali við blaðið hinn 11. júní að nefndin myndi skoða forsendur þess að breytt var um stefnu stjórnvalda í einkavæðingu bankanna og ákveðið var að velja kjölfestufjárfesta. Páll sagði þá að skoðað yrði hvort þetta hefði haft áhrif á það sem síðar varð.

Spurður hvort þetta hafi verið gert staðfestir hann að þessi efnisatriði hafi verið á dagskrá til tæknilegrar umfjöllunar. „En nú ertu að spyrja um hvað við höfum skrifað og ég get bara ekki farið út í það," segir hann.

Ögmundur Jónasson alþingismaður hefur boðað tillögu um sérstaka opinbera rannsókn á einkavæðingu bankanna, hafi nefndin ekki tekið á þessum þætti. Páll segir að Ögmundur sé væntanlega að tala um að allt í sambandi við einkavæðinguna verði „opnað og tæmt". Ekki sé nema gott eitt að segja um það, hins vegar hafi nefndin bara haft afmarkaða þætti til umfjöllunar.

Hann vill ekki svara „einu né neinu" um hvort mörg andmælabréf, frá þeim tólf sem grunuð eru um mistök eða vanrækslu í aðdraganda hrunsins, hafi borist nefndinni.

Um hvort enn sé stefnt að því að skýrslan komi út fyrir mánaðamót, segir hann að engin ákvörðun hafi verið tekin um annað. Síðar um daginn var tilkynnt um að andmælafrestur tólfmenninganna yrði lengdur um fimm daga, til 24. febrúar. - kóþ

**PÁLL HREINSSON** Segir leitt að hann geti ekki gefið meira upp að sinni, „en ímyndaðu þér, settu þig í mín spor, að geta ekki sagt orð og hafa verið með þessar upplýsingar í heilt ár!"

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lady 3 ltr.
Hágæða málning. Þekur í tveimur umferðum.
7122200-39

Skolvaskur
Plast
8031331

Blöndunartæki
Sole, með sveiflu
7900007

# ÓDÝRT
## FYRIR HEIMILIÐ

**FLOTTASTA** GRÆJAN Í DAG — NILFISK

Háþrýstidæla
Nilfisk, þvottabursti og pallakústur fylgja með
5254245

- 125 bör
- 8 m slanga
- 520 ltr/klst

**Þvottavél og þurrkari**
Frábær saman

Electrolux
3ja ára ábyrgð

Þvottavél 1805455 **95.900** ~~114.900~~

Þurrkari 1805461 **89.900** ~~109.900~~

Gólfflísar fyrir þvottahúsið bílskúrinn og geymsluna.
Frostþolnar, brúnt, grátt, beige
8630745-7

**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS**
AF PLASTPARKETI

Plastparket, eikarplanki
8mm eikarplankalíki.
Borðastærð 1.292x193x8mm
8630745-7

**Gildir 18 - 22 febrúar**
sjá nánar á www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 17.02.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,87 | 127,47 |
| Sterlingspund | 200,05 | 201,03 |
| Evra | 174,36 | 175,34 |
| Dönsk króna | 23,422 | 23,56 |
| Norsk króna | 21,71 | 21,838 |
| Sænsk króna | 17,735 | 17,839 |
| Japanskt jen | 1,3996 | 1,4078 |
| SDR | 195,42 | 196,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 230,4399

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skip HB Granda byrjuð að landa loðnu til hrognavinnslu á Akranesi:

# Frysting á loðnu er hafin uppi á Skaga

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrsta loðnufarminum var landað í gærkvöldi hjá landvinnslu HB Granda á Akranesi. Loðnuhrognavinnslan og frystingin útheimtir þrjátíu manns sem mun vinna hluta tímans á tvöföldum vöktum.

Loðnuskip HB Granda, Ingunn AK og Faxi RE, hafa verið að veiðum úti af Garðskaga og því er stutt að fara með hráefnið til vinnslu.

Að sögn Gunnars Hermannssonar, vinnslustjóra í hrognavinnslu HB Granda á Akranesi, er óvíst hve mikil hrognafyllingin er í loðnuaflanum sem fengist hefur síðustu daga en hann segir þó að þroski hrognanna skipti meira máli en sjálf hrognafyllingin.

„Hrognin þurfa að vera með svokallaðan 80 prósenta þroska hið minnsta til þess að þau séu hæf til frystingar fyrir Japansmarkaðinn. Minna þroskuð hrogn eru fryst fyrir Austur-Evrópumarkaðinn," segir Gunnar í viðtali á heimasíðu fyrirtækisins. Afköstin í hrognavinnslunni á Akranesi ráðast af frystigetunni en hún er um hundrað tonn á sólarhring. Afkastagetan í flokkun, skurði og hreinsun á hrognum fyrir þurrkun og frystingu er þó mun meiri, eða um 160 til 180 tonn á sólarhring. - shá

**INGUNN AK** Skip HB Granda hafa verið að veiðum við Garðskaga og Ingunn landaði 600 tonnum þar í gærkvöldi.

**SJÁLFSTÆÐI FAGNAÐ** Tvö ár liðin frá sjálfstæði Kosovo. NORDICPHOTOS7AFP

Forsætisráðherra Kosovo:

## Heimamenn ráða við verkið

**KÓSÓVÓ, AP Hasim Thaci, forsætisráðherra Kosovo, segir enga hættu á því að ástandið í landinu versni eftir að fækkað verður í herliði Atlantshafsbandalagsins, nú þegar tvö ár eru liðin frá því að landið lýsti yfir sjálfstæði.**

**Hann segir að öryggissveitir heimamanna, sem hermenn NATO hafa þjálfað til verka, eigi að vera fullfærar um að taka að sér „það hlutverk sem öryggissveitir hafa í sjálfstæðum ríkjum". Átta þúsund manna öryggissveitir landsins eru einkum skipaðar fyrrverandi uppreisnarmönnum, sem börðust gegn Serbum í Kosovo-stríðinu 1998-1999.** - gb

Hreindýraveiðarnar 2010:

## Aldrei meiri ásókn í leyfin

**VEIÐAR** Umhverfisstofnun hefur aldrei borist fleiri umsóknir um hreindýraveiðileyfi, en þau eru 3.800 alls. Endanlegur fjöldi umsókna liggur þó ekki fyrir, eins og Austurland.is segir frá.

Á veiðitímabilinu í ár er leyfilegt að veiða 1.272 dýr. Verð veiðileyfa ná allt frá 50.000 krónum fyrir kú upp í 125.000 krónur fyrir tarf. Dregið verður úr gildum umsóknum á laugardag. - shá

# Hugleiða að byggja hér lyfjaverksmiðju

**Valið stendur á milli Austur-Evrópu og Íslands með staðsetningu á verksmiðju sem samheitalyfjafyrirtækið Alvogen hyggst smíða á árinu, að sögn Róberts Wessman, starfandi stjórnarformanns Alvogen. Suðurnes koma helst til greina.**

**IÐNAÐUR** Bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Alvogen leitar að stað fyrir nýja verksmiðju sem fyrirhugað er að reisa. Að sögn Róberts Wessman, starfandi stjórnarformanns Alvogen, stendur valið helst á milli Austur-Evrópu og Íslands.

Tilkynnt var um kaup fjárfestingarsjóðs undir forystu Róberts Wessman á 30 prósenta hlut í Alvogen í júlílok í fyrra og jafnframt um þá stefnu að efla starfsemi fyrirtækisins enn frekar. Róbert segir reksturinn ganga vel og að félagið sé óðum að færa út kvíarnar, en auk starfsemi í Bandaríkjunum hafi verið opnaðar starfsstöðvar í Kína, Indlandi, Búlgaríu, Rúmeníu og Serbíu. Róbert segir félagið stefna í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja en vöxturinn verði þó yfirvegaður og varast verði mikla skuldsetningu. Hann segir innviði félagsins sterka og á því verði byggt.

**RÓBERT WESSMANN**

„Við stefnum á að hefja starfsemi í tíu löndum til viðbótar á þessu ári, auk þess sem við erum að skoða að bæta við verksmiðju hér á landi," segir Róbert, en hann kynnti annað verkefni til sögunnar í gær, heilbrigðisþjónustu sem starfrækt verður að Ásbrú í Reykjanesbæ.

„Verksmiðjan gæti mögulega orðið á Íslandi eða í Austur-Evrópu. Þeir staðir koma helst til greina," segir hann og bætir við að ef Ísland yrði fyrir valinu þá væru sterkar líkur á því að verksmiðjunni yrði fundinn staður á Suðurnesjum. „Við höfum átt í mjög góðu samstarfi við Reykjanesbæ," segir hann og kveðst einnig vilja leggja lóð sitt á vogarskálarnar við frekari atvinnuuppbyggingu þar, enda sé atvinnuleysi í einstökum landshlutum einna mest þar.

Samheitalyfjafyrirtækið Alvogen er með yfir 100 ára rekstrarsögu, en félagið sérhæfir sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja sem eru flókin í þróun og framleiðslu. Róbert Wessman var áður forstjóri samheitalyfjafyrirtækisins Actavis, en lét þar af störfum í ágústbyrjun 2008. - óká

**LYF** Samheitafyrirtækið Alvogen er með yfir hundrað ára rekstrarsögu og sérhæfir sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja.

> Verksmiðjan gæti mögulega orðið á Íslandi eða í Austur-Evrópu. Þeir staðir koma helst til greina.
>
> **RÓBERT WESSMAN**
> STJÓRNARFORMAÐUR ALVOGEN

Stimpingar eftir útvarpsþátt:

## Vildi heilsa að sjómannasið

**FÓLK** Ráðist var á útvarpsmanninn Guðmund Franklín Jónsson í húsakynnum Útvarps Sögu í gær. Var þar kominn Eiríkur Stefánsson, fyrrverandi verkalýðsforkólfur á Fáskrúðsfirði. Eiríkur hafði meðan á þættinum stóð hringt inn og borið upp spurningar en Guðmundur Franklín sleit símtalinu. Þegar þættinum lauk var Eiríkur mættur í húsakynni Útvarps Sögu.

**GUÐMUNDUR FRANKLÍN**

Illugi Gunnarsson alþingismaður og Grétar Mar Jónsson gengu á milli. Eiríkur lét hins vegar ekki þar við sitja og grýtti tölvu Guðmundar Franklíns í gólfið. Guðmundur ætlar ekki að kæra Eirík fyrir atlöguna. - aó

Tónlistarskólanefnd Álftaness:

## Hyggjast sitja frítt í nefndinni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL „Núverandi nefndarmenn afsala sér launagreiðslum vegna fundasetu í tónlistarskólanefnd frá og með 46. fundi og út kjörtímabilið," segir í bókun Karólínu Eiríksdóttur, Hjördísar Árnadóttur, Ingibjargar Guðjónsdóttur, Skarphéðins Jónssonar og Sveinbjargar Vilhjálmsdóttur sem öll sitja í tónlistarskóla Álftaness.**

**Á síðasta fundi sínum ræddi tónlistarskólanefndin áskorun frá Foreldra- og velunnarafélagi Tónlistarskóla Álftaness og lýstu nefndarmenn áhyggjum af fyrirhuguðum niðurskurði.** - gar


Sæktu um Staðgreiðslukort á olis.is og njóttu betri kjara

**3 kr. afsláttur** af eldsneytislítranum frá dæluverði.
**2,9 kr. (1,5%)** afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair.
**5% afsláttur** af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

-3kr. +Vildarpunktar Icelandair

Við höldum með þér!

olís

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.


## VEÐURSPÁ

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BÆTIR Í VIND** Það mun bæta smám saman í vind eftir því sem líður á daginn og í kvöld verður sums staðar kominn strekkingur einkum um landið austan- og norðvestanvert. Á morgun verður víða stífur vindur og él og því gæti færð sums staðar spillst.




**Á MORGUN** 8-15 m/s.

**LAUGARDAGUR** Stíf norðanátt allra austast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 6° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 7° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | -6° |
| París | 6° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *arn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Stærsta 3G dreifikerfið frá landnámi

Nú kemstu í háhraðanetsamband víðar en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni.

Kynntu þér 3G og 3G[L] dreifikerfið á siminn.is og sjáðu hvar þú kemst á netið í símanum og tölvunni.

Sími

Netið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

## KJÖRKASSINN

*Hefur þú hætt við utanlandsferð vegna hrunsins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,3% |
| NEI | 40,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú íhugað að flytja úr landi vegna hrunsins?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Ríkissaksóknari ákærir mann á þrítugsaldri fyrir tvær líkamsárásir:

# Beitti grjóthnullungi á mann

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að berja annan mann ítrekað með grjóthnullungi. Ríkissaksóknari höfðar mál á hendur manninum fyrir Héraðsdómi Vestfjarða og er hann ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Árásin átti sér stað á Pollgötu við Edinborgarhúsið á Ísafirði. Maðurinn sló fórnarlambið föstum höggum með grjóthnullungi. Flest lentu höggin á líkama þess sem fyrir árásinni varð. Árásarmaðurinn sló hann þó einnig einu sinni í hnakka og öðru höggi í andlit. Maðurinn vankaðist við höggin, hlaut skurð á ennið og fleiri áverka á líkama og höfði, þar á meðal bólgur á enni og hnakka. Þá er sami maður ákærður fyrir að hafa nokkru síðar ráðist á mann á Fagranesbryggju við Pollgötu á Ísafirði. Hann kýldi fórnarlambið tvisvar í andlitið og dró hann síðan út úr kyrrstæðum bíl. Fórnarlambið lenti með höfuðið í jörðinni og hlaut talsverða áverka, þar á meðal mikið tætt skurðsár á neðri vör. Þá vankaðist hann við höggin. Krafist er refsingar yfir árásarmanninum, svo og greiðslu alls sakarkostnaðar. - jss

**ÍSAFJÖRÐUR** Báðar árásirnar áttu sér stað á Ísafirði.

Höfuðborgarsvæðið:

## Kona handtekin fyrir fjársvik

**LÖGREGLUMÁL** Kona á þrítugsaldri var handtekin fyrir fjársvik á gististað á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag. Hún notaði stolið greiðslukort til að borga fyrir gistinguna. Í herbergi hennar fundust munir sem hún gat ekki gert grein fyrir.

Þá bárust tilkynningar um innbrot í átta bíla í Reykjavík í fyrradag. Úr þeim var meðal annars stolið fartölvu, myndavél, radarvara og greiðslukorti. Sem fyrr ítrekar lögreglan að verðmæti séu ekki skilin eftir í bílum. Sé það óumflýjanlegt er mikilvægt að slíkir hlutir séu ekki í augsýn. - jss

**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Þingmaðurinn situr í nefnd sem fjalla á um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Nefnd um bankahrunsskýrslu:

## Ragnheiður íhugar enn

**STJÓRNMÁL** **Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, íhugar enn hvort hún upplýsi um prófkjörskostnað sinn og þá sem styrktu hana fyrir prófkjör vegna alþingiskosninga 2007.**

**Ragnheiður var nýskeð skipuð í nefnd sem á að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, í stað Ásbjörns Óttarssonar.**

**Hún ákvað á sínum tíma að skila upplýsingunum ekki. Síðar hefur hún sagt að yrði þetta til að draga setu hennar í nefndinni í efa muni hún endurskoða þá ákvörðun. Skýrslan á að koma út í mánuðinum.** - kóþ

**ÞÝSKALAND**

### Verkfall hjá Lufthansa

Flugmenn þýska flugfélagsins Lufthansa samþykktu að fara í fjögurra daga verkfall í næstu viku til að mótmæla launasamningum og áformum um að flytja verkefni til undirverktaka sem borga lægri laun.

**SVEITARSTÓRNIR**

### Ísfirsk framboð fá styrki

Stjórnmálasamtök sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn Ísafjarðar fá samtals 750 þúsund krónur í styrk úr bæjarsjóði á þessu ári. Fénu er skipt milli framboða eftir atkvæðafjölda í síðustu kosningum og fær Sjálfstæðisflokkurinn 325 þúsund krónur, Framsóknarflokkurinn 119 þúsund og Ísafjarðarlistinn 306 þúsund.

**ALÞINGI**

### Röng forgangsröðun á RÚV

Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi á Alþingi í gær að til stæði að segja upp fjölda starfsmanna fréttastofu og landshlutastöðvum RÚV á meðan 26 manns ynnu á markaðsdeild stofnunarinnar. Það skyti skökku við á tímum þegar efla þyrfti fréttaflutning.

# Ísraelsk stjórnvöld vilja engu svara

**Böndin berast enn frekar að ísraelsku leyniþjónustunni eftir því sem fleira kemur í ljós um morðið á Hamas-manninum Al-Mabhouh í Dúbaí í janúar. Ísraelar gagnrýna leyniþjónustuna fyrir að stofna íbúum landsins í hættu.**

**ÍSRAEL, AP** Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, neitar því ekki að ísraelska leyniþjónustan Mossad hafi staðið að morði á háttsettum Hamas-manni á hótelherbergi í Dúbaí í janúar.

Hann segir einungis að ekkert bendi til þess, en viðurkennir um leið að það sé stefna ísraelskra stjórnvalda að svara engu um starfsemi leyniþjónustunnar, hvorki staðfesta né neita neinu.

„Engin ástæða er til að halda að það hafi verið ísraelska leyniþjónustan Mossad, frekar en einhver önnur leyniþjónusta eða annað land er illt bruggar," er það eina sem hann vill segja um málið.

Lögreglan í Dúbaí hefur birt myndir, nöfn og vegabréfsnúmer ellefu manna sem lýst er eftir í tengslum við morðið á Mahmoud al-Mabhouh, sem ísraelsk stjórnvöld segja hafa stundað vopnasmygl fyrir Hamashreyfingu Palestínumanna.

Einnig hafa verið birtar myndir af þessu fólki úr öryggismyndavélum frá Dúbaí.

Vegabréf mannanna voru öll evrópsk, sex bresk, þrjú írsk, eitt franskt og eitt þýskt. Bresk og írsk stjórnvöld hafa kannað málið og segjast engin vegabréf hafa gefið út á þessum nöfnum. Þau hljóti að vera fölsuð.

Komið hefur í ljós að nöfn að minnsta kosti sjö vegabréfshafanna eru nöfn á ísraelskum ríkisborgurum, sex sem eru aðfluttir frá Bretlandi og einum sem er aðfluttur frá Bandaríkjunum. Þeir segjast hvergi hafa komið nærri og myndirnar á vegabréfunum eru ekki af þeim, þótt nöfnin og vegabréfsnúmerin stemmi.

„Ég veit ekki hvernig þeir komust yfir persónuupplýsingar mínar, eða hver tók þær," segir einn þeirra, Stephen Hodes, og bætir því við að hann sé skelfingu lostinn. „Þetta eru hættuleg öfl."

Ísraelska leyniþjónustan hefur sætt töluverðri gagnrýni í Ísrael eftir að þetta mál komst í hámæli, einkum fyrir að stofna ísraelskum ríkisborgurum í hættu með því að nota nöfn þeirra til verka af þessu tagi.

Þingmaðurinn Yishrael Hasson, fyrrverandi aðstoðaryfirmaður ísraelsku öryggislögreglunnar Shin Bet, krefst þess að utanríkis- og varnarmálanefndir þingsins taki málið fyrir.

Ísraelska leyniþjónustan Mossad hefur áður verið sökuð um að nota fölsuð skilríki. Árið 2005 báðu ísraelsk stjórnvöld ríkisstjórn Nýja-Sjálands afsökunar eftir að tveir Ísraelar hlutu fangelsisdóm í Nýja-Sjálandi fyrir að hafa reynt að stela nýsjálenskum vegabréfum. gudsteinn@frettabladid.is

**SÁUST Í ÖRYGGISMYNDAVÉLUM** Tveir hinna grunuðu á gangi hótelsins þar sem Mahmoud al-Mabhouh var myrtur. NORDICPHOTOS/AFP

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ

KARLAR
Fimmtudagur

| | | |
|---|---|---|
| Mýrin | Stjarnan - Akureyri | 18:30 |
| Framhús | Fram - Valur | 19:30 |
| Seltjarnarnes | Grótta - FH | 19:30 |

RSÍ krefst ...

... samvinnu ríkis og lífeyrissjóða
um arðbærar framkvæmdir
til að auka atvinnu.

Nánari upplýsingar á www.asi.is

ENNEMM / SÍA / NM40924

Bæjarstjórn Hveragerðis gagnrýnir niðurskurð hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands:

# Telur vegið að jafnræði landsmanna

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarstjórn Hveragerðis kveðst hafa miklar áhyggjur af 130 milljóna króna viðbótarniðurskurði á framlögum til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

„Er það alveg ljóst að slíkur niðurskurður kemur til með að hafa gríðarleg áhrif á þjónustu við íbúa svæðisins," segir bæjarstjórnin sem fullyrðir að ekki hafi verið með óyggjandi hætti hægt að sýna fram á hagræðingu niðurskurðarins. Meðal annars hafi þurft að leggja af vaktir fæðingar- og svæfingarlækna, draga úr umsvifum sjúkraflutninga og loka heilsugæslustöðvum á Eyrarbakka og Stokkseyri. „Með tilflutningi á þjónustu til höfuðborgarsvæðisins er ekki einungis verið að skerða þjónustu við íbúa heldur einnig að auka kostnaðarhlutdeild þeirra," segja Hvergerðingar.

Þá segir bæjarstjórnin að gæta þurfi þess að íbúar á landsbyggðinni sitji við sama borð og höfuðborgarbúar þegar komi að öryggi og kostnaði við heilbrigðisþjónustu. „Ljóst er að með ofangreindum niðurskurði er verulega vegið að jafnræði landsmanna, ekki síst Sunnlendinga sem þurfa um fjallveg að fara þegar allra veðra er von," segir bæjarstjórnin sem þakkar stjórnendum og starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands „þá þrautseigju og þá útsjónarsemi sem það hefur sýnt við erfiðar aðstæður". - gar

**HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS** Bæjarstjórn Hveragerðis segir sjúkrastofnunina eiga að spara 130 milljónir í ár ofan á niðurskurðarkröfur sem mætt hafi verið í fyrra.

# Afnemum VSK
## af öllum skóm

NÝTT KORTA TÍMABIL

# Skóaðu þig upp!
## skór á alla fjölskylduna

Be Wild! Footwear · DreamTeam · VAGABOND · ecco · aze · STUDIO London · FILANTO · bullboxer · viking · true · Reebok · LATI BÆR · Barbie · melania · grisport · Waterland · SPIDERMAN · DORA

Gildir til 21. febrúar eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir þýska freigátan sem hefur legið í Reykjavíkurhöfn síðustu daga?*

2 *Hversu margir erlendir ríkisborgarar fluttu frá landinu í fyrra, umfram aðflutta?*

3 *Hvað heitir leiðtogi Norður-Kóreumanna?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Iðnaðarráðherra segir undirbúning framkvæmda á Norðausturlandi ganga vel:

# Verði hluti af þjóðhagsspá

**ORKUMÁL.** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra býst við að tekið verði tillit til stórframkvæmda á Norðausturlandi við næstu endurskoðun þjóðhagsspár.

Endurskoðuð spá liggur ekki fyrir þetta ár. Þetta er í fyrsta skipti frá 2003 sem endurskoðuð spá er ekki gefin út í janúar.

„Ég trúi ekki öðru en að þær verði hluti af forsendum þjóðhagsspár við næstu endurskoðun," segir Katrín, spurð um stöðu verkefna á sviði orkufreks iðnaðar og raforkukerfis á Norðausturlandi, sem hún segir ganga vel. Unnið er að stofnun félags um fjármögnun orkuframkvæmda og leitað er að áhugasömum orkukaupendum. Stefnt er að því að semja við kaupendur um orkuna fyrir lok október í ár. Fyrir liggur áhugi Alcoa á að reisa 360.000 tonna álver við Bakka.

Fyrir helgi gaf iðnaðarráðuneytið frá sér yfirlýsingu um verkefni, sem standa eigi undir 400 milljarða fjárfestingu í orkufrekum iðnaði og raforkukerfinu fram til 2017. Þar var verkefna nyrðra ekki getið. Katrín segir að í yfirlýsingunni hafi aðeins verið gert ráð fyrir þeim raforkuframkvæmdum sem liggja til grundvallar núgildandi þjóðhagsspám. Þær framkvæmdir tengist allar álveri í Helguvík. - pg

**BAKKI** Lóðin við Bakka í Tjörneshreppi, þar sem stefnt er að álveri eða öðrum orkufrekum iðnaði.

Kannabisræktun stöðvuð:

# Vímuð kona með barn í bíl

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í bílskúr í Hafnarfirði í gær. Við húsleit var lagt hald á tíu kannabisplöntur og ýmsan búnað sem tengdist starfseminni. Karlmaður um fertugt var handtekinn. Hann játaði aðild sína að málinu.**

**Þá voru fimm ökumenn teknir í Reykjavík í fyrradag og fyrrinótt fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Einn þeirra hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. Þetta voru tveir piltar um tvítugt og karl á sextugsaldri og tvær konur á þrítugsaldri. Önnur kvennanna lenti í umferðaróhappi, en hún var með barn sitt í bílnum.** - jss

**GLÆSILEGT VIÐBÓT** Skipið leysir af eldra skip fyrirtækisins. MYND/SAMHERJI

Dótturfélag í fjárfestingum:

# Samherji bætir skipi í flotann

**SJÁVARÚTVEGUR** Onward Fishing Company, dótturfélag Samherja í Bretlandi, hefur fest kaup á rækjutogaranum Fríðborg frá Færeyjum. Skipið er ísstyrkt og sérútbúið til rækjuveiða.

Haraldur Grétarsson, framkvæmdastjóri Onward Fishing Company, segir á heimasíðu fyrirtækisins mjög ánægjulegt að taka við nýju skipi. Áætlað er að Onward taki við skipinu í lok mars og að það verði gert út á rækju- og bolfiskveiðar. - shá

Fyrirtækið Vodafone hefur ákveðið að bregðast við vanþóknun notenda:

# Vodafone hættir að dreifa erótísku efni

**UPPLÝSINGATÆKNI** Vodafone hefur ákveðið að hætta dreifingu og sölu á öllu erótísku efni í gegnum vefgátt fyrir farsíma. Sömuleiðis verður hætt að bjóða svokallað erótískt efni á Leigunni, sem er stafræn leiga á myndefni fyrir sjónvarp.

Fyrirtækið greindi frá ákvörðun sinni í fréttatilkynningu í gær, en þá var dreifingu efnisins jafnframt hætt.

„Nokkur umræða hefur spunnist um dreifingu á djörfu efni að undanförnu og hafa spjótin beinst að Vodafone fyrir að dreifa þannig efni," segir í tilkynningunni og er frá því greint að nokkrir viðskiptavinir hafi haft samband við fyrirtækið og látið í ljós vanþóknun sína á að fyrirtækið dreifi slíku efni. „Vodafone hefur meðtekið þessi skilaboð frá viðskiptavinum og samfélaginu og tekið þá ákvörðun að hætta allri sölu á slíku efni," segir þar jafnframt. Úr farsímum Vodafone er aðgangur að fréttum, veðri og íþróttum í gegnum vefgátt Vodafone sem nefnist Vodafone live, en þar hefur þangað til í gær einnig verið hægt að kaupa erótískt myndefni frá efnisveitum utan úr heimi. Þá er í gagnvirku sjónvarpi Vodafone starfrækt Leigan (svokölluð VOD þjónusta, eða *video on demand*). „Þar hefur verið að finna erótískt efni eftir pöntun. Með þessari ákvörðun Vodafone verður slíkt efni ekki lengur í boði á vefgátt fyrirtækisins eða í stafrænni leigu í sjónvarpinu." - óká

**KLÁM Á SKJÁ** Vodafone á Íslandi segist ekki lengur selja erótískt efni. Slíkt efni hefur líka verið til sölu í Sjónvarpi Símans í gegnum áskriftapakka og aðgang á vídeóleigunni SkjáBíói. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.




GREIÐSLU SKJÓL 3+1

**Greiðsluskjól 3+1** er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækkunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðsluþunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- **3+1**. Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.**

*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. ** Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Í boði er 110% veðsetningarþak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

**Greiðslujöfnun** erlendra lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.

Pantaðu viðtal í síma 540-5000 eða í gegnum vefsíðuna okkar, www.frjalsi.is.
Opið í afgreiðslu Lágmúla 6, 108 Reykjavík, 12.00-15.00 virka daga.
Skiptiborð opið kl. 10-12 og 13-15.

Hafðu samband – við finnum leið!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

ARGUS / 10-0003

# Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Fáðu þér nýrri og betri notaðan bíl

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Land Cruiser 100**
4700 bensín sjálfsk.
Á götuna: 02.06 Ekinn: 63.300 km
Verð: 6.690.000 kr. Skr.nr. NV 078

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Corolla S/D Terra**
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 60.000 km
Verð: 2.260.000 kr. Skr.nr. KX 753
Betra verð: 1.930.000 kr.

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

**Nissan Pathfinder LE**
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 67.000 km
Verð: 4.990.000 kr. Skr.nr. LZ 545
Betra verð: 3.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 54.200 km
Verð: 6.590.000 kr. Skr.nr. SO 005

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Rav4 GX**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 78.000 km
Verð: 3.110.000 kr. Skr.nr. NT 902

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Corolla S/D Luxury**
1600 bensín beinsk. MM
Á götuna: 05.07 Ekinn: 31.000 km
Verð: 3.090.000 kr. Skr.nr. UP 968

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

**Lexus IS200**
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 09.04 Ekinn: 61.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. LO 784

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Rav4**
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: .101.200 km
Verð: 2.180.000 kr. Skr.nr. YI 021
Betra verð: 1.890.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Verso Terra**
1600 bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 29.600 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. YVA 75

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Mercedes Bens ML 350**
3500 bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 77.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. RGR 59

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**VW Golf**
1600 bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 50.000 km
Verð: 2.140.000 kr. Skr.nr. RE 727
Betra verð: 1.790.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Land Cruiser 100**
4700 bensín sjálfsk. sóllúga
Á götuna: 05.05 Ekinn: 80.300 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. ZR 843

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 dísil beinsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 90.500 km
Verð: 5.690.000 kr. Skr.nr. VJ 505
Betra verð: 4.990.000 kr.

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.05 Ekinn: 175.500 km
Verð: 1.770.000 kr. Skr.nr. OO 889

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 105.000 km
Verð: 5.930.000 kr. Skr.nr. ON 301

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Auris Terra**
1400 dísil 5 gíra beinsk.
Á götuna: 06.08 Ekinn: 41.600 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. MHN 73

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar.
Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

3+2
Toyota býður 2 ára viðbótarábyrgð á Toyota og Lexus bílum yngri en 4 ára.
2 ára viðbótarábyrgð fyrir þig
Kynntu þér málið á www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5220**

**www.toyotakopavogi.is - www.bnb.is**

**FJÖLDABRÚÐKAUP Í SUÐUR-KÓREU** Sjö þúsund pör gengu samtímis í hnapphelduna í Suður-Kóreu, eins og nokkur hefð er fyrir þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar í Úkraínu:

## Birtingu úrslita frestað um sinn

**ÚKRAÍNA, AP** Dómstóll í Úkraínu hefur frestað formlegri birtingu úrslita úr forsetakosningunum, sem fóru fram 7. febrúar, meðan framkvæmd kosninganna verður könnuð betur.

**JÚLÍA TÍMÓSJENKÓ**

Yfirkjörstjórn hafði lýst því yfir að Viktor Janúkovitsj, fyrrverandi forsætisráðherra, hefði borið sigur úr býtum. Kosningaeftirlitsmenn á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu höfðu sagt kosningarnar hafa farið vel fram. Mótframbjóðandinn Júlía Tímósjenkó, núverandi forsætisráðherra, hefur hins vegar ekki viðurkennt þessi úrslit og kært niðurstöðuna. - gb

# Lögreglan verður að gæta meðalhófs við fíkniefnaleit

**Lögregla hefur heimildir til leitar, en fara verður að meðalhófssjónarmiðum að sögn lögfræðings Persónuverndar. Umboðsmaður hefur leitað skýringa hjá lögreglustjóra á fíkniefnaleit lögreglu í Tækniskólanum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Lögregla hefur ákveðnar heimildir til leitar. Þarna reynir á hvort tilteknið ákvæði sakamálalaganna á við. Sé það svo verður að fara að meðalhófssjónarmiðum, í ljósi þess að um sé að ræða aðgerð sem felur í sér íhlutun í friðhelgi einstaklingsins.“ Þetta segir Þórður Sveinsson, lögfræðingur Persónuverndar.

Umboðsmaður Alþingis, Róbert R. Spanó, hefur óskað eftir tilteknum upplýsingum og skýringum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu vegna fíkniefnaleitar í Tækniskólanum í Reykjavík fyrir réttri viku.

„Ég óska þess að vera upplýstur um aðdraganda þess að leit var gerð í Tækniskólanum í Reykjavík 11. febrúar sl. og eftir nánari upplýsingum um það hvernig sú leit fór fram,“ segir í bréfi umboðsmanns. „Óska ég þá meðal annars eftir upplýsingum um hvert hafi verið tilefni leitarinnar og hvaða gögn og upplýsingar lögreglan hafi lagt til grundvallar þegar tekin var ákvörðun um að leita í Tækniskólanum í Reykjavík umræddan dag. Hef ég jafnframt í huga hvort leitað hafi verið „á nemendum“ eins og kemur fram í einni af ofantilvitnaðri frétt, í skápum þeirra, skólatöskum o.þ.h.“

Þá óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um á hvaða lagagrundvelli umrædd aðgerð byggðist á og þá meðal annars að virtri grundvallarreglu stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Hann vísar annars vegar til laga um meðferð sakamála í því tilliti og óskar eftir „…nánari rökstuðningi á því hvernig skólastofnun af því tagi, sem var vettvangur umræddrar aðgerðar, gæti talist „[húsakynni] sem [væru] opin almenningi eða hver og einn geti átölulaust gengið um“.

„Við munum upplýsa umboðsmann Alþingis um öll þau atriði sem hann spyr um,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um málið. jss@frettabladid.is

**TÆKNISKÓLINN** Umboðsmaður Alþingis hefur leitað skýringa hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu varðandi fíkniefnaleitina í Tækniskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Stjórnarskrá og sakamálalög

„Leit er heimil án dómsúrskurðar á víðavangi og í húsakynnum eða farartækjum, sem eru opin almenningi eða hver og einn getur átölulaust gengið um.“

**Friðhelgi einkalífsins**

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“

**Regla um meðalhóf**

„Þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur.“

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Í dag hefst Fræðaþing landbúnaðarins í Bændahöllinni.

Þar koma saman ýmsir aðilar sem starfa í íslenskum landbúnaði og kynna störf sín. Á Fræðaþingi í ár er m.a. fjallað um fæðuöryggi og mikilvægi þess, sjálfbæra orkuvinnslu, tækifæri í matvælaframleiðslu og erfðafjölbreytileika búfjár.

Fræðaþing landbúnaðarins er haldið dagana 18. og 19. febrúar í Bændahöllinni og er opið öllum áhugasömum. Að þinginu standa auk Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna, Landbúnaðarháskóli Íslands, Matvælastofnun, Landgræðsla ríkisins, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun, Hagþjónusta landbúnaðarins og Matís.

Hægt er að nálgast dagskrá Fræðaþings og nánari upplýsingar um skráningu á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is.

*Þekking, reynsla og fagmennska er búmannsháttur nútímans*

**YOKO ONO** Kveikt verður á friðarsúlunni í Viðey í dag.

Kveikt á friðarsúlunni í Viðey:

## Yoko Ono 77 ára í dag

**FÓLK** **Í tilefni af 77 ára afmæli Yoko Ono verður kveikt á friðarsúlunni í Viðey í dag. Yoko Ono fæddist í Tókíó 1933 en fluttist til Bandaríkjanna eftir síðari heimsstyrjöld og giftist John Lennon árið 1969. Saman vöktu þau hjónin mikla athygli með friðarboðskap sínum og mannréttindabaráttu. Kveikt var á súlunni í fyrsta sinn á afmælisdegi Lennons 9. október 2007 og logaði ljósið til 8. desember og er þetta gert ár hvert. Friðarsúlan er reist til minningar um Lennon sem féll fyrir morðingjahendi hinn 8. desember 1980.**

Lýðheilsustöð og Reyksíminn:

## Verðlaun fyrir bestu söguna

**VIÐURKENNING** Rún Kristinsdóttir bar sigur úr býtum í verðlaunasamkeppninni Reyklaus 2009 sem fram fór á vegum Lýðheilsustöðvar og Reyksímans í annað sinn. Valið var úr innsendum reynslusögum fólks sem hætti að reykja á fyrri hluta árs 2009. Saga Rúnar verður framlag Íslands í keppninni í Barcelona í lok febrúar. Sigurvegarinn í Barcelona fær ferðaávísun upp á 5.000 evrur í verðlaun og er því til mikils að vinna.

Olía við Falklandseyjar:

## Bretar ósáttir við Argentínu

**BRETLAND, AP** Bretar og Argentínumenn eru enn komnir í hár saman út af Falklandseyjum, eyjaklasa í sunnanverðu Atlantshafi sem nú hefur orðið mikilvægari en áður vegna olíulinda sem þar kynnu að leynast undir sjávarbotni.

Bretar fóru í stríð við Argentínu árið 1982 út af yfirráðum yfir eyjunum, og höfðu betur í krafti hernaðarstyrks. Bretar eru þó farnir að verða varir um sig á ný eftir að Christina Fernandez, forseti Argentínu, tilkynnti í vikunni að leyfi þurfi frá Argentínu fyrir allar skipaferðir frá Suður-Ameríku til Falklandseyja. - gb

Fyrrum nemandi Háskólans á Bifröst segist hafa lokið meistaranámi þótt skólinn hafi fellt gráðuna úr gildi:

# Hefur ekki kært niðurstöðu skólans

**MENNTAMÁL** Lögfræðingur sem uppvís varð að ritstuldi í meistararitgerð sinni er enn sagður hafa lokið meistaranámi við Háskólann á Bifröst á vef fyrirtækis hans þrátt fyrir að háskólinn hafi fellt meistaragráðuna úr gildi í janúar.

„Það er enn verið að skoða málið," segir Jón Halldór Guðmundsson. Hann segir fullyrðingu á vef fyrirtækisins ekki beinlínis ranga. „Ég er búinn að ljúka meistaranáminu, ég er viðskiptalögfræðingur og þetta hefur engin áhrif á mitt starf."

Hann segist enn ekki hafa tekið ákvörðun um hvort hann hyggist kæra niðurstöðu háskólans til menntamálaráðuneytisins.

Í samtali við Fréttablaðið í janúar hafnaði hann því alfarið að hafa stundað ritstuld. Hann rekur fyrirtækið Skattar – ráðgjöf og aðstoð, þar sem upplýsingar um menntun hans koma fram.

Ágúst Einarsson, rektor við Háskólann á Bifröst, segir málinu lokið af hálfu skólans, meistaragráðan hafi þegar verið felld úr gildi og því ekki eðlilegt að Jón Halldór segist vera með meistaragráðu frá skólanum.

Sérfræðingar skólans, sem og utanaðkomandi sérfræðingur, komust að þeirri niðurstöðu að Jón Halldór hafi „óumdeilanlega" lagt stund á ritstuld í meistararitgerð sinni, gegn neitun Jóns. - bj

**BIFRÖST** Jón Halldór Guðmundsson hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann hyggist kæra niðurstöðu Háskólans á Bifröst til menntamálaráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÓLAFSVÍK** Snæfellingar eru áhugasamir um stangveiði frá ströndum.

Jökull í Snæfellsbæ:

## Tækifæri falin í veiði frá strönd

**ATVINNUMÁL Bæjarblaðið Jökull í Snæfellsbæ segir kynningarfund um strandstangveiði sem haldinn var í bænum fyrr í mánuðinum hafa leitt í ljós mikinn áhuga á þessu máli.**

**Góð mæting hafi verið frá hagsmunaaðilum eins og jarðeigendum og fólki úr ferðaþjónustu. Farið hafi verið með leiðbeinanda að Mávarifi og hann kastað færi sínu jafnvel hundruð metra á haf út. Ekki fór þó sögum af aflabrögðum. „Hérna er komið tækifæri sem getur nýst sem ný dægradvöl en einnig til atvinnusköpunar og nú er það okkar að grípa tækifærið og nýta okkur það til góða," segir í Jökli.** - gar

**LÖGREGLAN** Herðir eftirlit með umferðinni.

Hert eftirlit lögreglu:

## Stefnuljós og svigakstur

**LÖGGÆSLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun á næstu fjórum vikum leggja áherslu á eftirlit með stefnuljósanotkun ökumanna.

Lögreglan mun einnig fylgjast með svokölluðum svigakstri í þéttri umferð þar sem ökutækjum er ekið milli akreina yfir hámarkshraða, gjarnan án þess að stefnumerki séu gefin. Slíkur akstur truflar aðra ökumenn og skapar hættu. Lögreglan hvetur ökumenn til að sýna hver öðrum þá tillitssemi sem þeim ber í umferð, hvort heldur það lýtur að notkun stefnuljósa eða ógætilegum akstri. Brot varða sektum. - jss

NÝTT
Sálfræðiþjónusta á Skype og veraldarvefnum um allt land og erlendis.
Psychologist on-line through the Skype and the Internet.
Ágústína Ingvarsdóttir
GSM +354-663 8927
agustina@life-navigation.com

Kíktu í heimsókn - allir velkomnir

Við bjóðum þér að líta við í útibúi okkar í Garðabæ og kynna þér þá þjónustu sem við höfum í boði.

Sérfræðingur um **Meniga** verður á staðnum milli kl. 16 - 20 og fræðir gesti og gangandi um þetta byltingarkennda heimilisbókhald. Meniga inniheldur fjölmargar nýjungar sem ekki hafa þekkst áður svo sem:

- Sjálfvirka fjárhagsáætlun
- Samanburð við aðra notendur
- Sparnaðarráð og margt fleira

Við verðum með heitt á könnunni og tökum vel á móti þér.

Kveðja,
starfsfólk Íslandsbanka í Garðabæ.

HVÍTA HÚSI /SÍA 10-0274

Garðatorgi 7 - 210 Garðabær
Sími 440 4000
www.islandsbanki.is

Íslandsbanki

## „ORÐRÉTT“

*Þröngt mega sáttir sitja*

**„Hún vildi sitja í mínu sæti til eilífðar.“**

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARFULLTRÚI

DV 17. febrúar.

*En kvenmannsfötum?*

**„Ég er svolítið svag fyrir rifnum kvenmannsröddum.“**

ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON TÓNLISTARMAÐUR

Fréttablaðið 17. febrúar

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON FJÖLMIÐLAMAÐUR

# *Gefur öðruvísi kreppumynd*

„Hér er allt á fullum krafti. Við erum að klára myndina okkar og frumsýnum 25. febrúar,“ segir fjölmiðlamaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson um heimildarmyndina Burkina Faso 8600 km sem hann hefur síðastliðið ár unnið í félagi við Veru Sölvadóttur.

Burkina Faso 8600 km fjallar um hjónin Hinrik og Gullý úr Fljótshlíðinni sem finna ráð við því hvernig fjármagna má barnaskóla í fjarlægu landi í fjárþurrð. Þau kaupa tvo notaða Toyota-jeppa með afslætti í Reykjavík og láta flytja þá með skipi til Rotterdam í Hollandi. Síðan aka þau jeppunum ásamt félaga sínum Paolo frá Brasilíu en er búsettur á Hvolsvelli niður til Burkina Faso í Afríku. Þar reka hjálparsamtökin ABC skóla. Þremenningarnir selja annan jeppann og gefa skólanum.

Þorsteinn segir þetta annars konar mynd um efnahagsástandið. „Hún er eiginlega um afstöðu, samanburð á tveimur heimum. Um það hvað hægt er að gera þegar ekkert virðist hægt. Burkina Faso hefur lengi verið þriðja fátækasta ríki í heimi. En það er erfitt að segja hvar Ísland er í raun,“ segir hann.

Þau Þorsteinn og Vera snúa hlutunum svolítið á hvolf. Myndin, sem kvikmyndagerðarfólkið fjármagnaði sjálft, verður frumsýnd á vefsvæði Þorsteins áður en hún kemur á markað. Þar verður hún ókeypis. Þorsteinn segir ástæðuna einfalda: „Þetta er flott mynd, sem verður að sjá strax. Ef hún fer í sjónvarp færi hún inn í vetrardagskrá og kæmi síðan út í DVD-formi. Nú verður það seinni tíma mál,“ segir Þorsteinn.

## SAUÐFÉ

### LITRÍKARA HÉR Á LANDI

Á 19. öld fylltust bændur í Evrópu áhuga á því að hreinrækta stofna. Í því fólst meðal annars í að láta kindur verða sem allra líkastar hvora annarri í útliti og vexti. Þetta varð til þess að víða erlendis var mislitum kindum nánast útrýmt. Þessi ræktunarstefna náði aldrei fótfestu hér á landi.

Það var trú manna ef jörð var hvít um fengitímann að flest lömbin yrðu þá hvít um vorið. Ef hún var rauð urðu mörg lömb mórauð, grá og svört, en ef jörð var flekkótt mátti eiga von á mörgum mislitum lömbum.

Mórauði liturinn skipar sérstakan sess í þjóðsögum. Margar sagnir fjalla um mórautt fé og yfirnáttúruleg fyrirbæri. Grátt græðir, svart særir, hvítt gerir hvorugt en mórautt myrðir, segir máltækið.

**TUNGUTAK**

## *Hvimleiður er öllum til ama*

**Hvimleitt er það sem menn eru orðnir langþreyttir á og hafa af mikinn ama. Síðari hluti orðsins er algengur og þekktur. En hvað skyldi þetta *hvim* vera? Það þarfnast nokkurrar skýringar. Áður fyrr var orðið einum bókstaf lengra, sá sem nú er hvimleiður var á þeim tíma *hveimleiður*. Orðið hefur síðan tekið breytingum.**

**Orðið var í þá daga samsett úr *hveim* og *leiður*. Ekki er þó víst að það hjálpi öllum að átta sig á merkingunni, enda er *hveim* beygingarmynd sem horfið hefur úr íslensku máli.**

**Hveim er nefnilega gömul þágufallsmynd fornafnsins hver, sem í nútímamáli er *hverjum*. Þá var algengt að nota orðið *hver* á sama hátt og við notum orðið *sérhver* nú til dags.**

**Orðið hvimleiður merkir því upphaflega *hverjum leiður*, og er það átt við að sá sem er hvimleiður sé sérhverjum leiður, eða öllum til ama.** - sh

**KYNNING Í RÁÐHÚSINU** Ungt fólk getur kynnt sér möguleika framtíðarinnar þegar háskólarnir kynna námsframboð næsta árs á kynningum víðsvegar um land á laugardaginn.

# Háskólarnir kynna námsframboð

**Háskólar landsins kynna námsframboð næsta skólaárs laugardaginn 20. febrúar og fer kynningin fram á tveimur stöðum í borginni. Framhaldsskólanemar sem útskrifast í vor geta því með hægu móti orðið sér úti um upplýsingar um stefnu framtíðarinnar.**

Í Ráðhúsi Reykjavíkur verða Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Háskóli íslands verður með kynningu á Háskólatorgi, Gimli og í Odda í Háskóla Íslands og á sama tíma verður kynning á dönskum og sænskum háskólum í Norræna húsinu. Þar verða einnig íslenskir námsmenn sem stundað hafa nám við skólana, ásamt fulltrúa frá danska menntamálaráðuneytinu til skrafs og ráðagerða.

Á háskóladaginn geta nemendur framhaldsskólanna og aðrir námsþyrstir átt þess kost að fá beint í æð upplýsingar frá nemendum, kennurum og námsráðgjöfum skólanna auk þess sem kynnt verður margvísleg þjónustustarfsemi við nemendur, svo sem sértæk námsúrræði, lánamál og húsnæðismál. Nokkuð er um að foreldrar fylgi afkvæmunum á kynninguna þegar þau kynna sér stefnu framtíðarinnar: verkfræði, læknisfræði, heimspeki eða tungumál? Gert er ráð fyrir rúmlega 3.000 gestum á kynninguna, enda þiggja margir persónulega ráðgjöf þegar verið er að taka eina stærstu ákvörðun lífsins. Ekki er heldur hægt að kvarta undan fábreytni, því kynntar verða yfir 500 námsleiðir, allt frá hrossarækt til myndlistar.

„Námsleiðum við HÍ hefur fjölgað mjög undanfarin ár og margar styttri námsleiðir orðið til sem er ánægjuleg þróun og í takt við þróun samfélagsins“ segir Dagný Ósk Aradóttir Pind, verkefnisstjóri á markaðs- og samskiptasviði HÍ. Námskeiðum hefur einnig fjölgað og meira er orðið um þverfaglegar námsleiðir sem eykur á valmöguleika nemenda.

Dagný segir að í fyrra hafi gestir á kynningardeginum verið fleiri en í hittifyrra, og telur líklegt að þeim fjölgi enn í ár.

Í sumum deildanna verður boðið upp á skemmtiatriði og má meðal annars nefna að djarfur hópur efnafræðinema við HÍ stendur fyrir háskasýningum í Háskólabíói klukkan 12 og 14 á laugardag og nemar við Listaháskóla verða einnig með uppákomur á kynningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur. Allar frekari upplýsingar má finna á vef háskóladagsins, www.haskoladagurinn.is.

**VERKEFNISSTJÓRI HJÁ HÍ** Dagný Ósk býst við fjölda fólks á kynningu um nám í háskólum.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**Greiðslur úr IHM sjóði SÍK**

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**
auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins.
Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi á árinu 2008.
Umsóknir berist fyrir 4. mars til:
**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda.**
**Túngötu 14, P.O. Box 5367, 125 Reykjavík**
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*
Nánari upplýsingar, reglur og umsóknareyðublöð eru á vefsíðu **SÍK – www.producers.is**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

# Nammið klárað ist í Kringlunni

„Börnin fóru tómhent út úr verslunum Kringlunnar með tárin í augunum og verslunareigendur voru farnir að setja upp miða í gluggum hjá sér rétt rúmlega ellefu um að allt sælgæti væri búið,“ segir Gunnar Ólafsson sem var í Kringlunni í gærmorgun með átta ára dóttur sinni, uppáklæddri í tilefni dagsins.

„Tvær verslanir á neðri hæðinni héldu áfram að gefa börnunum sælgæti en annars staðar var ekkert að hafa og ég fékk ekki betur séð en að verslunareigendur vildu ekki fá krakkana inn í búðirnar,“ segir Gunnar. Hann hafði samband við rekstrarstjóra Kringlunnar sem sagði fyrirtækið ekki geta skikkað verslunareigendur til að bjóða upp á sælgæti fram eftir degi. Gunnar segir að víkingafélagið Einherjar verði fyrir utan Kringluna á næsta ári með sælgæti handa öllum börnum.

Sigurjón Örn Þórsson, rekstrarstjóri Kringlunnar, segir að börnin hafi byrjað að streyma inn upp úr klukkan tíu og hafi flest verið milli 8 og 10 þúsund í húsinu. Hann kannast ekki við að sælgæti hafi verið búið strax um klukkan ellefu en segir líklegt að upp úr hádegi sé farið að sjá botn í skálum og þá fari líka að fækka í húsinu. Spurður hvort til greina komi að rekstrarfélag Kringlunnar geri samninga við innflytjendur eða framleiðendur sælgætis til að koma í veg fyrir sykurþurrð meðal yngri kynslóðarinnar segir Sigurjón slíka samninga vera til staðar. Hann áréttar þó að verslunareigendur ráði sjálfir hvaða leið þeir fari, en hins vegar sé yfirleitt vel brugðist við og verslunareigendur meðvitaðir um að öskudagur sé dagur barnanna.

**HEPPNAR** Þessar stelpur voru heppnar því þær náðu sér í smávegis sælgæti í poka.

# MacBook tilboð

## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi , eitt FireWire 400
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Verð: 199.990,-**

**Tilboð: 189.990,-***

## Frí ástandsskoðun á laugardaginn

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

Kíktu við með makkann þinn í nýju þjónustudeildina okkar laugardaginn 20. febrúar milli kl. 12 og 16.

## iMac

GLÆSILEG HÖNNUN




21,5” og 27” LED baklýstur skjár
Full HD upplausn (1080p)
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife ‘09 og Snow Leopard
Engir vírusar

**Verð frá: 239.990.-**

**Apple búðin** | **www.epli.is**
Sími: 512-1300 | **Afgreiðslutími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gildir út febrúar, eða meðan birgðir endast.

**FRÉTTASKÝRING:** Icelandic Healthcare að Ásbrú

## VERÐUR EKKI EINS OG LANDSPÍTALINN

Sænski brjóstholsskurðlæknirinn Otto Nordhus, eigandi einkarekna heilbrigðisfyrirtækisins Nordhus Medical Group, er annar aðaleigandi Iceland Healthcare, sem ætlar að starfrækja sjúkrastofnun að Ásbrú í Reykjanesbæ.

Otto Nordhus segir að sér hafi litist vel á þær hugmyndir sem fyrir hann voru lagðar um að starfrækja sérhæfða heilbrigðisþjónustu að Ásbrú, en fyrirtæki hans hafi víðtæka reynslu af viðlíka starfsemi í Svíþjóð. Þannig hafi þar meðal annars verið starfað eftir samningum sem gerðir hafi verið við stjórnvöld í Noregi og NHS, heilbrigðisþjónustu Breta, um að taka til meðferðar sjúklinga sem þar hafi verið á biðlistum. „Við höfum líka fengið til okkar sjúklinga víðs vegar annars staðar úr heiminum, svo sem frá Dúbaí," segir hann.

Nordhus segist telja að hér verði hægt að bjóða hágæðaþjónustu á afar hagkvæmu verði og það sé lykillinn að velgengni hvaða rekstrar sem sé. „Svo er landið líka einstaklega vel staðsett. Ekki er nema tveggja tíma flug hingað frá Ósló og svo er skammt til Bandaríkjanna, sem er risastór markaður," segir hann.

Otto stýrir því verkefni að koma hér á legg sjúkrahúsi Iceland Healthcare að Ásbrú. „Vonandi tekst okkur að hefja starfsemina eftir eitt ár eða svo. En í þeim efnum er að mörgu að gæta og viðræður við stjórnvöld hér

**MÁLIN RÆDD** Otto Nordhus ræðir við Árna Sigfússon, bæjarstjóra Reykjanesbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og hvar geta tekið langan tíma. Þessi áætlun getur því breyst," segir hann og kveður helsta verkefnið sem Iceland Healthcare stendur nú frammi fyrir vera að finna sjúkrastofnuninni gesti.

Þá standi líka fyrir dyrum að ráða starfsfólk og þjálfa. „En hún ætti nú ekki að vera svo flókin. Ísland hefur á að skipa afar hæfu og vel menntuðu fólki," segir hann og telur að helst þurfi að kynna nýju fólki út á hvað starfsemi eins og sú sem verið er að koma á legg að Ásbrú gengur. „Þetta er ekki eins og að vinna á Landspítalanum. Nálgunin er þjónustumiðuð, ekki ólíkt því sem fólk þekkir af hótelum," bætir hann við. Því þurfi að fara í gegn um það með væntanlegu starfsfólki hvernig eigi að haga sér og koma fyrir í slíku umhverfi. „Svo vinnum við náttúrulega líka að því að innleiða gæðastjórnunarkerfi," - óká


LOKAÐ Í DAG

fimmtudag frá 12:30 vegna útfarar

Stellu Olsen

Tekk company - Habitat - Tekk vöruhús.



JP

LÖGMENN

ATTORNEYS

SECURITAS HF. - SÖLUFERLI

JP Lögmönnum hefur verið falið að annast formlegt ferli sem lýtur að sölu á Securitas hf.

Securitas hf. starfar á sviði öryggisgæslu og veitir einstaklingum og fyrirtækjum þjónustu á sviði öryggismála.

Söluferlið, sem hefst formlega með birtingu þessarar auglýsingar, er opið öllum fjárfestum sem uppfylla skilyrði þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108, 2007 um verðbréfaviðskipti, einstaklingum sem hafa verulegan fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu, auk fjárfesta sem geta sýnt fram á eiginfjárstöðu sem nemur 300 milljónum króna eða meira eða fjármögnunarvilyrði frá fjármálastofnun sem metið er fullnægjandi af seljanda. Áskilinn er réttur til að takmarka aðgang að söluferlinu í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir eignist félagið, t.a.m. vegna samkeppnisreglna.

Áhugasömum fjárfestum ber að undirrita trúnaðaryfirlýsingu, auk þess sem þeim ber að leggja fram upplýsingar og gögn til staðfestingar á að þeir uppfylli ofangreindar kröfur og skilyrði. Unnt er að nálgast trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingablað til útfyllingar á vefsíðu JP Lögmanna, jp.is/securitas. Gögnum ber að skila undirrituðum á skrifstofu JP Lögmanna að 16. hæð Höfðatorgs, 105 Reykjavík og á rafrænu formi á netfangið soluferli@jp.is frá 19. febrúar til klukkan 12.00 þann 25. febrúar.

Að afhentum ofangreindum upplýsingum fá fjárfestar afhent sölugögn um félagið, en þau verða afhent frá 22. febrúar til klukkan 16.00 þann 25. febrúar á skrifstofu JP Lögmanna.

Óskuldbindandi tilboðum skal skilað á skrifstofu JP Lögmanna fyrir klukkan 14.00 þann 26. febrúar í lokuðu umslagi merkt „Söluferli Securitas". Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin og geta sýnt fram á fjárhagslega burði til að standa við þau verður boðið til áframhaldandi þátttöku í söluferlinu og veittur kostur á að framkvæma áreiðanleikakönnun á félaginu.

Nánari upplýsingar um söluferlið má nálgast á vefsíðunni jp.is/securitas en einnig má senda fyrirspurnir á póstfangið soluferli@jp.is.

JP Lögmenn · Höfðatorgi, 105 Reykjavík · Austurvegi 6, 800 Selfoss
s. 588-5200 · fax 588-5210 · jp@jp.is · www.jp.is


# Gestir einkasjúkrahúss koma allir frá útlöndum

**Á sjúkrastofnun Iceland Healthcare að Ásbrú í Reykjanesbæ verða eingöngu erlendir sjúklingar. Stofnunin sérhæfir sig í liðskipta- og offituaðgerðum og tengdri meðferð. Róbert Wessman, annar aðaleigandi Iceland Healthcare, segir veika krónu hjálpa til við að koma starfseminni á legg, en verði áfram hagkvæm og samkeppnishæf þótt krónan styrktist mjög.**

**STANDA AÐ SJÚKRAHÚSI AÐ ÁSBRÚ** Otto Nordhus, frumkvöðull í einkarekinni læknisþjónustu, Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco, Róbert Wessman fjárfestir og Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, eftir kynningu á Iceland Healthcare um borð í skipinu Íslendingi í safninu Víkingaheimum í Reykjanesbæ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gangi áætlanir eftir hefst starfsemi Iceland Healthcare eftir rétt liðlega ár, á öðrum ársfjórðungi 2011, að sögn Róberts Wessman, annars aðaleiganda sjúkrahússins. Þótt Róbert eigi ráðandi hlut í fyrirtækinu með sænska læknum Otto Nordhus, kveðst hann ekki munu taka sæti í stjórn eða koma að daglegum rekstri.

„Ég hef litið svo á að minn þáttur sneri að því að koma þessu á legg, en vegna annarra og umsvifamikilla starfa starfa læt ég öðrum eftir stjórnina hér," segir hann.

Iceland Healthcare sérhæfir sig fyrst í stað í liðskiptaaðgerðum, offituaðgerðum og tengdum meðferðum. Félagið leggur áherslu á markaðssetningu í Noregi og Svíþjóð og fljótlega í Bretlandi. Þá eru uppi áform um að bjóða þjónustu félagsins til Bandaríkjamanna.

Aðdragandi að stofnun einkasjúkrahússins hefur verið nokkur, en Róbert segir undirbúning hafa staðið í því sem næst tvö ár. Róbert segir að í rekstrarfélag sjúkrahússins hafi verið lagðar á milli þrjú og fjögur hundruð milljónir króna. Það félag kemur hins vegar ekki með beinum hætti að fjármögnun eða fjárfestingu í endurbyggðu sjúkrahúsi. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, annast endurbætur á sjúkrahúsinu að Ásbrú. Fasteignafélagið Seltún, sem er að meirihluta í eigu Kadeco, leigir svo aðstöðu í sjúkrahúsinu til Iceland Healthcare.

Róbert segir mikil sóknarfæri í læknisþjónustu til útlendinga og heilsutengdri ferðaþjónustu hér á landi. Hann segir stöðugt færast í vöxt að fólk fari á milli landa til að sækja sérhæfða læknisþjónustu. Þá segir hann að undanfarin ár hafi reglur fjölmargra landa innan Evrópusambandsins tekið breytingum, sem gerir fólki auðveldara um vik að sækja heilbrigðisþjónustu utan síns heimalands.

„Sérhæfingin er lykilatriði og ekki að ástæðulausu að við leggjum áherslu á liðskipta- og offituaðgerðir, en á báðum sviðum eru biðlistar," segir hann og bendir um leið á að löng bið eftir aðgerðum geti reynst heilbrigðiskerfum dýr. „Þá sjáum við líka fram á að vera mjög samkeppnishæf í verði fyrir þessar aðgerðir," bætir hann við og kveður kannanir sýna að um helmingur sjúklinga telji ekki eftir sér að ferðast á milli landa til að komast í sérhæfðar aðgerðir.

Róbert segir að í Noregi kosti svokölluð offituaðgerð hátt í þrjár milljónir króna, en hér á landi verði heildarkostnaður nær 1,5 milljónum króna. Er þá talin með sjúkraþjálfun og önnur eftirmeðferð, en gert er ráð fyrir að hver sjúklingur dvelji hér að jafnaði í um tvær vikur.

„Og flestir koma með aðstandendum og því töluvert af fólki sem hingað kemur vegna þessa," segir Róbert og segir því viðbúið að starfsemin verði lyftistöng fyrir önnur afleidd störf og þjónustu á svæðinu. Störf við sjúkrahúsið komi hins vegar til með að verða um tvö hundruð og sé endurbygging sjúkrahússins talin með verði til nær þrjú hundruð ný störf.

Þá þurfi verkefni sem þetta að skila góðri arðsemi til að komast á legg. Þar hjálpi veik staða krónunnar um þessar mundir, þótt hún sé ekki úrslitaatriði. „Við hefðum aldrei farið af stað með verkefni sem byggði á því að krónan yrði að vera veik áfram, enda horfum við til lengri tíma en svo og ómögulegt að spá fyrir um þróun gjaldmiðla," segir hann og kveður Iceland Healthcare treysta sér til að bjóða 50 prósent lægra verð á þeim aðgerðum sem félagið sérhæfi sig í en bjóðist erlendis, jafnvel þó svo krónan myndi ná „eðlilegum" styrk.

Þá áréttar Róbert að þótt arðsemi af félaginu verði góð og menn telji að fjárfesting í því skili sér til baka þá standi ekki til að taka út úr félaginu framtíðarávinning heldur fremur nota hann til að efla starfsemina og jafnvel færa út kvíarnar yfir á önnur svið. „Þannig byggðum við upp Actavis þegar ég stýrði félaginu og gættum að því að það yrði ekki of skuldsett og þann hátt höfum við einnig á hér."

FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
oka@frettabladid.is


Ný sjúkrastofnun Kadeco og Iceland Healthcare að Ásbrú í Reykjanesbæ:

# Tekjur nemi 3,5 milljörðum á ári

Samkvæmt áætlunum Kadeco, þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, er gert ráð fyrir því að framkvæmdakostnaður við endurbætur á gamla hersjúkrahúsinu að Ásbrú verði um einn milljarður króna. Félagið ræðst í endurbæturnar í samstarfi við Iceland Healthcare. Á sjúkrahúsinu verða þrjár skurðstofur og 35 legurými.

Í boði verður sérhæfð læknismeðferð fyrir útlendinga og ráð fyrir því gert að allt að 300 störf verði til í tengslum við starfsemina. Fyrsta starfsárið er gert ráð fyrir að um eitt þúsund manns nýti sér þjónustu sjúkrahússins, en sú tala tvöfaldist síðan á næstu tveim árum þar á eftir og árlegar tekjur af starfseminni nemi um 3,5 milljörðum króna.

Ráðgert er að hefja framkvæmdir við sjúkrahúsið á öðrum ársfjórðungi þessa árs, en að auki á að nýta íbúðarhúsnæði á svæðinu fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. „Val á staðsetningu starfseminnar réðst að miklu leyti af þeirri miklu þekkingu og reynslu af þjónustu við erlenda ferðamenn sem er á svæðinu og mun nýtast vel við ýmsa tengda þjónustu," segir í tilkynningu Kadeco og Reykjanesbæjar.

**GAMLA HERSJÚKRAHÚSIÐ** Hér verður ráðist í endurbætur með það fyrir augum að leigja Iceland Healthcare aðstöðu. Þá verður íbúðarhúsnæði í Ásbrú nýtt fyrir sjúklinga og aðstandendur sem með þeim kunna að vera í för. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Til stendur að ráða til félagsins reynslumikla stjórnendur og er þegar búið að koma á samstarfi við virta lækna sem sérfróðir eru á þeim sviðum sem sjúkrahúsið einbeitir sér að í fyrstu. Þar má nefna Otto Nordhus, Leif Ryd og Bjarne Semb. Otto er sagður einn reynslumesti sérfræðingur Norðurlanda í að veita heilbrigðisþjónustu milli landa og hefur um árabil starfað með stjórnvöldum bæði á Norðurlöndum og í Bretlandi. Bjarne Semb er svo fyrsti prófessor Norðurlanda í hjartalækningum og tók þátt í fyrstu gervihjartaskiptaaðgerð sem gerð var í Evrópu. Þá er Leif Ryd prófessor í bæklunarskurðlækningum við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi.

Þá kemur fram í kynningu að verkefnið um stofnun einkasjúkrahússins sé unnið í góðu samstarfi við Heilsufélag Reykjaness, en að því félagi standa sveitarfélögin í Garði, Vogum, Sandgerði og Reykjanesbæ, auk Keilis, Bláa lónsins og Kadeco. - óká

# Hótel og gistiheimili!

## Allsherjarlausnir! Er allt klárt fyrir sumarið?

Settu þig í samband við okkur í síma 588 8477.
Óskaðu eftir bækling eða tilboði hjá elmar@hotelvorur.is

Betra BAK

**Radix heildverslun**

Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477 • Fax 588 8475 • hotelvorur@hotelvorur.is

DORMA
– býður góða nótt

**> Útgjöldin**
Gistinætur á hótelum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR, TÓNLISTAR- OG FJÖLMIÐLAKONA

## *Hljóðfærin verða vinir manns*

„Bestu kaup mín eru hljóðfærin sem ég hef keypt í gegnum tíðina," segir Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarkona, löngum kennd við hljómsveitina Unun en annar forsprakka Hellvars, og útvarpskona. Hún bendir á að verðgildi hluta, ekki síst hljóðfæra, sé afstætt. Bíll geri lítið annað en að falla í verði á meðan aðrir, svo sem hljóðfæri hækki í verði eftir því sem árin líða. „Það má taka marga hluti sem verða ódýrari eftir því sem þeir verða eldri. Þetta skiptir ekki máli með hljóðfæri," bætir hún við. „Þetta eru ekki bara atvinnutæki heldur verða hljóðfæri tónlistarmanna félagar þeirra í langan tíma, þau verða verðmætari fyrir þá sem nota þau í tímans rás. Þótt einhver bassi verði sjúskaður og úr sér genginn verður hann verðmætari í augum þess sem á hann," segir hún. Safavél sem móðir Heiðu keypti fyrir hana í Fríhöfninni fyrir þremur árum fellur í flokk með hljóðfærunum. „Ég hef notað vélina svo rosalega mikið og hún virkar enn!"

Heiða segir kaup á íbúð þau verstu og vill ráðleggja ungu fólki að hætta við allt slíkt. „Fólk á bara að sleppa því, hjóla út um allt og vera á leigumarkaði," segir hún.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### OF SÖLTUM MAT BJARGAÐ

■ *Hallveig Rúnarsdóttir söngkona hefur misgóða reynslu af húsráðum.*

„Eitt er það húsráð sem ég hef notað og virkar vel og það er að setja hráa kartöflu í pottinn ef maður hefur saltað of mikið. Þetta hef ég til dæmis gert þegar ég hef verið utan við mig og misst of mikið salt í grjónapott með pokagrjónum. Einnig virkar kartöfluráðið á pottrétti. Ég hef annars lesið mikið af húsráðum en finnst þau ekki alltaf virka, til dæmis ráðið að hreinsa vax úr dúk með því að leggja pappír yfir og strauja, það skilur eftir sig bletti. En eitt ætla ég að prófa og það er að þrífa klósettið með kóki sem á að virka vel."

**SUNDLAUGIN Á ÁLFTANESI** Með þeim dýrari á höfuðborgarsvæðinu en státar af hæstu rennibrautinni.

■ **Hvað kostar í sund?**

## Varmárlaug ódýrust

Verð á stakri sundferð er lægst í Varmárlaug í Mosfellsbæ á höfuðborgarsvæðinu. Þar kostar stakur miði fyrir börn 50 krónur en 210 krónur fyrir fullorðna. Næstódýrast er stakur miði fyrir börn í Hafnarfirði eða 105 krónur. Í Garðabæ, Reykjavík og Lágafellslaug í Mosfellsbæ er stakur barnamiði á 110 krónur en Seltirningar, Álftnesingar og Kópavogsbúar rukka börn um 120 krónur í sund.

Er kemur að stökum miðum fyrir fullorðna er sem fyrr segir ódýrast í Varmárlaug, þá í sundlaugina í Garðabæ, 230 krónur. Í Hafnarfirði kostar stök ferð 320 krónur, 350 í Kópavogi og 360 í Reykjavík, Seltjarnarnesi og á Álftanesi.

Börn á leikskólaaldri fá alls staðar ókeypis í sund og barnagjaldið gildir til átján ára aldurs. Eldri borgarar fá alls staðar ókeypis í sund nema í Kópavogi en þar kostar stakt gjald 120 krónur fyrir eldri borgara.

### Tíu miða kort ódýrust í Garðabæ

Ódýrarasta tíu miða kortið fyrir fullorðna er í Garðabæjarlaug, eða 1.700 krónur. Dýrast er það á Álftanesi og í Kópavogi eða á 3.000 krónur.

Ódýrasta 10 miða kortið á höfuðborgarsvæðinu fyrir börn er í sömuleiðis í Garðabæ og Hafnarfirði eða 650 krónur. Dýrast er það á Álftanesi þar sem það kostar 1.000 krónur.

Upplýsingar um verð eru teknar af heimasíðum sveitarfélaganna.

# Fleiri huga að viðhaldi húsa

**Einstaklingum sem sóttu um endurgreiðslu á virðisauka vegna viðhalds og nýbygginga fjölgaði úr 8.318 árið 2008 í 10.772 árið 2009.**

10.772 einstaklingar fengu endurgreiddan virðisaukaskatt vegna vinnu við framkvæmdir, viðhaldhald og nýbyggingar á síðasta ári. Árið áður fengu 8.318 endurgreiddan hluta virðisaukans en frá og með 1. mars á síðasta ári varð endurgreiðslan 100 prósent í stað 60 prósenta áður.

Alls voru endurgreiddar rúmlega 1.273 milljónir árið 2009 vegna endurbóta og viðhalds en 618 milljónir vegna framkvæmda við nýbyggingar. Árið 2008 var upphæðin vegna endurbóta 1.004 milljónir en þá fengu einstaklingar 749 milljónir til baka vegna framkvæmda við nýbyggingar.

Aukningin í endurgreiðslunni skýrist að hluta til vegna hærri endurgreiðsluhlutfalls en einstaklingum sem voru í endurbótum og viðhaldi á húsum fjölgaði einnig.

Samkvæmt upplýsingum hjá ríkisskattstjóra er biðin eftir endurgreiðslunni 15 til 30 dagar að jafnaði. Login um 100 prósenta endurgreiðslu gilda til 1. janúar 2011.

Verktakar fá einnig endurgreiddan virðisaukann af vinnu við nýbyggingar. Árið 2008 fengu þeir 2.147 milljónir endurgreiddar en í fyrra 780 milljónir sem endurspeglar afar vel minni umsvif í kjölfar efnahagshrunsins.

sigridur@frettabladid.is

**HÚSAMÁLUN** Virðisauki af vinnu málara er meðal þess sem fæst endurgreitt frá skattinum til áramóta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HVAÐ ER ENDURGREITT?

Allur virðisauki vegna vinnu á byggingarstað, bæði við nýsmíði og viðhald á íbúðarhúsnæði og sumarhúsum, er endurgreiddur.

Eyðublað um endurgreiðslu má nálgast hjá skattstjórum eða á vef ríkisskattstjóra. Halda þarf til haga frumritum af öllum reikningum sem greiddir hafa verið vegna vinnu á byggingarstað. Reikningarnir þurfa að vera sundurliðaðir í efniskostnað annars vegar og vinnukostnað hins vegar. Útfylltu eyðublaði og reikningum þarf að koma til skattstjóra í viðkomandi umdæmi sem endurgreiðir virðisaukaskattinn.

Login gilda til 1. janúar 2011.

Fólk ætti að hugsa sig tvisvar um áður en það skuldbreytir myntkörfulánum yfir í verðtryggð lán:

# Verðtryggingin dýrari til lengri tíma

**EFNAHAGSMÁL** Myntkörfulán kunna til lengri tíma séð að vera hagstæðari en þau verðtryggðu, þrátt fyrir gengishrunið sem hófst fyrri hluta árs 2008. Fólk ætti því að hugsa sig vel um áður en það skuldbreytir slíkum lánum. Einnig gæti það verið fólki bjarnargreiði ef dómstólar breyta þeim yfir í verðtryggð lán, í ljósi hugsanlegs ólögmætis gengistryggingar.

Þetta er mat Þorsteins Sigurlaugssonar hagfræðings.

„Þetta er auðvitað háð ýmsu. Það eru litlar líkur á að það sé óhagstætt að breyta skammtímalánum, svo sem bílalánum, yfir í innlend lán, en um leið og reiknað er með verðbólguáhrifum til lengri tíma eru þau fljót að hækka höfuðstólinn," segir hann.

Þorsteinn hefur sett upp dæmi þar sem hann ber saman tvö tíu milljóna króna lán til þrjátíu ára, tekin 2004. Miðað er við þriggja prósenta verðbólgu, sömu vexti og óbreytta gengisvísitölu hér eftir.

Sem stendur er myntkörfulánið um fjórðungi hærra. En verðtryggða lánið verður orðið jafn dýrt árið 2017. Í lok lánstímans er hið íslenska svo orðið tæpum fjörutíu prósentum dýrara.

- kóþ

**Þróun höfuðstóls á 30 ára láni frá janúar 2004**




Annars vegar .v. vísitölu neysluverðs og 3% verðbólgu til framtíðar og hins vegar gengisvísitölu og óbreytt gengi til framtíðar. Ekki tekið tillit til afborgana eða vaxta.

SPÓI
fyrir ungbörn
Woolmark
Kláðafrí ull

Verð bolur: 3.300 kr.
Verð buxur: 2.900 kr.

Góð 100% Merino ullarnærföt sem halda barninu þurru og hlýju.

VALHÖLL
fyrir börn
Woolmark
Kláðafrí ull

Verð bolur: 5.900 kr.
Verð buxur: 4.700 kr.

Mjúk kláðafrí ullarnærföt úr 100% Merino ull.

BÁSAR
fyrir fullorðna
Woolmark
Kláðafrí ull

Verð bolur: 10.800 kr.
Verð buxur: 9.500 kr.

100% Merino ull sem heldur vel hita á líkamanum og dregur raka frá húðinni.

# Gott verð í Múrbúðinni ALLA mánuði ársins!

MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni, botnventli og vatnslás

**27.900**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MARTINELLI sturtuhorn 80x80 cm

**27.900**

EURO handklæðaofn 50x80 cm

**14.900**

**EURO handklæðaofnar**

| | |
|---|---|
| 40x70cm Beinn Hvítur | **6.900,-** |
| 50x80cm Beinn Hvítur | **7.900,-** |
| 50x120cm Beinn Hvítur | **10.900,-** |
| 60x140cm Beinn Hvítur | **12.900,-** |
| 40x70cm Beinn Króm | **12.900,-** |

Sturtuhaus, barki og stöng

**3.900**

NAPOLI hitastýrt sturtusett

**29.900**

*Við auglýsum ekki verð frá..*

***Reykjavík*** *Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes*** *Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri*** *Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18*
***Húsavík*** *Garðarsbraut 50.*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 29 **Velta:** 134,2 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
840,79 **+0,27%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| MAREL | +2,39% |
| ÖSSUR | +0,92% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| ATLANTIC PET. | -3,92% |
| BAKKAVÖR | -2,50% |
| FØROYA BANKI | -0,69% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Airways 141,00 +0,00 ... Atlantic Petroleum 153,00 -2,39% ... Bakkavör 1,95 -2,50% ... Føroya Banki 145,00 -0,69% ... Marel 62,70 +2,39% ... Össur 163,00 +0,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Færri vilja borga

Einstaklingar sem ekki tóku þátt í uppsveiflunni heldur lifðu á meðallaunum og eiga íbúðir og bíla sem þarf að greiða af er ekki eins viljugt og áður að greiða reikningana sína. Þetta segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi. Hún var á meðal þeirra sem sátu fyrir svörum í pallborði á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs í gær.

„Við finnum fyrir því að vilji fólks til að greiða reikninga fer þverrandi," sagði Rakel. Þetta á við venjulegt launafólk sem hún segir horfa á greiðslubyrði lána snarhækka á sama tíma og laun lækki og kaupmáttur dregst saman. Fólk velti því eðlilega fyrir sér hvort réttlætanlegt sé að það greiði bólgna reikninga þótt það eigi enga sök á því hvernig komið sé fyrir efnahagslífinu.

Rakel segir mikilvægt að stjórnvöld grípi til einhverra ráða og komi til móts við einstaklinga sem sjái ekki tilganginn með því

**RAKEL SVEINSDÓTTIR** Stjórnvöld verða að grípa til aðgerða svo fólk sjái tilgang í að greiða af lánum, segir framkvæmdastjóri Creditinfo. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að greiða lán sín. Hún segir svarið liggja í afskriftum lána og öðrum aðgerðum sem lækki greiðslubyrðina. - jab

## MARKAÐSPUNKTAR

Reginn, dótturfélag Nýja Landsbankans, hefur ákveðið að setja eignarhaldsfélagið Smáralind í opið söluferli á fyrrihluta árs. Viðræður við nokkra kröfuhafa er lokið og samningar um endurfjármögnun langt komin, að því er segir í tilkynningu.

Erlendar eignir Seðlabankans námu 475 milljörðum króna í lok janúar. Þetta er tíu milljarða króna lækkun á milli mánaða, samkvæmt Hagtölum Seðlabankans. Á móti eignum námu skuldir bankans 181,6 milljörðum króna.

Greining MP Banka spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,7 prósent milli mánaða og fari verðbólga við það úr 6,6 prósentum í 6,8.

**HERMANN GUÐMUNDSSON** Eitthvað brást þegar atvinnurekendur voru með margföld laun venjulegs fólks, segir forstjóri N1. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Atvinnulífið brást fyrir hrun

„Þegar atvinnurekendur fengu 2-300-föld árslaun þá var eitthvað að," segir Hermann Guðmundsson, forstjóri olíufélagsins N1.

Hermann var í pallborði ásamt þeim Svövu Johansen, forstjóra tískuvörukeðjunnar NTC, Þorsteini Pálssyni, fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrum ritstjóra Fréttablaðsins, Ara Kristni Jónssyni, rektor Háskólans í Reykjavík, og Rakel, sem nefnd er hér að ofan.

Það var Andrés Jónsson almannatengill sem varpaði þeirri spurningu fyrstur fram, hvort atvinnulífið ætti ekki að vera gagnrýnið á sjálft sig úr því sem komið væri. Undir það tóku margir, þar á meðal Hermann. - jab

# Mikilvægt að standast ágang sérhagsmunahópa

**Skattastefna stjórnvalda og útþensla hins opinbera var harðlega gagnrýnd á Viðskiptaþingi í gær. Forsætisráðherra segir ríkið verða að taka á sig stærri hlut til að koma efnahagslífinu á réttan kjöl.**

Íslenska skattkerfinu hefur verið umturnað á skömmum tíma, flækjustig og kostnaður aukist og dregið hefur úr hvata til verðmætasköpunar. Þá hefur umhverfi til fjárfestinga orðið lakara og líkur á skattaundanskotum aukist. Þetta er á meðal þess sem fram kom í ræðu Tómasar Más Sigurðssonar, forstjóra Alcoa á Íslandi, á þéttsetnu Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í gær. Tómas er jafnframt formaður Viðskiptaráðs.

„Það verður því ekki betur séð en að þessi skattastefna stjórnvalda muni skila þveröfugri niðurstöðu og hrekja burt fjármagn og verðmætt vinnuafl. Ef endanlegt markmið stjórnvalda er að verja lífskjör í landinu verða þau að sýna meiri framsýni í skattastefnu sinni," sagði hann og vísaði í skoðanakönnun Viðskiptaráðs meðal

**TÓMAS MÁR OG JÓHANNA** Þrátt fyrir mismunandi afstöðu til skattastefnu stjórnvalda voru forstjóri Alcoa á Íslandi og forsætisráðherra sammála um mikilvægi þess að snúa bökum saman til að komast í gegnum kreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

atvinnurekenda. Í niðurstöðum hennar kemur fram að um helmingur atvinnurekenda telji líkur á að þeir muni fækka starfsfólki á næstu mánuðum. Þá gagnrýndi hann jafnframt útþenslu hins opinbera á síðustu árum, ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað um þrjátíu prósent á síðastliðnum árum og útgjöld aukist um helming að raungildi.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, sagði ekki undan því vikið að ríkið taki á sig stærri hlut til að koma efnahagslífinu aftur á réttan kjöl. Þetta þurfi að gera bæði á ódýrari og einfaldari hátt en áður. Hún sagði hins vegar stærstu áskorun stjórnmálamanna nú þá að standast ágang þrýstihópa og horfa til hagsmuna heildarinnar. Óskaði hún eftir stuðningi Viðskiptaráðs til að standast áganginn.

jonab@frettabladid.is

## HRUNIÐ HÓFST MEÐ EINKAVÆÐINGUNNI

Jóhanna Sigurðardóttir sagði upphafið að bankahruninu liggja í einkavæðingu bankanna árið 2002 þegar ákveðnum einstaklingum var afhent bankakerfið án þess að reiða fram annað en lánsfé. Þetta vill hún koma í veg fyrir að endurtaki sig: „Ég er algerlega mótfallin því að stjórnmálamenn handstýri fjármálakerfinu… Það verður að fara fram ítarleg rannsókn á þessum afdrifaríka kafla í sögu fjármálakerfis þjóðarinnar þar sem allt verður krufið til mergjar," sagði hún. Jóhanna lagði áherslu á að byggja upp traust á ný. Það verði aðeins gert stígi þeir sem hafa stöðu grunaðra til hliðar úr stöðum sínum þar til rannsókn á aðdraganda hrunsins lýkur.

**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

# Starfsfólk skilanefnda fékk 4,3 milljarða í laun

**Í kringum 260 manns unnu hjá skilanefndum bankanna í fyrra. Laun skilanefndanna hér eru afar lág samanborið við það sem tíðkast í Bretlandi.**

Skilanefndir gömlu bankanna greiddu rúma 4,3 milljarða í laun og tengd gjöld á síðasta ári. Launakostnaður var mestur í gamla Landsbankanum, eða 3,4 milljarðar króna. Lægstur var hann í Glitni, eða þrjú hundruð milljónir króna.

Hjá skilanefndum bankanna störfuðu um 260 manns í fyrra. Flestir unnu hjá gamla Landsbankanum eða 143. Um helmingur þeirra, eða sjötíu, var hér á landi en 65 í Bretlandi. Aðrir voru í Amsterdam í Hollandi og hjá dótturfélagi gamla bankans í Kanada. Fæstir voru hjá Glitni, eða 22 að meðaltali.

Erfitt er að reikna út meðallaun starfsmanna skilanefnda vegna mismunandi utanumhalds. Í sumum tilvikum gefa skilanefndir og aðrir uppgjörsaðilar upp starfsmannafjölda en í öðrum unnar vinnustundir eða meðaltal starfsmanna yfir árið.

Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis, segir starfsmannhóp bankans að mestu samsettan af sérfræðingum. Ýmis önnur störf, svo sem bakvinnsla og bókhaldsvinna er unnin af starfsmönnum Íslandsbanka samkvæmt þjónustusamningi.

Páll Benediktsson, talsmaður skilanefndar Landsbankans, segir launakostnað í Bretlandi lita bækur bankans enda séu laun ytra mun hærri en hér. Hann vill ekki gefa upp launatölur en bendir á að kjörin hér séu sambærileg við önnur störf í bankageiranum. Sama máli gegnir um Kaupþing.

Hæstu laun starfsmanna fjármálafyrirtækja samkvæmt launatöflu frá 1. janúar 2009 og er birt á vef Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) hljóða upp á 422.435 krónur á mánuði.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru skilanefndirnar sjálfar og slitastjórnir ekki á meðal

**FRÁ KRÖFUHAFAFUNDI LANDSBANKANS** Talverður munur var á launum starfsfólks skilanefnda gömlu bankanna í fyrra og kollega þeirra sem gera upp bú fallinna banka í Bretlandi.

almennra starfsmanna. Þær teljast til sérfræðinga og falla greiðslur til þeirra í lið með öðrum sérfræðikostnaði í sundurliðun á rekstrarkostnaði við uppgjör bankanna.

Talsmenn allra skilanefnda bankanna benda á að kostnaðurinn hafi verið hár á fyrri hluta árs en úr honum dregið eftir því sem liðið hafi á árið. Gert er ráð fyrir að hann verði lægri á þessu ári.

Sé rekstrarkostnaður skoðaður sem hlutfall af brúttóeignum skilanefnda í stýringu er hann sambærilegur hjá Kaupþingi og Glitni, eða 0,24 til 0,25 prósent. Landsbankinn gefur upplýsingarnar upp að loknum kröfuhafafundi í næstu viku. - jab

## MISDÝR UPPGJÖR

- Í samanburði við uppgjör á erlendum bönkum þykir rekstrarkostnaður íslensku skilanefndanna lágur sem hlutfall af eignum í stýringu. Þeir sem rætt hefur verið við vegna málsins telja að það skrifist á að hér hafi FME tilnefnt marga einstaklinga frá nokkrum lögfræðiskrifstofum og endurskoðendafyrirtækjum í skilanefndir og slitastjórnir, sem greiði þeim laun. Erlendis hafi ákveðin fyrirtæki verið fengin til að stýra uppgjörum fallinna banka.
- Breska endurskoðendaskrifstofan Ernst & Young vinnur við uppgjör Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) í London en PricewaterhouseCoopers (PwC) sér um uppgjör bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers í Evrópu.
- Laun skiptastjóra KSF og teymis hans námu 29 milljónum punda frá falli bankans í október 2008 fram til október í fyrra, að því er fram kemur í skýrslu til kröfuhafa. Þetta jafngildir sex milljörðum íslenskra króna. Launakostnaður starfsfólks skiptastjóra nam rúmri 31 milljón punda, eða 6,3 milljörðum króna, á tímabilinu.
- Seint í október í fyrra hafði PwC fengið 238 milljónir dala í laun og þóknanir vegna vinnu við uppgjör Lehman Brothers í Evrópu, að því er fram kemur í skýrslu endurskoðendafyrirtækisins. Þetta jafngildir tæpum þrjátíu milljörðum íslenskra króna á þávirði. Um þrjú hundruð manns unnu fyrir PwC við uppgjörið.
- Dæmi eru um að lögfræðiskrifstofur og endurskoðendafyrirtæki hér rukki 25 þúsund krónur fyrir hverja vinnustund skilanefnda og slitastjórna. Samkvæmt skýrslu til kröfuhafa KSF taka bresk fyrirtæki rúm 688 pund á tímann, eða 138 þúsund krónur, fyrir vinnu meðeigenda lögfræðiskrifstofa. Sérfræðingar eru seldir út á 460 pund á tímann og aðrir sérfræðingar á 267 pund. Þetta gera allt upp að 93 þúsund krónum. Aðstoðarfólk er gert út fyrir 158 pund á tímann, jafnvirði 30 þúsund króna.

## LAUN STARFSFÓLKS 2009

| Banki | Laun ( í milljónum kr)* |
|---|---|
| Glitnir | 300 - |
| Kaupþing | 537 - |
| Landsbankinn | 3.487 - |
| Samtals | 4.327 - |

* Heildarlaun ásamt launatengdum gjöldum.

Nýtt frá Myllunni

# Kauptu betri mjúka íslenska kanilsnúða frá Myllunni

*Mundu eftir íslenska pokanum*

**25% meira í dag**

- **Mjúkir og góðir**
- 6% trefjar
- **Engar transfitusýrur**
- Hentugar umbúðir
- **Spörum gjaldeyri**
- Smakkaðu íslenska kanilsnúða
- **Veljum íslenskt**

ÍSLENSKT já takk!

**25% MEIRA MAGN ÍSAMA VERÐ**

ÍSLENSKT já takk!

*Smakkaðu mjúka íslenska kanilsnúða frá Myllunni*

Íslenskir framleiðendur búa að því að geta brugðist skjótt við á erfiðum tímum.
Nú er áríðandi að við stöndum saman og stöndum vörð um íslenska framleiðslu og atvinnu í landinu.

Leggðu þitt af mörkum.
Kauptu mjúka og bragðgóða kanilsnúða frá Myllunni. Þeir eru hágæða íslensk framleiðsla og fást nú á betra verði.

## Myllan á netinu

Kíktu á vefsíðuna okkar www.myllan.is. Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einng má finna þar greinagóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - vertu vinur okkar!

www.myllan.is

ÍSLENSKT já takk!

MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Andlegir áverkar vara mun lengur en líkamlegir.

## Börnin verða að eiga skjól

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Að níðast á barni er einhver ljótasti glæpur sem hægt er að fremja. Þó er það svo að slíkir glæpir eru sífellt framdir. Á það hafa fréttir af dómstólum minnt verulega undanfarnar vikur.

Ótrúlega fáir áratugir eru liðnir frá því að það var nánast inngróið í menninguna að þagað var yfir níðingsverkum á börnum. Ekki var litið svo á að barn hefði sjálfstæð mannréttindi. Börnum sem beitt voru ofbeldi var því ekki komið til hjálpar nema í undantekningartilvikum og nánast aldrei ef um var að ræða ofbeldi sem átti sér stað inni á heimilum. Það taldist brot á friðhelgi heimilisins.

Þetta hefur sem betur fer breyst. Fréttir af dómum í ofbeldismálum gegn börnum eru því vonandi, og sem betur fer, líklega ekki til marks um að slík níðingsverk færist í vöxt heldur hitt að stöðugt hærra hlutfall slíkra ódæðisverka komist nú upp á yfirborðið og rati fyrir dómstóla.

Á dögunum var brotið blað þegar starfsmaður á heimili fyrir börn var í fyrsta sinn dæmdur vegna kynferðislegs ofbeldis sem hann hafði framið gegn skjólstæðingi á því heimili sem hann vann á. Vitað er að slíkir glæpir hafa verið framdir á barnaverndarstofnunum um heim allan um aldir.

Hér á Íslandi höfum við á síðustu misserum verið óþyrmilega minnt á það að barnaverndarstofnanir veittu ekki börnum það skjól sem til var ætlast, heldur olli dvöl á slíkri stofnun því miður mörgum börnum óbætanlegu tjóni. Dómurinn yfir starfsmanni á barnaverndarstofnun á Norðurlandi er ákveðin yfirlýsing þess efnis að slík brot verði ekki lengur liðin í íslensku samfélagi.

Líkamlegir áverkar eru oftast auðgreinanlegir. Andlegir áverkar blasa ekki við með sama hætti og þeir líkamlegu. Sönnunarbyrðin er því iðulega ekki eins borðleggjandi þegar um andlega áverka er að ræða eins og þegar einhverjum hefur verið unnið mein á líkama. Sárin gróa þó yfirleitt betur en andlegu áverkarnir. Það er því afar brýnt verkefni að sátt geti orðið um að mark sé tekið á læknisfræðilegu mati á andlegu ástandi á áþekkan hátt og gildir um áverkavottorð.

Afar líklegt er að barn sem verður fyrir ofbeldi og þá ekki síður andlegu ofbeldi, beri þess merki alla ævi. Þannig er líklegt að glæpurinn verði skuggi í lífi einstaklings um alla framtíð. Ábyrgð brotamannsins er því gríðarleg.

Ekkert barn á að þurfa að upplifa að á því sé níðst með andlegu eða líkamlegu ofbeldi. Allra síst af hendi þeirra sem eiga að veita þeim skjól og vernd, hvort sem það eru foreldrar, stjúpforeldrar eða starfsmenn á heimilum þar sem börnum er komið fyrir vegna þess að það hefur verið metið sem svo að þar væru þau betur komin en hjá forráðamönnum sínum.

Það er skylda hvers samfélags að sjá til þess að börn þess vaxi upp í öryggi og skjóli. Foreldrarnir eru þeir sem fyrst og fremst bera ábyrgð á börnum sínum. Það firrir þó ekki samfélagið allt ábyrgð því ef þeir nánustu bregðast þá verða börnin að geta treyst á nærsamfélagið; stórfjölskyldu, vini, nágranna, skóla og einnig dómstóla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Megafix flísalím frá Rescon-Mapei
Hágæða úti og inni lím á ótrúlegu verði.
20 kílóa poki á aðeins 2.380,- kr.
Fæst hjá múrverslun Steypustöðvarinnar
Malarhöfða 10, sími 4 400 500.

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is
STEYPUSTÖÐIN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Öfugsnúningur í VG

Nokkrir atkvæðamiklir vinstrigræningjar eru hreint ekki ánægðir með upphlaupið sem varð í flokknum í kringum forvalið í Reykjavík. Fullyrða þeir að óánægjuna megi rekja til þess að róttækur femínisti hafi hrist upp í feðraveldinu í flokknum. Það geti sumir ekki liðið. Hvort eitthvað sé hæft í því skal ósagt látið. Hitt er ljóst, að það hlýtur að vera töluvert áhyggjuefni fyrir sömu femínísku flokksmenn að innan Vinstri grænna, þessa fánabera kvenfrelsisstefnunnar á Íslandi, skuli þrífast hópur manna sem beinlínis vinnur gegn framgangi kröftugra kvenna í stjórnmálum. Það er öfugsnúið.

### Vígvellinum lokað

Það er kannski viðeigandi að drjúgur hluti deilna um málið hefur farið fram á vefriti flokksins sjálfs, Smugunni. Þar hafa breiðu spjótin tíðkast síðustu daga. Ekki mátti til dæmis skilja pistil Freys Rögnvaldssonar á annan hátt en að hann líkti andstæðingum Sóleyjar Tómasdóttur í flokknum við einræðisherrana Pol Pot, Augusto Pinochet og Papa Doc. Nokkrum mínútum eftir að Haraldur Ingi Þorleifsson, sonur Þorleifs Gunnlaugssonar, sendi inn svargrein, var vefnum lokað. Hann verður opnaður aftur eftir breytingar 1. mars.

### Yfirdrifið

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra var ekki himinlifandi með fíkniefnaleit lögreglu í Tækniskólanum um daginn. Hún taldi aðgerðina yfirdrifna. Ekki ætti að ala á ótta. Það væri vond forvörn. Huga skyldi að persónuverndarsjónarmiðum. Á Alþingi í gær sagði Katrín Jakobsdóttir að mögulega þyrfti að breyta persónuverndarlögum svo netþjónustufyrirtæki gætu veitt yfirvöldum auknar upplýsingar um netnotkun kúnna sinna. Þannig mætti sporna við ólöglegu niðurhali. Þar mega leitarhundarnir sum sé athafna sig að vild.

stigur@frettabladid.is

## Liðið eða leikurinn?

**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Enn um viðhorf og hugarfar

Íþróttafréttamenn eru ekki hlutlausir í landsleikjum. Þá halda þeir með landsliðinu og leyna því ekki. Flestir íþróttafréttamenn kunna samt að meta góð tilþrif á báða bóga. Hlutdrægni þarf ekki að útiloka sannmæli. Málið vandast, þegar Valur og Víkingur keppa. Þá þurfa fréttamenn helzt að gæta hlutleysis. Hlutleysiskraftan er afstæð. Bjarni Fel gat ekki leyft sér að lýsa KR-leik eins og landsleik, þótt hann langaði.

Stjórnmálafréttamenn þurfa með líku lagi að vera hlutlausir, finnst mörgum, og þekkja samt muninn á réttu og röngu. Hlutleysi í stjórnmálafréttum hefur verið á undanhaldi. Nú tíðkast, að bandarískir sjónvarpsmenn lýsi skoðunum sínum fyrir áhorfendum líkt og leiðara- og dálkahöfundar blaða. Þessi tilhneiging hefur undið upp á sig. Nú þykir það ekki tiltökumál, að fréttamenn standi uppi í hárinu á viðmælendum sínum. Er það afturför? Voru skoðanaskipti í sjónvarpi fróðlegri, þegar dr. Gunnar Schram, síðar prófessor, stýrði þeim af stakri nærgætni á sinni tíð, en þau eru nú undir vökulli stjórn Egils Helgasonar? Ekki finnst mér það. Við eigum nú á að skipa auk Egils og Jóhanns Haukssonar mörgum góðum blaðamönnum, sem standa á öxlum Jónasar Kristjánssonar ritstjóra, halda sig utan og ofan við stjórnmálaflokkana og segja þeim til í breytilegum hlutföllum.

### Íþróttir eru ekki stjórnmál

Engum dytti í hug að láta byggðasjónarmið hafa áhrif á skipan handboltalandsliðsins. Allir vita, hvaða árangurs væri að vænta á alþjóðamótum, ef stjórnmálaflokkarnir ættu fulltrúa í landsliðinu eða ef styrkjum fyrirtækja til Handknattleikssambandsins fylgdu afskipti af skipan liðsins og leiktækni. Slík sjónarmið hafa aldrei komið til tals, og landsliðið hefur náð góðum árangri.

Þessi einfalda íþróttaregla hefur ekki verið virt á vettvangi stjórnmálanna og ekki heldur á þeim sviðum, þar sem stjórnmálaflokkarnir hafa skammtað sér mest ítök, svo sem í dómsmálum. Þar tíðkast enn að skipa mönnum til verka með stjórnmálasjónarmið að leiðarljósi, ef ljós skyldi kalla. Bankamálin voru sama marki brennd og dómsmálin fram að hruni og eru enn. Engan þarf að undra, að þjóðin vantreystir Alþingi, bönkunum og dómskerfinu. Handboltalandsliðið nýtur trausts.

Árangur Íslendinga stendur yfirleitt í öfugu hlutfalli við ítök stjórnmálaflokkanna. Íþróttir, listir, fræði og vísindi hafa að mestu fengið að vera í friði, og þar er ýmislegt eins og það á að vera. Bankar, dómstólar og að sumu leyti löggæzla eru gegnsýrð af stjórnmálum, og þar stendur ekki steinn yfir steini. Hrun bankanna spratt sumpartinn af landlægri stjórnmálaspillingu. Forsagan er sár og löng. Ég hef stundum sagt, að kvótinn hafi varðað veginn að einkavæðingu bankanna, en við getum farið enn lengra aftur í tímann til að vitja upphafsins.

### Skipuleg lögbrot

Gamla helmingaskiptaspillingin ágerðist í kringum umsvif Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli árin eftir stríð. Af henni spruttu skipuleg lögbrot undir handarjaðri og verndarvæng stjórnmálaflokkanna, svo sem lögreglumennirnir, sem rannsökuðu brotin, eru enn til frásagnar um. Rannsakendur í olíumálinu, einu mesta fjársvikamáli lýðveldissögunnar, ráku sig á veggi, enda áttu þeir í höggi við einn helzta virðingarmann Framsóknarflokksins, forstjóra SÍS, utanríkisráðherra og seðlabankastjóra, Vilhjálm Þór (1899-1972). Lögregla varnarliðsins dróst inn í rannsóknina, þar eð meint misferli varðaði meðal annars innflutning á olíu, sem var líkt og önnur aðföng tollfrjáls handa varnarliðinu. Olíufélagið, sem Vilhjálmur stýrði, skaut sér undan tollum með því að flytja olíu milli tanka. Brotin voru framin 1950-60. Kananum var varla skemmt, þegar rússnesk olía fannst í bandarískum tönkum innan vallarsvæðisins. Aðild Bandaríkjamanna að rannsókninni torveldaði yfirhylmingu. Málið fór fyrir dóm. Framkvæmdastjóri félagsins var dæmdur í fjögurra ára fangelsi og stjórnarmenn í fjársektir. Stjórnarformaðurinn, Vilhjálmur Þór, þá seðlabankastjóri, fékk dóm í undirrétti, vægan að vísu, og var sýknaður í Hæstarétti 1963 á þeirri forsendu, að sök hans væri fyrnd. Kristján Pétursson löggæzlumaður lýsir olíumálinu í bók sinni Margir vildu hann feigan (1990).

### Samhengið við fortíðina

Kannski hefðu helmingaskiptaflokkarnir vandað sig betur við einkavæðingu bankanna, hefðu þeir áður horfzt undanbragðalaust í augu við afbrot Vilhjálms Þór og önnur skyld brot í bönkunum og annars staðar. Hrunið kallar á, að nú verði, þótt seint sé, gerð fullnægjandi grein fyrir þessum gömlu brotum. Til að uppræta spillinguna, sem varð Íslandi að falli, þurfa Íslendingar að horfast fordómalaust í augu við fortíðina, hefja sig yfir flokkadrætti og hætta að halda með flokknum sínum eins og fótboltaliði. Höldum heldur með leiknum.

## Bankar á villigötum

**UMRÆÐAN**
Skúli Helgason skrifar um starfshætti banka

**SKÚLI HELGASON**

Mikil umræða hefur skapast um meðferð bankanna á skuldsettum fyrirtækjum. Eitt alvarlegasta dæmið þar um tengist fyrirtækinu Samskipum þar sem fyrri eigandi, sem hefur réttarstöðu grunaðs í umfangsmiklu fjársvikamáli, mun eiga að fá fyrirtækið í sínar hendur að lokinni skuldameðferð.

Viðskiptanefnd Alþingis hefur þrýst á bankana að setja sér samræmdar reglur um endurskipulagningu fyrirtækja. Þau drög sem þar liggja fyrir sýna að bankarnir virðast fyrst og fremst leggja til grundvallar hámörkun arðsemi til skemmri tíma en láta hjá líða að læra af þeirri reynslu sem steypti fjármálakerfinu í glötun og lagði þungar byrðar á herðar almennings í landinu.

Ég vil nefna nokkur sjónarmið sem ég tel nauðsynlegt að höfð séu í huga í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að kanna til hlítar hvernig setja megi skorður við því að stjórnendur stórfyrirtækja sem hafa komið þeim í þá stöðu að þau geta ekki greitt skuldir sínar, geti fengið fyrirtæki í hendur að lokinni skuldameðferð bankanna. Í öðru lagi verði þess gætt að öll fyrirtæki yfir tiltekinni stærð fari í almennt opið söluferli þar sem allir fjárfestar sitji við sama borð en fyrri stjórnendur njóti þar ekki forréttinda.

Í þriðja lagi að almenningur og fjölmiðlar hafi beinan aðgang að upplýsingum um skuldameðferð fyrirtækja þegar umfang afskrifta fer yfir tiltekið hlutfall. Í fjórða lagi að óháður eftirlitsaðili gæti þess sérstaklega að jafnræðis sé gætt við skuldameðferð fyrirtækja í sambærilegum málum.

Síðast en ekki síst þarf að vega og meta til niðurstöðu þau lagalegu og siðferðilegu sjónarmið sem tengjast stöðu einstaklinga með réttarstöðu grunaðra í málum af þessu tagi.

Hér er mikið í húfi – við eigum að gera kröfu til þess og fylgja því fast eftir að hér rísi fjármálakerfi sem miðar ekki einungis að hámarks arðsemi heldur nýtur trausts fólksins í landinu, fjármálakerfi sem byggir á faglegum viðskiptaháttum, viðskiptasiðferði og samfélagslegri ábyrgð.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **RÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Nýtt kortatímabil

## Íslandsfugl frosinn heill kjúklingur 1.flokkur

## Aðeins 498 kr.kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

# Ekki batnar það – ráðherra á villigötum

**UMRÆÐAN**
Ari Trausti Guðmundsson skrifar um skuldavanda

ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Í viðtali í Fréttablaðinu 13. feb. svarar Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra spurningum blaðamanns. Þegar spurt er um skuldavanda heimila svarar ráðherra og er inntakið þetta:

- bankar eiga að bera byrðar sem hljótast af greiðsluvanda heimila, ekki á að ríkisvæða þennan kostnað af hruninu
- tryggð hafa verið úrræði sem gera öllum þorra fólks kleift að standa í skilum
- hinir sem eru í vanda þrátt fyrir þessi úrræði eru þrenns konar fólk: Þeir sem eru með viðkvæman tekjugrunn eða hafa misst vinnu, þeir sem keyptu á óheppilegum tíma og loks þeir sem tefldu of djarft við skuldsetningu sjálfra sín. Þessu fólki eiga bankar að gera kleift að greiða af lánum og halda veðum í hófi.

Líklega þarf langa hag- og siðfræðigrein til að svara þessari sýn ráðherrans á hrunið, heimilin og skyldur borgarana. Ekki ætla ég mér þá vinnu. Hitt vita flestir að skuldi menn meira en fáeinar milljónir í meðalhúseign er, með stefnu stjórnvalda og vitund ráðherrans, verið að berja mjög fast á þeim skuldurum með öllum ráðum. Þeim er einfaldlega ætlað að greiða hundruð milljarða upp í hrunskuldir ríkis og banka á næstu árum um leið og þeir horfa upp á eignarhluta sína rýrna þrátt fyrir skilvísu greiðslurnar. Í því samhengi er grátbroslegt að sjá ráðherrann tala um að ekki skuli ríkisvæða kostnað af greiðsluhjálp við þorra fólks í landinu. Ríkisvaldið ber nefnilega stóran hluta ábyrgðar á hruninu og getur með engu móti sagt sig frá sérvöldum kostnaði af því, gagnvart þorra borgaranna. Hvers konar siðræn rök mæla með því?

Enn grátbroslegra er að halda því fram að núverandi úrræði geri þorra fólks kleift að standa í skilum. Vissulega geta menn borgað af skuldum um það bil þar til gjaldþrot er í augsýn en slíkt holtaþokutal felur þá staðreynd að á meðan því fer fram étur verðtryggingin, verðbólgan og hávaxtastefnan upp þau verðmæti sem menn hafa unnið fyrir, og það mjög hratt um þessar mundir. Ef einhver á 40 milljón króna eign og skuldar verðtryggðar 15 í henni, er þá ásættanlegt að hann borgi af láninu nokkur næstu ár og sjái á meðan eignarhlutann rýrna um 10-20%? Þetta er það sem þorri skuldara stendur frammi fyrir, ráðherra góður. En vill ekki.

Kemur þá að þrískiptingu þeirra sem eru um það bil að kikna eða hafa kiknað undan lánum. Án hliðsjónar af því af hverju svo er komið, er löngu orðið ljóst af reynslunni, af umsögnum þessa fólks, af könnunum og ályktunum, t.d. ASÍ, að úrræði stjórnvalda duga ekki. Vissulega geta einhverjir reynt að selja, eins og ráðherrann bendir á, snjósleða eða sumarbústað sem þeir keyptu of glannalega en slíkt hjálpar bara sumum og ef til vill ekki svo glatt í miðri kreppu.

Þegar allt er þá til talið, blasir við, ef fram heldur sem horfir, að allur þorri fólks verður látinn greiða sinn kreppuhluta og miklu meira til af sjaldgæfri hörku. Villigötur ráðherrans og stjórnvalda í þessum efnum eru því miður farnar af því þessi þáttur kreppuviðbragðanna er rangur. Og allra síst er hann jafnaðarmennska.

En hvað á það að gera? spyrja menn. Meginverkefnið er að lækka höfuðstól lána niður í það sem var fyrir hrun og endurskoða bæði verðtryggingu og vexti. Bankar, sem eru að hluta í eigu erlendra vogunarsjóða, ríkið (Íbúðalánasjóður) og lífeyrissjóðir verða að taka kostnaðinn á sig að þessu marki. Þorri almennings borgar engu síður væna fúlgu með lagfærðum afborgunum, sköttum og öðrum félagslegum greiðslum. Og mun gera það af fullri þegnskyldu þegar vitað er að sanngirni ræður.

*Höfundur er jarðeðlisfræðingur og rithöfundur.*

# Rökin fyrir fyrningarleiðinni?

**UMRÆÐAN**
Hjörtur Gíslason skrifar um fyrningu aflaheimilda

HJÖRTUR GÍSLASON

Með margræðni tungumálsins og hálfkveðnar setningar að leiðarljósi hefur útvegsmönnum verið lýst sem fjandmönnum fólksins um leið og skírskotað hefur verið til frumstæðra hvata eins og öfundar, en hvorki skynsemdar né vitsmuna. Klifað hefur verið á fáeinum merkingarlitlum slagorðum sem eru endurtekin sí og æ."

Þessi tilvitnun gæti allt eins hafa verið skrifuð í gær en staðreyndin er sú að hún er frá árinu 2003 og sótt í grein Sigurðar Líndal, lögfræðings og fyrrverandi prófessors, sem hann skrifaði í apríl það ár. Við lestur greinarinnar verður manni ljóst að umræðan sjö árum síðar hefur lítið breyst. Gömlu andlitin eru flest á sínum stað með örfáum undantekningum og sömu slagorðum beitt.

Ég leyfi mér að vitna aftur í grein Sigurðar þar sem hann segir: „Ég geri enga athugasemd þótt menn vilji breyta stjórnkerfi fiskveiða, telji t.d. handstýringu stjórnmálamanna vænlegri en markaðslausn í anda atvinnufrelsis og sérskatta á útgerðina réttlætismál. En ég fer fram á að menn tjái sig eins og þeir séu að tala við vitiborið fólk og segi skýrt og skilmerkilega hvað þeir gagnrýni, hverju þeir vilji breyta og rökstyðji það."

Það er einmitt þetta ákall lagaprófessorsins um rökstuðning sem mig langar til að gera að umtalsefni. Ríkisstjórnin áformar að hefja fyrningu aflaheimilda í haust. Það liggur ljóst fyrir að fyrningarleiðin færir þjóðinni ekki aukin verðmæti. Félagar mínir í útgerð hafa hver á fætur öðrum komið fram undanfarið og varað við þessum hugmyndum. Forystumenn sjómannasamtakanna vara við þeim. Sveitarstjórnir um land allt vara við þeim. Stjórnvöld hlusta ekki.

Útvegsmenn hafa látið endurskoðunarfyrirtækið Deloitte vinna skýrslu um áhrif fyrningarleiðarinnar á sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Niðurstaðan er einföld en ógnvekjandi: Á aðeins fáum árum leiðir hún til gjaldþrots útgerða. Stjórnvöld hafa ekki vefengt niðurstöðurnar. Þaðan af síður virðast þau hafa unnið faglega úttekt á eigin vegum á áhrifum þessara hugmynda. Sé það ásetningur þeirra að fara þessa leið er þá til of mikils mælst að þau leggi fram rök máli sínu til stuðnings?

„Útvegsmenn hafa látið endurskoðunarfyrirtækið Deloitte vinna skýrslu um áhrif fyrningarleiðarinnar á sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Niðurstaðan er einföld en ógnvekjandi: Á aðeins fáum árum leiðir hún til gjaldþrots útgerða. Stjórnvöld hafa ekki vefengt niðurstöðurnar."

*Höfundur er stjórnarformaður Ögurvíkur hf.*

# Að dæma í eigin sök

**UMRÆÐAN**
Vigdís Erlendsdóttir skrifar um barnavernd

VIGDÍS ERLENDSDÓTTIR

Það er aldrei trúverðugt þegar menn gerast dómarar í eigin sök. Sama máli gegnir um stofnanir. Þær geta hvorki dæmt í eigin málum né verið eftirlitsaðilar með sjálfum sér ef traust á að ríkja um starfsemi þeirra. Þetta sanna ótal sorgleg dæmi og eitt slíkt ætla ég að gera að umtalsefni hér.

Þriðja febrúar sl. var maður sem starfað hafði á meðferðarheimili fyrir börn sakfelldur í Héraðsdómi Norðurlands-eystra fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum sem þar höfðu verið vistaðar. Ekki var ákært fyrir þriðju stúlkuna sem einnig hafði borið manninn sökum. Heimilið sem um ræðir lýtur yfirumsjón Barnaverndarstofu en meðferðarheimili landsins eru rekin á grundvelli þjónustusamninga við stofuna sem jafnframt hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með þeim.

Í fréttum um málið kom fram að maðurinn hafði áður verið sakaður um kynferðisbrot á meðferðarheimilinu en þá greindi stúlka frá því að hann hefði misnotað hana og aðra stúlku sem þar var vistuð. Maðurinn var þá leystur tímabundið frá störfum en hóf störf á öðru meðferðarheimili þegar rannsókn lögreglu leiddi ekki til ákæru. Þegar það heimili var lagt niður fór maðurinn aftur í sitt gamla starf.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að stúlkan sem fyrst bar fram ásakanir um kynferðisbrot af hendi mannsins gaf skýrslu um málið sama dag og hún útskrifaðist af meðferðarheimilinu. Hin stúlkan var enn vistuð á heimilinu og laut því umsjá vinnuveitanda mannsins og vinnufélaga þegar hún gaf skýrslu nokkrum dögum síðar. Neitaði hún við skýrslutöku að brotin hefðu átt sér stað. Tæpu ári síðar greindi hún fósturforeldrum sínum frá brotunum en þá höfðu henni borist upplýsingar um að þriðja telpan sem þá var vistuð á heimilinu sætti áreitni af hendi mannsins sem enn var þar starfandi. Fram kom fyrir dómi að stúlkunni hafi fundist þær væntingar standa til hennar er hún gaf skýrslu í fyrra skiptið að hún myndi ekki staðfesta frásögn stúlkunnar sem fyrst hafði greint frá brotunum.

Í viðtali við DV þann 29. sept. 2009 segir forstjóri Barnaverndarstofu það meginreglu „að ef rannsókn leiði til ákæru [sé] mönnum sagt upp störfum þó sekt hafi ekki sannast". Stofan geri jafnframt sínar eigin athuganir. „Það skiptir máli að það ríki traust um okkar starfsemi og börn njóti vafans. En með þessu erum við ekki að taka þá afstöðu að það dugi eitt og sér að barn beri á starfsmann háttsemi af þessu tagi. Það þurfa að vera ákveðin rök eða ákveðin málsatvik að mati stofnunarinnar sem leiða til slíkrar ákvörðunar."

Ekki reyndust börnin njóta vafans í því máli sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur mál stúlkunnar sem ekki var ákært fyrir óbætt hjá garði. Starfsmenn barnaverndarnefnda viðkomandi sveitarfélaga gerðu það sem þeim bar sem og lögregla sem rannsakaði og upplýsti málið. Framlag Barnaverndarstofu til lausnar málsins er hins vegar vandséð. Stofan leysti manninn tímabundið frá störfum, fékk honum svo starf á öðru meðferðarheimili og heimilaði honum að lokum að snúa aftur á sinn gamla vinnustað. Ekki var séð til þess að stúlkan sem gefa skyldi skýrslu í málinu yrði vistuð annars staðar meðan málið var í rannsókn. Þó hefði hverjum þeim sem hefur lágmarksþekkingu á þessum málaflokki mátt vera ljóst að vera hennar á vistheimilinu gæti dregið úr líkum á því að hún segði frá.

*„Framlag Barnaverndarstofu til lausnar málsins er hins vegar vandséð. Stofan leysti manninn tímabundið frá störfum, fékk honum svo starf á öðru meðferðarheimili og heimilaði honum að lokum að snúa aftur á sinn gamla vinnustað."*

Ætla má að ómarkviss viðbrögð Barnaverndarstofu í þessu máli skýrist af hinu tvöfalda hlutverki hennar sem veitandi þjónustu og eftirlitsaðili. Þá er tilraun Barnaverndarstofu til að búa sér til ytri mælikvarða á hvenær starfsmanni sem borinn hefur verið sökum sé treystandi til að vinna á meðferðarheimilum byggð á misskilningi. Ákvörðun um ákæru er ágætur mælikvarði á líkur á að sekt sannist fyrir dómi en afleitur mælikvarði á hvort manni sé treystandi fyrir börnum og ætti því ekki að hafa neitt vægi við slíkt mat.

Enn og aftur hefur sannast sú brýna þörf sem félags- og tryggingamálaráðherra bendir á í yfirlýsingu frá 8. sept. 2009 vegna skýrslu vistheimilanefndar: „Það er óhjákvæmilegt að koma á algerlega sjálfstæðu eftirliti með velferðarþjónustu á vegum hins opinbera og skilja slíkt eftirlit með öllu frá þeim stofnunum sem taka ákvarðanir um hvar og hvernig þjónusta er veitt, svo ekki sé minnst á þær stofnanir sem þjónustuna veita. Þannig styrkjum við eftirlitið og tryggjum algert hlutleysi þess."

*Höfundur er sálfræðingur.*

Reykjavíkurborg
Menntasvið

**Staða skólastjóra**
**við nýjan skóla í Úlfarsárdal**

Auglýst er eftir skólastjóra við nýjan skóla í Úlfarsárdal, sem tekur til starfa

1. ágúst 2010. Skólinn er fyrir 1-10 ára börn og á að veita börnum og foreldrum góða þjónustu með metnaðarfullri leikskólamenntun og umönnun, grunnskólamenntun og frístundastarfi undir einu þaki.

Leitað er að skólastjórnanda til að stýra uppbyggingu á nýstárlegu skólastarfi, einstaklingi sem hefur þekkingu og skilning á faglegum áherslum fyrstu skólastiganna og á íþrótta- og tómstundafræðum. Hann þarf að vinna í góðu samstarfi við fagsvið borgarinnar og foreldra í Úlfarsárdal til að tryggja samfellu í starfsháttum allra árganga skólans í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í leikskóla- grunnskóla- og frístundastarfi.

**Áherslur í skólastarfi:**
- Læsi og lesskilningur
- Listir og skapandi greinar
- Umhverfismennt
- Félagsfærni og virk þátttaka barna

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.
- Veita skólanum faglega forystu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla.
- Annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri.
- Bjóða nemendum upp á fjölbreytt tómstundastarf.

**Hæfniskröfur :**
- Hefur leyfi til að nota starfsheitið grunnskóla- eða leik skólakennari
- Hefur framhaldsmenntun í stjórnun og/eða reynslu af stjórnun
- Hefur reynslu af kennslu á grunnskóla- og/eða leikskólastigi
- Reynsla af frístundastarfi með börnum og unglingum er æskileg.
- Er reiðubúinn að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hefur stjórnunarhæfileika og er lipur í mannlegum samskiptum.

Frá og með hausti 2010 verða í nýja skólanum í Úlfarsárdal nemendur frá eins árs aldri til og með 10 ára aldurs, sem eru nemendur í 5. bekk grunnskóla og bætist síðan við einn árgangur árlega. Áætlað er að 35 börn á leikskólaaldri verði í skólanum í haust og 30 börn á grunnskólaaldri. Æskilegt er að skólastjóri getið hafið störf 15. apríl nk. Óskað er eftir því að í umsókn komi fram í stuttu máli hugmyndir um útfærslu á samþættingu skólastarfs í ljósi áherslna Reykjavíkurborgar um að sameinað verði í einni stofnun, leikskóli, grunnskóli og frístundastarf fyrir börn frá eins árs til tólf ára aldurs. Jafnframt er óskað eftir því og að gerð verði grein fyrir hugmyndum um samvinnu innan skólans og við foreldra og grenndarsamfélagið Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar.

**Umsóknarfrestur er til 1. mars 2010. Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/störf eða hjá Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101- Reykjavík, bt. Valgerðar Janusdóttur, mannauðsstjóra Menntasviðs sem jafnframt veitir nánari upplýsingar, netfang valgerdur.janusdottir@reykjavik.is, sími 4117000.**

# Með skarð í vör eða góm

**UMRÆÐAN**

Þórir Schiöth skrifar um tannlækningar

Tvær nýjar reglugerðir (1060 og 1061/2009) tóku gildi um áramótin, sem heimila endurgreiðslur afturvirkt tvö ár aftur í tímann til handa þeim sem hafa lent í miklum útgjöldum vegna tannréttinga. Voru tannlæknar afar sáttir við setningu þeirra enda þótt þeir undruðust hve heilbrigðisyfirvöld ákváðu að gefa fólki skamman frest til að sækja um endurgreiðslur á grundvelli reglugerðanna, eða aðeins einn mánuð. Fresturinn rann út 1. febrúar síðastliðinn.

ÞÓRIR SCHIÖTH

Á sama tíma og þessar tvær reglugerðir voru settar tók þriðja reglugerðin gildi, 1058/2009. Þar kveður við annan tón og við þá reglugerð eru tannlæknar afar ósáttir. Hún kom hún flatt upp á tannlækna enda ekkert samráð við þá haft um gerðina.

### Samningaviðræðum slitið

Samningaviðræður hafa staðið yfir við tannlækna um lausn á kostnaðarvandamálum barna og unglinga með skarð í vör og góm. Þessi hópur þarf á langtímatannréttingu að halda, en endurgreiðslan frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) hefur verið mjög lítil til þessa hóps og sitja foreldrar því uppi með mikinn kostnað. Með setningu reglugerðar 1058 settu heilbrigðisyfirvöld lausn þessara mála í algert uppnám því samningaviðræðum hefur verið slitið.

### Óásættanleg reglugerð

Samkvæmt reglugerðinni eru tannlæknar neyddir til að skrifa undir ákveðinn samning, annars fellur réttur sjúklinga til styrks niður. Einnig fellur réttur sjúklinga niður ef tannrétting er byrjuð áður en sótt er um til Sjúkratryggingastofnunar Íslands. Að auki er styrkur felldur niður til þeirra sem ekki hafa sterkar læknisfræðilegar forsendur fyrir tannréttingunni. Tryggingatannlækni er falið að gera mat á þeim læknisfræðilegu forsendum, en hann er ekki sérmenntaður í tannréttingum heldur tannholdsjúkdómum. Við þetta geta tannlæknar ekki sætt sig.

### Tannlæknar skrifa ekki undir og sjúklingar fá ekki endurgreitt

Í reglugerðinni er ekki tekið tillit til þess að tannréttingar auka lífsgæði sjúklinga, einungis er lagt kalt mat á gipsafsteypur tanna. Neyða á tannlækna til að gera fyrirfram föst verðtilboð í þeim tilfellum þar sem um er að ræða skarð í vör eða góm. Það er glórulaust því ekki er fyrirséð í upphafi hvaða meðferð mun þurfa. Til útskýringa myndi enginn læknir gera bindandi kostnaðaráætlun áður en hann færi að meðhöndla sjúklinga með heilkenni eða sjúkdóma sem ekki er fyrirséð hvernig muni þróast. Þessa reglugerð geta tannlæknar ekki sætt sig við og neita því að skrifa undir samning við SÍ. Engir nýir sjúklingar sem eru að byrja meðferð fá því endurgreitt meðan deilan er í hnút, ekki heldur þeir sem eru með skarð í vör og góm.

*Höfundur er tannlæknir, sérmenntaður í tannréttingum og fyrrverandi formaður Tannlæknafélags Íslands.*

# Hvítabirnir og staðreyndir

**UMRÆÐAN**

Birgir Guðjónsson skrifar um hvítabirni

Enn á ný leyfir fulltrúi umhverfisráðuneytisins sér að koma fram með villandi jafnvel rangar upplýsingar til að réttlæta dráp á hvítabjarnarhúni. Hann fullyrðir að það sé enginn stofnstærðarvandi. Jafnvel mætti skilja svo að þörf væri á grisjun. Fulltrúar ráðuneytisins hafa sennilega gengið fram hjá styttu úr ís af hvítabirni sem tákni vandans á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna nýlega í Kaupmannahöfn.

BIRGIR GUÐJÓNSSON

Af nítján undirtegundum hvítabjarna eru átta í hnignun, þrjár stöðugar, ein að fjölga sér en ófullnægjandi upplýsingar varðandi sjö. Þetta er lakara en árið 2005. Að ástandið skuli ekki vera verra er vegna áratuga verndarstefnu þeirra fimm landa þ.e. Rússlands, Bandaríkjanna, Kanada, Danmerkur og Noregs sem bundust samtökum 1973 um verndun þeirra. Heimssamtök um náttúrverndun þ.e. IUCN, flokka hvítabirni enn sem „vulnerable“ sem ef til vill má þýða að ástand þeirra sé viðkvæmt, Bandaríkin sem „endangered“ þ.e. í hættu. Takmarkaðar sportveiðar eru aðeins leyfðar í Kanada. Veiðar frumbyggja annars staðar eru takmarðar, en voru lengi t.d. algjörlega bannaðar í Rússlandi. Kerfisbundið dráp hvítabjarna fer hvergi fram nema á Íslandi.

Fulltrúinn heldur því fram að dýrin séu stórhættuleg. Skilja mætti svo að þau komi hingað sérstaklega til að éta Íslendinga. Mesta nábýli hvítabjarna og manna er sennilega í bænum Churchill í Kanada og á Svalbarða. Ekki hefur mikið frést af fækkun mannfólks á þessum stöðum.

Fulltrúinn heldur því fram að kostnaður við björgun sé yfirgengilegur. Kostnaður við landgöngu hvítabjarnar verður alltaf nokkur við dráp, flutning, „vísindarannsóknir“, uppstoppun og geymslu. Þá er ekkert sparað og jafnvel flugfloti Landhelgisgæslunnar sem kostar 400 til 500 þúsund á klukkustund notaður óspart. Dráp hvítabjarna hér á nokkurra ára fresti mun hins vegar ekki hafa mikil áhrif á stofninn né gera orðstír Íslands verri.

*Höfundur er læknir*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


HÁSKÓLA DAGURINN

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar

Háskóladagurinn 20. febrúar klukkan 11.00 – 16.00

**Þetta er snúið en þú hefur val!** Yfir **500 námsleiðir** í boði.

Í Ráðhúsi Reykjavíkur verður kynning á námi frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst, Háskólanum á Hólum, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands.

Í Háskóla Íslands, Háskólatorgi, Gimli og Odda verður kynning á námi við Háskóla Íslands.

Í Norræna húsinu er kynning á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð.

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar á **www.haskoladagurinn.is**.

# Úr samtali meðal kvikmyndagerðarfólks

**UMRÆÐAN**

Eline McKay skrifar um niðurskurð til kvikmyndagerðar

ELINE MCKAY

Það er eitt sem við erum að gleyma hér á Íslandi í okkar vonleysi og stjórnleysi. John Lennon er hjá okkur.

Við Íslendingar erum að veita mikla raforku í ljósið hans Lennons: Imagine Peace Tower. Ég legg til að við förum líka að leggja til hugarorku.

Það liggur eitthvað í loftinu núna og ekki bara hér. Heimurinn er orðinn svo vondur núna að þetta gengur bara ekki lengur. Og heimurinn lítur til Íslands. Það líður öllum illa. Ég var í London í nóvember og andlit fólksins voru samanherpt. Ég sat úti á kaffihúsi og tók eftir konu í fjöldanum sem hágrét og öllum fannst það bara eðlilegt.

Hér heima er rannsóknarskýrslan væntanleg og það er búist við illindum. Þegar ég stakk upp á að mæta á Austurvöll og syngja: „The Sun will come out tomorrow“, þá mættu þrjár konur og einn lögreglubíll.

Vandamálið er að við verðum að fara að tala saman, en vitum ekki hvernig við eigum að fara að því.

Þegar fólk byrjaði að tala saman á sjöunda áratugnum, varð til hippamenning frelsis og skapandi listamanna. En eftir því sem fólk talaði meira saman, þá komu ýmis ljót graftarkýli samfélagsins í ljós, sem að varð að stinga á. Blökkumenn risu upp, konur risu upp, en kannski stærsta upprisan var gegn stríðinu í Víetnam. Kjarkur hinna fékk svo einnig samkynhneigða til að rísa upp.

Öll þessi barátta varð fyrir gífurlegum áföllum sem þaggaði niðri í okkur öllum. Mótmælin urðu ofbeldisfull, leiðtogar þeirra myrtir og ofan á allt saman kom AIDS.

Það sem John og Yoko lærðu af þessu öllu var, að við gerðum öll mistök. Við snerumst gegn hvert öðru og soguðumst inn í markaðshyggjuna og óttann.

Það er ekkert jafn lamandi og óttinn, og hann hefur alltof lengi fengið að vera við stjórn í heiminum. Við erum öll mannleg og því miður fylgja mannlegu eðli breyskleikar, eins og græðgi og afbrýðisemi þó yfirleitt sé það nú óttinn í raun sem kyndir undir þessar tilfinningar. Listamenn féllu í þá gryfju að fara að líta á sjálfa sig sem söluvöru og buðu þannig sjálfsniðurrifið og óttann velkominn, því ekkert þaggar jafn mikið niður í listamanni eins og óttinn um að vera ekki nógu góður. Viðbrögð karlmanna við kvennabaráttunni skapaði gjá á milli kynjanna sem hefur enn ekki verið brúuð. Við gerðum ástina að ómerkilegri söluvöru kynlífs. Og ekki nóg með það, heldur tókst okkur líka að gera sjálfsvirðinguna að söluvöru, tengja hana við peninga og stærð jeppans sem fólk keyrir á.

Femínistinn Barbara Roberts sagði á áttunda áratugnum: „So long as men are at war against women, peace for all of humankind cannot exist, and there is no safe place on earth for any of us.“

Heimurinn í dag er lamaður. Írak og Afganistan eru annað Víetnam og enginn þorir að segja neitt því við erum öll svo buguð.

Við konur erum búnar að þegja mjög lengi, en ég held að við séum allar búnar að vera að bíða eftir því að stríðsöxin verði grafin á milli kynjanna. Við erum öll að verða svolítið hungurmorða af ástleysi. Ef við vinnum okkur út úr þessu saman, í ást á milli kynjanna, þá verða hin vandamálin lítilfjörleg og auðveld að leysa.

Við kvikmyndagerðarmenn höfum lengi barist eins og hundar um kjötlaust bein. En við erum allt í einu komin í þá stöðu að konur eru við völd og þær beita aðferðum kattarins. Kettir eiga það til í miðjum slag að kyssa andstæðing sinn á nefið. Þetta afhjúpar andstæðinginn alveg og ruglar hann í ríminu.

Þetta gerði Katrín Jakobs við okkur, hún kyssti okkur á nefið og við urðum hljóð. Mamma sagði: „Svona er þetta bara“ og rétti okkur eplið af skilningstrénu. Og við verðum að bíta í það súra epli og skilja niðurskurðinn. Og við gerum það.

En það sem situr í mér er, af hverju þessi atvinnugrein í heild sinni sem hefur nú árum saman barist um kjötlaust bein. Nú, árið 2010, átti fjárveiting í Kvikmyndasjóð að vera 700 milljónir, sambærileg við Þjóðleikhús Íslendinga. Hún er hins vegar í raun 450 milljónir.

Menningin er leið til að tjá raddir fólksins í formi listgreina. Platon benti réttilega á að rithöfundar væru hættulegir því þeir hafa tilhneigingu til að segja sannleikann. En við megum ekki vera hrædd við sannleikann. Og stjórnvöld mega ekki vera hrædd við að hlusta á raddir fólksins. Ef sannleikurinn er óréttlæti og stuldur á peningum í öllum

*Þetta gerði Katrín Jakobs við okkur, hún kyssti okkur á nefið og við urðum hljóð. Mamma sagði: „Svona er þetta bara“ og rétti okkur eplið af skilningstrénu. Og við verðum að bíta í það súra epli og skilja niðurskurðinn. Og við gerum það.*

stjórnkerfum og bönkum, þá er það okkar menningarlega uppeldi sem gerir okkur kleift að hlusta með opnum huga fyrirgefningarinnar, og fara að byggja upp að nýju.

Nú erum við í þeirri stöðu að við verðum að fara að tala saman. Því meir sem við tölum þá á eflaust eftir að koma fram einhver skítur, því það gerist þegar stungið er á kýli. En Vigdís forseti er búin að segja okkur hver sé lausnin við því, með góðlátlegu brosi. „Lærum að tala saman án þess að rífast. Verum sammála um að vera ósammála. Hlustum á hvert annað.“

Og við verðum að fara að hlusta á hvert annað. Hverja einustu rödd. En þegar raddirnar byrja að flæða, þá er það menningin sem veitir þeim skjól.

Þess vegna set ég eðlilega spurningarmerki við þá stefnu stjórnvalda að drepa niður menninguna og hrekja listamenn úr landi. Mér finnst ekki úr lagi að kynna sér stefnu annars forseta, að nafni Franklin Roosevelt, en hans aðferð við að koma Bandaríkjunum út úr kreppunni miklu, var að glæða vonina í brjósti fólks. Hann gerði það með því að dæla peningum í menningu og umhverfið. Fór hreinlega út í það að virkja skógrækt og garðyrkju til að fólk sæti ekki heima atvinnulaust.

Við kvikmyndagerðarfólk höfum lengi barist fyrir því að það verði farið að líta á menninguna sem virðingarverða atvinnugrein sem skili sér margfalt aftur til samfélagsins.

En þessi barátta í sjálfu sér er fáránleg. Eins og Balti sagði: „Það vill enginn vera þar sem er ekki náttúra og menning.“ Og við vitum það öll, með hliðsjón af sögunni að raunveruleg velmegun helst í hendur við menningu á háu plani.

Addi Knúts talaði um hvað við ætluðum að verða þegar við verðum stór. Ef við förum nú að hugsa Upp, upp mín sál, og lyftum okkur upp á hærra menningarlegra plan, þá getum við séð hlutina í miklu víðara samhengi. „Ég er svona stór,“ segja börnin og lyfta höndum til himins.

Við mættum á fund hjá Kvikmyndasjóði prúð og stillt. Enda ekki nema von því við vorum að mæta á teppið hjá skólastjóranum okkar. En skóli er ekkert án nemenda sinna, og við sem börn gefumst aldrei upp. Við erum öll reiðubúin að vinna sem samherjar við að efla skólann okkar, læra af hvort öðru, gróðursetja nokkrar listaspírur úti í móa ef við höfum ekkert annað að gera.

En þolinmæðin á sér sín takmörk og börn hafa lag á að finna sér nýjar leiðir, til dæmis með því að flytja úr landi. Þetta er spurning um að leyfa okkur að prúðbúast, upphefja sjálfsvirðingu okkar, tungu, og sögu og leggja Íslandi lið.

*Höfundur er leikkona, handritshöfundur og leikstjóri og starfar við íslenska kvikmyndagerð.*

**TÍSKUSÝNING MARC JACOBS** í New York vakti mikla eftirtekt þar sem hönnuðurinn bannaði öllum stjörnum að sitja á fremsta bekk. Hann lét hafa eftir sér að stjörnukúltúrinn væri leiðinlegur og þar við sat. Annars þóttu föt Jacobs mun dempaðri en menn eiga að venjast og ljóst að hann leitaði til fortíðar í hönnun sinni.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
grisport
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Heilsudýnan sem slegið hefur í gegn í Svíþjóð
Nálastungudýnan
• Gefur þér aukna orku og vellíðan
• Dregur úr vöðvaspennu
• Höfuð- háls- og bakverkjum
• Hefur góð áhrif gegn streitu
• Er slakandi og bætir svefn
Verð frá 9.750 kr.
Opið virka daga frá kl. 9 -18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

LAGERSALA
60-90% afsláttur
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

Elín segir pelsinn koma sér sérstaklega vel á köldum vetrardögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fékk pels frá góðri frænku

**Fyrir góða frammistöðu á tónleikum í Búlgaríu fékk Elín Ósk Óskarsdóttir pels frá frænku sinni. Pelsinn notar hún óspart, ekki síst þegar hún leggur leið sína í Íslensku óperuna þar sem hún syngur á morgun.**

Sópransöngkonunni Elínu Ósk Óskarsdóttur var gefinn minkapels í Búlgaríu fyrir nokkrum árum. „Ég hafði verið að syngja á stórum tónleikum með Fílharmóníusveit Sófíu og Óperukór Hafnarfjarðar og gerðu þeir mikla lukku. Frænka mín var með mér í för og vildi hún endilega að ég myndi finna mér pels. Á aðalverslunargötunni í Sófíu hafði hún fundið pelsabúð og rekist á gráan pels sem hún fékk mig til að máta. Hann var fallegur en passaði mér hins vegar ekki.“

Elín fór þá að svipast um eftir öðrum pelsum en þegar hún var búin að fara í marga hringi og að því komin að gefast upp sá hún sérstaklega fallegan pels á slá. „Hann var síður og hlýlegur eins og ég vildi hafa hann með glæsilegum standkraga. Þegar átti að fara að borga tók búðin ekki kort og þurfti frænka mín að ganga verslunargötuna á enda til að finna hraðbanka. Þegar hún kom til baka vildi hún endilega fá að gefa mér pelsinn fyrir frammistöðuna. Það þýddi ekkert fyrir mig að mótmæla því og raunar komum við út með þrjá pelsa enda verðlagið allt annað en við þekkjum hér heima.“ Elín gekk síðan með pelsinn á arminum gegnum flughafnir og til Íslands enda á ferð síðla vors en síðan hefur hún notað hann óspart.

Í pelsinum fer Elín oft í Íslensku óperuna þangað sem hún á oftar en ekki erindi en á morgun klukkan 20 stígur hún á svið í Aidu, einni þekktustu óperu sögunnar. Um er að ræða tónleika þar sem öll helstu einsöngs- og samsöngsatriði óperunnar eftir Verdi verða flutt. Elín fer með hlutverk Aidu, Jóhann Friðgeir Valdimarsson með hlutverk Radamesar og Hörn Hrafnsdóttir með hlutverk Amnerisar. Einungis er gert ráð fyrir einni sýningu og vonast Elín til að sem flestir flykkist á hana.

*vera@frettabladid.is*

FRAMTÍÐIN Í FJÖLSTILLANLEGUM RÚMUM
PRODIGY™
- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum
- Fæst bæði með dökkum og ljósum lit

" IQ-CARE heilsudýnurnar hafa svo sannarlega slegið í gegn hér á landi. Þær eru einstakur valkostur og hafa reynst frábærlega vel. Viðskiptavinir okkar velja þær yfirleitt í stillanleg rúm sín enda eru dýnurnar sérstaklega hannaðar til að þola allar hreyfingar sem stillanleg rúm gera kröfu til. Með komu IQ-CARE heilsudýnanna höfum við enn betur náð að koma til móts við sértækustu þarfir viðskiptavina okkar og finna þá lausn í dýnu sem best hentar hverjum og einum "
*Sigurður Matthíasson , forstjóri*
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

# TÍSKA

**KARDASHIAN-SYSTURNAR** Kim, Kourtney og Khloe kynntu fatalínu sína á tískuviku í New York. Hún er unnin í samstarfi við fyrirtækið Bebe. Kardashian-fjölskyldan er þekktust fyrir raunveruleikaþátt sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni E.


MAXIWELL II NUDDARINN loksins komin aftur!
- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

WWW.LOGY.IS

LOGY EHF - BERJARIMI 6 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI 661-2580 OG 588-2580
SENDUM Í PÓSTKRÖFU EÐA KEYRUM HEIM Á REYKJAVÍKURSVÆÐI

Hér má sjá hálsfestina Baldursbrá en blómið, má taka af og nota sem nælu.

Hringur úr Icesaveþvælu-línu Dýrfinnu en henni tilheyra einnig hálsmen og nælur. Hringurinn er úr silfri með rúbín-steini.

Þessi næla heitir útgeislun.

# Baldursbrá og Icesaveþvæla

**Dýrfinna Torfadóttir, skartgripahönnuður á Akranesi, var útnefnd bæjarlistarmaður fyrir skemmstu. Hún fer gjarnan óhefðbundnar leiðir í listsköpun sinni og hefur meðal annars búið til Icesaveþvælu.**

Gullsmiðurinn og skartgripahönnuðurinn Dýrfinna Torfadóttir var útnefnd bæjarlistamaður Akraness fyrir skemmstu en hún hefur gert það gott í bænum síðan hún fluttist þangað frá Ísafirði árið 2001. Akurnesingar hafa tekið listsköpun hennar vel en í rökstuðningi Akranesstofu fyrir útnefningunni segir meðal annars að hún hafi skapað sér persónulegan stíl sem hafi vakið athygli víða um land. Eins að hún hafi skipulagt heimsóknir hópa og ferðafólks til bæjarins til að kynna þeim listsköpun og menningu á Akranesi.

Dýrfinna segir útnefninguna mikinn heiður. „Ég vona að ég geti endurgoldið þetta á einhvern hátt.“

Dýrfinna rekur gullsmíðaverkstæði- og verslun ásamt gullsmiðnum Finni Þórðarsyni að Stillohlti 16-18 á Akranesi.

Útnefningunni fylgir að Dýrfinna þarf að halda sýningu sem hún stefnir á að gera með haustinu en fram að því hefur hún nóg fyrir stafni og stefnir á þátttöku í hönnunarMars og norrænu gullsmiðasýningunni Smycken så in í Norden sem verður haldin í Svíþjóð í byrjun júlí svo dæmi séu tekin.

Dýrfinna vinnur mikið með roð og fjörusteina en þá er ekki langt að sækja enda Langisandur og Breiðin á næsta leiti. „Undanfarið hef ég verið að gera mikið af roðskartgripum og perlufestum ásamt gull- og silfursmíði af ýmsu tagi. Ég reyni að fara óhefðbundnar leiðir og bjóða upp á djarfar útfærslur.“

*vera@frettabladid.is*


Ferming í Flash

Glæsilegt úrval af fermingarkjólum

*Fleiri myndir á facebooksíðu Flash - Laugavegi*

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201


„Í dag snýst tískan um munúð – hvernig konunni líður. Á níunda áratugnum gengu konur í fötum með gríðarmiklum axlapúðum og níðþröngu mitti til að vekja athygli. Nú eru konur mun sáttari við sig sjálfar og líkama sinn. Þær þurfa ekki lengur að fela sig bak við fötin.“

Donna Karan

# Gæddur náðargáfu

**Ein stærsta frétt tískuheimsins í lengri tíma var fráfall tískuhönnuðarins Alexanders McQueen. Frami hans var skjótur enda vakti hann athygli með frumlegri hönnun og stórbrotnum tískusýningum.**

McQueen var yngsti maðurinn til að hljóta titilinn hönnuður ársins í Bretlandi en þann titil hlaut hann fjórum sinnum á árunum 1996 til 2003. Það segir nokkuð um áhrif hans innnan tískugeirans og þá athygli sem hann vakti. Hér gefur að líta nokkur verka hans frá ýmsum tímabilum.



Skrautlegt leðurdress á sýningu Givenchy í París í júlí 2000.

McQueen notaðist við hreint ótrúlega skó á tískusýningu í París í október á síðasta ári.

Þessi drekum skreytti kjóll er hluti af haust- og vetrartískunni 1997/1998 fyrir Givenchy.

Vor- og sumarlína McQueens fyrir 2008 sem sýnd var í París í október 2007.

Íburðarmikill kjóll sem sýndur var í París í mars 2009.

Ljós fjaðrabolur sem sýndur var á tískuvikunni í París í mars 2004.

Drungi fylgdi oft hönnun McQueens. Það sést vel á þessum búningi sem sýndur var í París í febrúar 2008.

NORDICPHOTOS/AFP

BIANCO.WOMAN

BIANCO.WOMAN

Please note that not all products are available in all shops. The prices are recommended and subject to revision without notice.

Smáralind, 5288900
Kringlan, 5332130

BIANCO.®
FOOTWEAR

Flottir skór
á fínu verði

Teg: K 35100
Litir: rautt og svart
Stærðir: 36 – 41
Verð: 9.685.-

Teg: 2907
Litir: rautt og svart
Stærðir: 36 – 41
Verð: 14.685.-

Misty skór
Laugavegi 178

**sími: 5512070**
Opið: mán.–fös. 10–18
lau. 10–14
***Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf***
**www.mistyskor.is**
**Erum einnig á Facebook**





**teg. Splendour** - glæsilegir push up haldarar í BCD skálum á **kr. 6.885,-**



**teg. Cesaria** - mjög fallegir push up BH í BCD skálum á **kr. 6.885,-**

Misty - fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
**Sími 551 3366.**
**Opið mán.-fös. 10-18,**
**laugard. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**
**Erum einnig á Facebook**

**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



**Frábær vara á góðu verði**

**Heilstæðar kremlínur fyrir þig**
- **Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast**
- **Lift- fyrir eldri húð**
- **Margar nýjungar í boði**

**Útsölustaðir:**
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver,
Rima Apótek, Reykjavíkur ap., Fjarðakaup, HNLFÍ,

System belti herra / dömu
kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar
kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar
kr. 34.995.-

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

*12 kg*
Þvottavél
og þurrkari

· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**ALLT HEILSA**

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447


## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Drottningin er fallin

Í síðustu viku féll frá (fyrir eigin hendi að sögn breskra fjölmiðla) einn merkilegasti tískuhönnuður okkar tíma, Alexander McQueen, aðeins fertugur að aldri. Þessi „hooligan de la mode“ eins og sumir kölluðu hann, upprunninn í fátæku hverfi Lundúnaborgar, kom eins og svo margir af ungu ensku kynslóðinni úr hinum fræga St. Martin-skóla líkt og John Galliano og Stella McCartney. Hann byrjaði feril sinn í Savile Row-götunni sem er fræg fyrir sín vel sniðnu ensku jakkaföt og þar saumaði McQueen gróf skilaboð eitt sinn í fóður á jakka handa prinsinum af Wales. Lokasýning Alexanders McQueen þótti svo flott að Isabella Blow, sem var á þeim tíma eins konar Anna Wintour Englands, keypti sýninguna og þannig fékk McQueen strax frá upphafi athygli tískugeirans. Seinna hélt hann til Parísar og reyndi við Givenchy á sama tíma og Galliano byrjaði hjá Dior og hannaði um leið undir sínu eigin nafni. Honum gekk þó ekki eins vel og Galliano og fannst markaðshyggja stærstu lúxussamsteypu heims, LVMH, eiganda Givenchy, hefta sköpunargleði sína og fór þaðan í fússi. Það var svo Gucci-groupe sem gerði honum kleift að opna sitt eigið tískuhús. Isabella Blow studdi hann og átti hann ekki ómerkari vinkonur en Kate Moss og tískublaðamanninn Katie Grand sem auðveldaði honum að komast inn á réttum stöðum.

Sýningar þessa snjalla hönnuðar voru oftast mikið „show“ og jöfnuðust á við hátískusýningar þótt McQueen blandaði sér aldrei í þann hóp. Á einni þeirra duttu fyrirsæturnar sem dauðar niður í lokin og áttu að tákna hnignandi andagift tískuheimsins. Stundum minntu þær frekar á persónur úr Aliens en fyrirsætur á sýningarpalli. McQueen fékk á einni þeirra fatlaða til að sýna hönnunina til að sýna aðra tegund fegurðar. Þannig mætti áfram nefna dæmi um frumleika hans.

Hann var sérstaklega hrifinn af korsiletti, fyrirsætur fengu svimandi hæð með ótrúlegum skóm og ýktar axlirnar settu svip á klæðin. Skemmst er að minnast munnstórra fiðraðra dragdrottninga á sýningu fyrir þennan vetur.

McQueen gældi við myrkar hugsanir og Karl Lagerfeld sagði eftir að fráfall hans fréttist að kannski hefði dauðinn á endanum dregið hann til sín. Verndari hans, Isabella Blow, svipti sig lífi 2007 þá sjúk af krabbameini og í byrjun febrúar skýrði McQueen frá dauða móður sinnar á Twitter og svo virðist sem fráfall hennar hafi borið hann ofurliði. Tískusýningu Alexanders McQueen á tískuvikunni í París 9. mars hefur ekki verið aflýst þótt hönnuðurinn hafi ekki lagt lokahönd á hana fyrir dauða sinn. Líklegt er að hún breytist í mikinn grátkór og minningarathöfn um hönnuðinn. Aðdáendur hans slást um hönnun hans í verslunum.

*bergb75@free.fr*

Nýja tískulínan er nefnd eftir millinöfnum dóttur Kate sem heitir Harlow Winter Kate Madden. Með þeim mæðgum er söngvarinn og pabbinn Joel Madden.

## Ný tískulína Nicole

WINTER KATE ER NÝ TÍSKULÍNA MEÐ FJÖLBREYTTUM FÖTUM SEM NICOLE RICHIE KYNNTI NÝVERIÐ. TÍSKULÍNAN ER NEFND EFTIR DÓTTUR NICOLE.

Tískudrósin, söngkonan og leikkonan Nicole Richie setti á markað skartgripalínuna House of Harlow 1960 í október 2008.
Þar sem viðtökurnar voru framar vonum ákvað hún að auka við hugmyndina og kynnti nýlega til leiks nýja línu undir nafninu Winter Kate. Winter Kate eru millinöfn Harlow, dóttur Nicole og söngvarans Joels Madden.
Kynningin á nýju fatalínunni fór fram í Bloomingdales-versluninni í New York en í merkinu, sem Nicole vinnur í samvinnu við Majestic Mills, má finna fjörutíu hluti: kjóla, blússur, vesti, jakka og margt fleira.
Í vor verður einnig kynnt til leiks ný skólína House of Harlow 1960.

Nicole Richie fetar sín fyrstu spor sem tískuhönnuður.

Straumar í enskri tísku eiga gjarnan rætur í íþróttum og útivist, en í þeirri frönsku koma áhrifin frá leikhúsunum. En það var klæðnaður dansara rússneska ballettsins, sem hélt sína fyrstu sýningu í París árið 1909, sem varð fyrirmynd að nýjum línum í fatnaði Pauls Poiret.

**Tíska aldanna**


**HANSKADAGAR**
**NÚ ERU SÍÐUSTU HANSKADAGAR VETRARINS**

Tösku og hanskabúðin

**30% afsláttur** á randsaumuðum dömu- og herrahönskum, bláum flugfreyjuhönskum og fleiri góðum leðurhönskum frá fimmtudegi til laugardags

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

# Næring og heilsa

SÉRBLAÐ • FIMMTUDAGUR 18. FEBRÚAR 2010

**Prostar Whey 2.4 kg**
Sennilega allra besta hreina próteinið á markaðnum í dag.
25 gr hreint prótein af 30gr. Yfir 6 gr af BCaa og blandast strax og vel. Inniheldur einnig vítamín, amínósýrur og glútamín sem kemur í veg fyrir vöðvaniðurbrot.

**Red Faster**
Orka og endurhleðsla. Orkusprengja frá Trec Nutrition. Tilvalið til að drekka fyrir eða meðan á æfingu stendur!

**CLA & Green Tea (90 hylki)**
Taktu CLA og grænt te töflurnar til að auka fitubrennsluna. Þær auka bæði við fitubrennslu og eru líka vatnslosandi.
Blanda sem virkar!

**Ultra Ripped (90 hylki)**
Brennslutöflur sem virka gríðarlega. Ultra Ripped eykur hitastig líkamanns þannig þú brennir allan daginn, þó þú sért ekki einu sinni á æfingu. Það dregur einnig úr matarlyst og eykur orku.

**Muscle Juice 4,75 kg**
MuscleJuice þyngingarblandan frá Ultimate Nutrition. 55 gr af próteinum og 152gr af kolvetnum í herjum skammti. Tilvalið fyrir alla sem eur að þyngja sig og byggja upp vöva.

SPORTLIF.IS

**● VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR HOLLT FÆÐI** Ráðlagðir dagskammtar (RDS) er það magn nauðsynlegra vítamína og steinefna sem talið er fullnægja þörfum alls þorra heilbrigðs fólks. Þarfir fólks fyrir næringarefni eru mjög breytilegar og því getur RDS ekki sagt til um einstaklingsbundnar þarfir. Skammtarnir koma þannig fyrst og fremst að notum við að skipuleggja matseðla og meta næringargildi fæðis fyrir hópa fólks eða sem viðmiðunargildi fyrir hollt fæði. RDS-gildin eru nokkru hærri en flestir heilbrigðir einstaklingar þurfa á að halda, í einstaka tilfellum getur einstaklingur þó þurft meira af næringarefnum en gildin segja til um. Sjá www.lydheilsustod.is.

**Hallgrímur Andri hefur sjálfur góða reynslu af því að nota fæðubótarefni enda æfir hann kraftlyftingar og er með tvö Íslandsmet í bekkpressu. Hann er til hægri á myndinni en með honum er Georg Sankovic, starfsmaður í Sportlífi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Prótín er mikilvægasta byggingarefni vöðvanna

**Sportlíf í Glæsibæ selur fæðubótarefni undir bandarísku merkjunum Ultimate Nutrition og Trec Nutrition. Sportlíf heldur einnig úti netverslun og sendir út um allt land.**

Hallgrímur Andri Ingvarsson, framkvæmdastjóri Sportlífs, hefur góða reynslu af fæðubótarefnum enda hefur hann sjálfur nýtt sér þau. Hann hefur stundað æfingar í tíu ár, stundar nú kraftlyftingar og á tvö Íslandsmet í bekkpressu. „Ég nota fæðubótarefni til að byggja upp vöðva og ná í styrk," segir hann. Inntur eftir því hvort eitthvað sé vinsælla hjá honum en annað segir hann: „Allir sem eru að æfa ættu að taka hreint prótín eftir æfingar, það er mikilvægasta byggingarefni vöðvanna. Annars erum við með skemmtilega kreatínblöndu sem heitir Nitrobolon sem er í miklu uppáhaldi hjá mér en það er tekið til að fá aukinn styrk og sprengikraft og það byggir upp vöðva."

Hallgrímur hefur, auk þess að nota efnin sjálfur, aflað sér töluverðra upplýsinga um fæðubótarefni sem hann notar til að leiðbeina fólki sem kemur til hans í verslunina í Glæsibæ. „Við erum með fæðubótarefni frá vörumerki sem heitir Ultimate Nutrition og vorum að bæta við vörum úr merkinu Trec Nutrition. Þau eru bæði bandarísk en Ultimate Nutrition er rótgróið og þekkt vörumerki með yfir þrjátíu ára reynslu," segir hann og nefnir að í þeirri línu megi meðal annars finna Ultra rip-brennslutöflurnar sem séu mjög vinsælar. „Þá erum við líka með eitt besta hreina prótínið á landinu, en það inniheldur afar mikið af amínósýrum," bætir hann við.

Viðskiptavinir Sportlífs eru á öllum aldri og með misjafnar þarfir. „Við erum með rétta efnið fyrir fólk hvort sem það vill byggja upp vöðva, tóna sig til, skera niður eða ná upp betra þoli," segir Hallgrímur en ráðgjöf er stór hluti af starfsemi Sportlífs.

Á heimasíðu verslunarinnar www.sportlif.is er bæði hægt að kaupa fæðubótarefni og fá sent um allt land, en einnig er hægt að senda þangað inn fyrirspurnir og fá ókeypis ráðleggingar. „Þorgrímur Fannar Hjálmtýsson, einkaþjálfari úr WorldClass, svarar öllum fyrirspurnum. Hann býr til æfingaprógrömm, mataráætlanir, svarar því hvernig sé best að taka á því í ræktinni og síðan hvaða fæðubótarefni sé best að taka," upplýsir Hallgrímur. Hann tekur fram að vissulega sé ekki nóg að taka fæðubótarefni ein og sér, nauðsynlegt sé einnig að borða rétt.

Verslun Sportlífs í Glæsibæ er opin milli 11 og 19 alla virka daga og frá klukkan 13 til 16 á laugardögum. Sama verð gildir í verslunninni og netversluninni.

**● REYKJAVÍK GRAND PRIX** Alþjóðasamband líkamsræktarmanna heldur alþjóðlegt stórmót í Háskólabíói laugardaginn 10. apríl sem kallast Reykjavík Grand Prix. Keppt verður í fitness, módelfitness og vaxtarrækt. Búist er við erlendum keppendum á mótið, en íslenskir keppendur eiga einnig kost á að keppa á þessu móti. Keppt er í eftirfarandi flokkum:

- Bodyfitness Women -163 cm, +163 cm
- Classic Bodybuilding Men -180 cm, +180 cm
- Classic Bodybuilding Women -163 cm, +163 cm
- Bodybuilding Women one category
- Bodybuilding Men -80 kg, -90 kg, -100 kg, +100 kg
- Overall & Best poser
- Modelfitness Women

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471

# Heilsan er dýrmæt eign

**Náttúrulegar heilsuvörur og fæðubótarefni sem hjálpa líkamanum að starfa eða lina sársauka er aðalsmerki fyrirtækisins Gengur vel og hefur verið það í sjö ár.**

**„Ljósi punkturinn í þessu kreppuástandi er að fólk er farið að hugsa betur um heilsuna en áður," segir Þuríður Ottesen, framkvæmdastjóri Gengur vel ehf.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ljósi punkturinn í þessu kreppuástandi er að fólk er farið að hugsa betur um heilsuna en áður," segir Þuríður Ottesen, framkvæmdastjóri Gengur vel ehf. „Það er gríðarleg heilsuvakning í gangi og fólk hugsar betur um líkamann."

Gengur vel ehf. flytur inn fjölda fæðubótarefna og heilsuvara. Metasys var það fyrsta sem Íslendingar fengu að kynnast. „Við hófum innflutning á því fyrir sjö árum þegar við stofnuðum fyrirtækið," segir Þuríður. „Það hefur hjálpað þúsundum Íslendinga í baráttunni við aukakílóin en í því er öflugt 100 prósent grænt te. Það veldur því ekki hjartsláttartruflunum eins og margir upplifa þegar þeir taka aðrar megrunarvörur."

Margir Íslendingar eiga við meltingarvandamál að stríða en Þuríður hefur ráð við því. „Progastro 8 gerir kraftaverk fyrir meltinguna en í því eru átta tegundir af góðgerlum. Þeir eru í daglegu tali oft kallaðir „asídófílus", en flesta vantar þá í meltingarveginn, einkum þá sem eru farnir að eldast og eru að taka inn fúkkalyf.

Vörur frá Gillian McKeith, eins og Turbo Greens-orkuduftið og blágrænir þörungar, eru einnig mjög vinsælar en um er að ræða hreinar og náttúrulegar vörur. Þær eru góðar fyrir fólk sem á í erfiðleikum með upptöku næringarefna og eins þá sem farið hafa í hjáveituaðgerð vegna offitu. Eftir slíkar aðgerðir nýtast næringarefnin úr fæðunni illa."

Þuríður er einnig með heilsuvörur fyrir þá sem þjást af verkjum. „NutriLenk er öflugt fæðubótarefni ætlað fólki með slitna og auma liði og má sannarlega segja að NutriLenk sé öflugt byggingarefni fyrir liðina. Slitnir og aumir liðir koma oft vegna álags og með hækkuðum aldri. Þúsundir Íslendinga hafa nú þegar aukið lífsgæðin með því að taka inn NutriLenk. Þá er Sore No More náttúrulegt verkjagel sem er mjög áhrifaríkt sé það borið á svæði sem menn verkjar í en um er að ræða bæði hita- og kælimeðferð. Uppskriftin er 1.000 ára gömul, komin frá indíánum í Mexíkó. Í henni eru engin kemísk efni en hún er mjög virk og áhrifarík gegn verkjum."

Þá er enn óupptalið Enaxin, sem er nýtt á Íslandi en það eykur orku og úthald. „Í því eru náttúrulegar jurtir, til dæmis Rhoidola og Schisandra sem gefa góða orku. Þær gagnast þeim vel sem eru að búa sig undir annasaman tíma eins og próf eða sauðburð. Þá er Enaxin málið til að auka úthaldið," segir Þuríður og minnir á að heilsan sé verðmætasta eignin.

# Lýsi gott gegn D-vítamínskorti

Til að líkamsstarfsemi okkar sé eðlileg þurfum við meðal annars að fá alls kyns ólík vítamín úr fæðunni sem við neytum. Skortur á vítamínum, sérstaklega til lengri tíma, getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Að sögn Gunnars Sigurðssonar, efnaskiptalæknis á Landspítalanum, er skortur á D-vítamíni langalgengastur hérlendis á þessum árstíma.

„Ástæðan er sú að sólarljósið sem er okkar helst D-vítamíngjafi er í algjöru lágmarki yfir hávetur," útskýrir Gunnar. Að hans sögn eru afleiðingar af D-vítamínskorti sjaldnast alvarlegar, nema ef um viðvarandi skort er að ræða. „Langtímaáhrif geta komið niðri á almennri líðan og koma þá fram í þreytu og kraftleysi. Í verstu tilfellum getur skortur svo haft slæm áhrif á bein, valdið beintapi eða beinþynningu. Slíkt kemur verst niður á öldruðum, sem eiga á aukinni hættu á að hrasa og brotna, jafnvel illa. Ekki er síður mikilvægt að börn fái D-vítamín úr lýsi eða vítamínadropum fyrir eðlilegan beinþroska."

**Þótt D-vítamínskortur sé algengur hérlendis er yfirleitt hæglega hægt að ráða bót á honum að sögn Gunnars.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar tekur fram að hæglega sé hægt að bæta þennan skort, til dæmis með því að taka inn D-vítamíntöflur eða lýsi þar sem D-vítamín úr fæðu dugi ekki til á þessum árstíma. „Lýsið er góður kostur og gildir þá einu hvort það er drukkið eða tekið inn í töfluformi." Hann segir ákjósanlegan dagskammt vera eina töflu með 1.000 einingum af D-vítamíni eða eina matskeið af þorskalýsi.

Inntur eftir því hvort eitranir af völdum vítamína séu algengar á Íslandi kannast Gunnar ekki við það. „Það eru mjög litlar líkur á því. Hér áður fyrr var hins vegar algengara að eitrun hlytist af völdum til dæmis lúðulýsis þegar þess var neytt, þar sem það var einfaldlega svo sterkt. Sérstaklega gat það gerst ef börnin komust í lýsið að þau yrðu veik." Hann bætir við að með bættum framleiðsluaðferðum hafi eitrunum af völdum vítamína fækkað, en varar þó við því að menn neyti þeirra í óhófi. *- rve*

**Énaxin**
Jurtabætiefni sem eykur orku til muna og er hægt að fá Énaxin í mixtúruformi og töfluformi. Báðar tegundirnar innihalda jurtirnar Rhodiolu og Schisandra sem eru mjög áhrifaríkar í að bæta orku, einbeitingu og lífgleði. Töflurnar innihalda dagskammt af öllum helstu vítamínum og steinefnum. Upplagt að byrja á kúr og taka fyrst inn mixtúruna og viðhalda áhrifunum með töflunum.

**Metasys**
Hefur fengist á Íslandi í rúm 6 ár og er meiriháttar hjálp fyrir fólk sem þarf að léttast, auka orku og úthald. Innihaldið er náttúrulegt og nú er rétti tíminn fyrir þá sem vilja léttast að byrja núna reglulega notkun á Metasys og vera í góðu formi þegar sumarið kemur.

**NutriLenk fyrir auma og slitna liði.**
NutriLenk hefur verið ein vinsælasta heilsuvaran í Noregi og Svíþjóð sl. 8 ár og er meiriháttar fæðubótaefni og hefur hjálpað fjölda fólks sem þjáist af sliti í liðum að fá betri liðheilsu og þá lífsgæði í leiðinni. NutriLenk hefur verið fáanlegt á Íslandi í tæp tvö ár og hafa vinsældirnar hérlendis ekki síðri en í nágrannalöndunum.

**Pro-Gastro8**
Himnasending fyrir meltinguna. Pro-Gastro 8 er minnst auglýsta og ein mest selda heilsuvaran á Íslandi. Fólk með flóknustu meltingarvandamál hefur fengið verulega bót með því að nota þessa vönduðu náttúrulegu góðgerla. Pro-Gastro 8 er oft kallað franska leyndarmálið bak við flatan maga.

Gengur vel ehf.

**Aloa Vera**
Styrkir meltingarkerfið, gott við húðvandamálum og almennt styrkjandi.

**Omega 3-6-9**
Nauðsynlegar fitusýrur fyrir alla.

**Goji berjasafinn**
Frábær næring, sterk andoxunnarefni og örvar hamingju-homrmónana.

**Special One**
Vítamín og steinefni, fullt af grænu.
Ein á dag kemur skapinu í lag.

**Maca**
Hressandi jurt, styrkir ofnæmiskerfið, örvar kyngetu og góð við ófrjósemi.

**Amino Complete**
Byggingarefni líkamans, blanda með öllum mikilvægustu aminosýrunum.

maður lifandi

Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is

Benedikta Jónsdóttir, heilsuráðgjafi hjá fyrirtækinu Maður lifandi, segir bætiefni vera mikilvæg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vítamínskortur algengur

**Benedikta Jónsdóttir, heilsuráðgjafi hjá fyrirtækinu Maður lifandi, telur mikilvægt að fólk taki inn bætiefni. Hún segir það æskilegast að fólk fái öll vítamín og næringarefni úr fæðunni en að það náist ekki með þeirri fæðu sem fólk neytir í dag.**

„Til þess að fá öll nauðsynleg næringarefni úr fæðunni þyrfti maður helst að vera í rólegheitunum á suðlægum slóðum og rækta allt grænmeti og ávexti sjálfur lífrænt. Það væri auðvitað heilmikil vinna og flestir hafa ekki tíma í slíkt og fara þess vegna og kaupa sér inn venjulegan mat sem fæst í verslunum, en sú fæða inniheldur minna af næringarefnum," segir Benedikta.

Aðspurð segist hún sjálf taka inn nokkuð af bætiefnum og segir flesta þurfa að gera slíkt hið sama. Hún segir jafnframt að yngra fólk sem borði hollan mat þurfi síður að taka bætiefni en þeir sem neyti óhollrar fæðu.

„Það eru nokkur bætiefni sem mér þykir skipta miklu máli og ber þá helst að nefna Omega 3, 6, 9 fitusýrurnar sem eru mjög mikilvægar. Ennig er gott að taka inn Amino sýrur öðru hvoru, en það efni mætti kalla byggingarefni líkamans." Benedikta segir algengt að fólk þjáist af B-vítamín skorti í dag og því sé gott að taka reglulega inn B-vítamín, sem hefur góð áhrif á taugakerfið, húð, hár og neglur.

Benedikta segir helsta vítamínsskortinn á Norðurlöndum í dag vera skort á D-vítamíni, sem líkaminn vinnur úr sólarljósi. „Lýsið eitt og sér er ekki nóg. Allra best væri að fá D-vítamín úr sólinni og mælt er með því að fólk fái minnst tuttugu mínútur af sólarljósi á dag, en ef fólk hefur ekki tök á því þá er best fyrir það að taka D3 sem er fáanlegt bæði í perlum og í fljótandi formi. Annað spennandi bætiefni er Kólestrum, sem unnið er úr broddi. Þetta er sama efni og nýfæddir kálfar fá úr mjólkinni til að fá kraft til að geta staðið í fæturna. Kólestrum gefur orku og styrkir ónæmiskerfi og er sérstaklega gott fyrir fólk sem fær oft pestir og kvef. Mitt uppáhalds bætiefni er þó sterkt Q10 sem eykur flæði súrefnis í líkamanum og er gott gegn orkuleysi. Þetta er mjög mikilvægt andoxunarefni og í Japan er búið að samþykkja þetta sem lyf."

Benedikta segir bætiefni ekki vera það sama og prótíndrykki eða orkusúkkulaði, heldur séu bætiefni næringarefni sem fólk taki inn aukalega. Hún segir fólk almennt nokkuð meðvitað um mikilvægi vítamína og nauðsyn þess að líkaminn fái öll þau efni. Hún mælir þó með því að fólk leiti sér aðstoðar eða fræðist sjálft um bætiefni til að finna það efni sem hentar því best.

# Mótið er alltaf að stækka

Þrekmeistarinn, árlegt mót í hreysti, verður haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri þann áttunda maí. Skráning stendur yfir á fitness.is en búist er við allt að 300 þátttakendum. Einn af skipuleggjendum keppninnar, Arnar Grant, segir keppnina alltaf vera að stækka en Þrekmeistarinn hefur verið haldinn á Akureyri síðan árið 2001.

„Keppt er í einstaklingskeppni, liðakeppni og svo öldungakeppni en liðakeppnin þar sem fimm keppa saman er langstærst. Greinarnar reyna mjög á keppendur en eru miserfiðar. Þannig er hlaupabrettið, þar sem 800 metrar eru farnir í tíu prósent halla, einna erfiðast. Maður hefur séð fólk þar aðframkomið og hreinlega að því komið að kasta upp," segir Arnar.

Arnar Grant, einn af aðstandendum mótsins Þrekmeistarinn, sem haldið verður á Akureyri í vor, spreytir sig á róðravélinni, sem er ein af greinum keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Í Þrekmeistaranum spreyta keppendur sig á tíu miserfiðum greinum. Í liðakeppninni tekur hver keppandi tvær greinar í röð en í einstaklingskeppninni er skilyrði að taka allar greinar. Fyrsta greinin sem keppendur fara í er þrekhjólið, þaðan er haldið í róðrarvélina, þá niðurtog, fótalyftur, armbeygjur, kassauppstig, uppsveiflur, axlarpressu, hlaupabrettið og bekkpressa. „Margar þessar greinar eru erfiðar en við eigum fullt af fólki sem er í góðu formi og sérstaklega á Akureyri, þar sem keppnin er haldin en mikil gróska hefur verið í fitness fyrir norðan. Við búumst við harðri keppni." *-jma*



● **HVÍTLAUKUR** Hvítlaukur þykir ómissandi bragðefni í matargerð Suður-Evrópubúa og á síðustu árum hefur neysla hans farið vaxandi hér á landi. Hvítlaukur er iðulega talinn til kryddjurta en hann er líka lækningajurt af bestu gerð og hafa áhrif hans á heilsuna verið þekkt frá tímum Hippókratesar, föður læknisfræðinnar. Hann er sótthreinsandi, bætir meltinguna, lækkar blóðþrýsting og hreinsar öndunarfærin enda inniheldur hann C-vítamín, kalk, fosfór, járn og fleiri steinefni.

● **PAPRIKA GEGN KVEFI** Á veturna þegar kvef fer að hrjá landann eru margir sem taka inn C-vítamín til að styrkja ónæmiskerfið. C-vítamín er hægt að fá úr fæðu og má þar helst nefna appelsínur sem eru sérstaklega ríkar af C-vítamíni. Paprika er einnig mjög góður C-vítamíngjafi og í hverjum 100 grömmum af grænni papriku eru um 100 milligrömm af C-vítamíni. Ráðlagður dagskammtur af C-vítamíni fyrir fullorðna er 75 milligrömm en 30 til 50 fyrir börn til þrettán ára aldurs.

Aðrir góðir C-vítamíngjafar eru hvers konar kál, svo sem spergilkál, hvítkál, blómkál og rósakál.

● **NÁTTÚRUVÖRUR OG NÁTTÚRULYF** Fólki hættir gjarnan til að rugla saman hugtökunum náttúruvörur og náttúrulyf. Á þessu tvennu er þó munur sem er skýrður út á Vísindavef Háskóla Íslands. Þar kemur meðal annars fram að bæði náttúruvörur og náttúrulyf eru yfirleitt extrökt, það er blöndur gerðar úr nokkrum innihaldsefnum, svo sem jurtum, steinefnum og söltum. Ekki eru gerðar kröfur um víðtækt gæðaeftirlit né að niðurstöður rannsókna liggi fyrir um verkanir, auka- og milliverkanir náttúruvara. Öðru máli gegnir um náttúrulyf. Gerðar eru kröfur um gæðaeftirlit með þeim og að innihaldsefni séu óbreytt milli framleiðslunota. Með náttúrulyfjum þarf að fylgja samantekt á eiginleikum þeirra og allar helstu upplýsingar um þau. Þá þarf að vera sýnt með rannsóknum að lyfin nýtist í baráttunni við sjúkdóma og reynsla komin á notkun þeirra. Á vefsíðu Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is, er listi yfir þau náttúrulyf sem eru leyfð hérlendis. Nánar á www.visindavefur.hi.is.

# Líkami fyrir lífið er lífsstíll

**Í janúar síðastliðnum hófst átakið Líkami fyrir lífið sem EAS stendur fyrir. Þátttakendur eru 725 talsins og verða valdir sigurvegarar í flokki kvenna og karla.**

„Til mikils er að vinna, því auk bættrar heilsu og betri líðanar eru vegleg verðlaun í boði eins og lesa má um á heimasíðu EAS, www.eas.is," segir Aðalheiður Pálmadóttir, markaðsstjóri EAS.

**Líkami fyrir lífið er lífsstíll sem byggir á þjálfun og heilbrigðum lífsvenjum. Lögð er áhersla á að þátttakendur borði fimm til sex litlar máltíðir á dag, á tveggja til þriggja tíma fresti. Mataræðið samanstendur af góðu hráefni, fæðubótarefnum, ef þörf er á og hollu fæði eins og grænmeti og ávöxtum. Þá er ráðlagt að drekka átta til tíu glös af vatni á dag. Það næst enginn árangur ef hreyfingunni fylgir ekki breytt mataræði. Í átakinu er lagt upp með tólf vikna æfingaáætlun samhliða breyttu mataræði. Þátttakendur fá þjálfun í að setja sér markmið og ná þeim, temja sér jákvætt hugarfar, auka einbeitingu og yfirstíga hindranir. Markmiðið er að þátttakendur verði sterkari manneskjur á allan hátt.**

**Ráðgjafar EAS, Jóhanna Þórarinsdóttir og Geir Gunnar Markússon aðstoða í verslunni að Suðurhrauni 12a.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Til eru fjölmargar EAS-vörur sem hægt er að nýta til þess að bæta árangur í íþróttum, til þyngdarstjórnunar, til styrkingar, sem nesti í golfpokann eða bakpokann svo eitthvað sé nefnt. Margir nota til dæmis Whey-prótín út á hafragrautinn á morgnana til þess að bæta næringarinnihaldið. Til eru millimálastangir, tilbúnir máltíðardrykkir auk fjölda sérvara sem hægt er að fræðast um á www. eas. is," segir Aðalheiður. „Þá er drykkurinn Precision Burner Light háþróuð blanda efna sem auka fitubrennslu, orku og úthald og því ómissandi í líkamsræktina, hver sem hún er. Drykkurinn inniheldur koffín sem eykur fitubrennslu og ginseng sem eykur orku, úthald og einbeitingu á meðan æft er. L-karnitín er efnasamband sem flytur fitu til vöðvafruma, svo þær geti brennt henni sem orku. Einnig inniheldur Burnerinn B-vítamín og kalk," segir hún.

EAS-vörurnar fást í flestum verslunum um land allt og því alltaf mögulegt að verða sér úti um hollan bita án mikillar fyrirhafnar. Í verslun EAS í Suðurhrauni 12a í Garðabæ er boðið upp á ráðgjöf um vörurnar og hvernig best er að nota fæðubótarefni til þess að hámarka árangur.

• **Myoplex Original tilbúinn drykkur**
Tilbúnir drykkir sem innihalda öll þau næringarefni sem líkaminn þarfnast – miklu meira en bara prótein! Gott að hafa við hendina. Fæst með jarðaberja, súkkulaði og vanillubragði.

• **100% Whey prótein**
Hreint mysuprótein sem frásogast hraðar en önnur prótein, fæst með vanillu, jarðaberja, súkkulaði og bananabragði.



• **Myoplex Diet máltíðarbréf**
Blandað í vatn, hlaðin næringarefnum og því frábær næring fyrir líkamann. Fæst með jarðaberja, vanillu og súkkulaðibragði.

• **Precision Burner Light**
Eykur fitubrennslu, orku, úthald og einbeitingu. Einungis 18 kaloríur. Svalandi drykkur með ananas og sítrónubragði.

• **CLA**
CLA hjálpar til við að brenna fitu og skerpa vöðva.

EAS
ORKA · GRENNING · STYRKUR

**Hydroxycut Hardcore**
Öflugasta brensluefni í heiminum loksins á Íslandi. Aðeins fyrir 18 ára og eldri.

**Whey Gourmet**
Hreint mysuprótein margverðlaunað fyrir gott bragð. Tilvalið í booztið eða eitt og sér.

**Musclemilk Light**
Grenningarprótein af bestu gerð. Tekið í stað máltíðar eða eftir æfingu.

**Isostar**
Kolvetnadrykkir fyrir allar þolíþróttir. Frábært í allar gerðir af göngum og langhlaupum.

**Crea-Kic**
Loksins kreatín fyrir þá sem vilja styrk og vöðva án vatnsbindingar og fituaukningar. Eykur styrk og snerpu.

**Oh Yeah drykkir**
Tilbúnir og handhægir próteindrykkir sem voru kosnir bestu próteindrykkirnir í Ameríku 2009!

FITNESS SPORT

**● ÁRSTÍÐAMUNUR Á INNIHALDI** Verulegur munur getur verið á næringarinnihaldi matvæla eftir því hvaða árstími er. Mjólk er til dæmis mun A-vítamínríkari að sumri þegar kýrnar ganga úti og úða í sig grængresinu en að vetrinum. Magn vítamína og steinefna í grænmeti og ávöxtum fer líka eftir uppskerutíma og ræktunarstað. Jafnvel fjölda sólarstunda meðan á sprettunni stóð. Því eru næringarefnatöflur í bókum og á umbúðum matvæla ekki óbrigðular því þær geta verið miðaðar við ársmeðaltal.

**„Æskilegt að fólk fái flest næringarefni úr fæðunni en hins vegar vill það oft fara forgörðum í daglegu amstri. Þá er tilvalið að hafa við hönd fæðubótarefni sem eru handhæg," segir Svavar, inntur eftir áliti á gagnrýni á fæðurbótarefni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reynslan nýtist vel

**Þótt fæðubótarefni eigi sér ekki langa sögu á Íslandi eru starfsmenn Fitness Sport í Faxafeni 8 hoknir af reynslu og fróðleik.**

„Við erum með elstu fyrirtækjunum í þessum geira, höfum verið í rekstri frá árinu 1997 og erum þekkt fyrir fagmennsku á okkar sviði," segir Svavar Jóhannsson, eigandi fyrirtækisins Fitness Sport, sem var stofnað í Hlíðarsmára í Kópavogi 1997 en flutti í núverandi húsakynni í Faxafeni 8 árið 2000.

Svavar segist hafa orðið áhugasamur um líkamsrækt löngu áður en hann stofnaði Fitness Sport. „Ég man að ég lá á kafi í blöðum um líkamsrækt, horfði á kvikmyndir með Arnold Schwarzenegger og stundaði líkamsrækt af kappi. Fæðubótarefni voru gjarnan auglýst í þessum blöðum og heilsuræktarfólkið í kringum mig neytti þeirra þótt þau væru kannski ekki útbreidd hérlendis. Einmitt það varð til þess að ég ákvað að flytja þau inn til landsins," rifjar hann upp.

Svavar segir að fyrst í stað hafi ekki verið almennur áhugi fyrir fæðubótarefnum hérlendis. „Eingöngu þeir sem voru á kafi í heilsurækt neyttu þeirra að einhverju ráði. Almenningur lét þau eiga sig." Hann tekur fram að áhuginn hafi aukist jafn og þétt í gegnum árin. Nú sé svo komið að allt frá unglingum upp í eldri borgara neyti þeirra samfara íþróttaiðkun og almennri heilsurækt. „Enda einskorðast fæðubótarefni ekki við keppnisfólk, heldur eru þau fyrir alla."

Þarfir viðskiptavinanna eru að vonum misjafnar og segir Svavar að hjá Fitness Sport sé komið til móts við þær með fjölbreyttu úrvali fæðubótarefna. „Hér eiga allir að geta fengið eitthvað við sitt hæfi, kreatín og prótín fyrir kraftlyftingafólk og kolvetnaefni fyrir göngufólk og hlaupara svo dæmi séu tekin. Auk þess seljum við allan aukabúnað sem fólk þarf í ræktina, svo sem lóð, grifflur, belti og fleira."

Að sögn Svavars eru eingöngu seld í versluninni fæðubótarefni sem eru þekkt fyrir gæði og hafa verið samþykkt af Lyfjastofnun og Heilbrigðiseftirliti ríkisins. „Síðustu ár hafa sprottið upp alls kyns bílskúrssölur og netfyrirtæki sem hafa selt almenningi fæðubótarefni sem eru misjöfn að gæðum og í sumum tilfellum jafnvel ólögleg. Við leggjum hins vegar áherslu á að bjóða eingöngu upp á löglegar, samþykktar og góðar vörur frá viðurkenndum framleiðendum á borð við Muscle Tech, Isostar og Hydroxi Cut. Þess utan bjóðum við upp á ókeypis ráðgjöf um hreyfingu, mataræði og notkun fæðubótarefna. Það er nefnilega mikilvægt að greina rétt þarfir viðskiptavinanna og selja þeim eingöngu vörur sem henta þeirra heilsurækt."

# Heimsmet í þolgæði og styrk

Í Heimsmetabók Guinness, sem kemur út árlega í íslenskri þýðingu, hafa ratað alls kyns skemmtileg met sem lúta að þolgæði og styrk.

Þannig skreið Bandaríkjamaðurinn Ashrita Furman 1,6 kílómetra á 29 mínútum og 30 sekúndum í Selangor Turf Club, í Kúala Lúmpúr í Malasíu hinn 17. febrúar árið 2006.

Spánverjinn José Angel Aria Villanueva setti heimsmet 5. desember árið 2001 þegar hann skokkaði upp 15 þrepa stiga, 2,5 metra langan, með pianóstól í fanginu. Að svo búnu fór hann niður og rogaðist svo aftur upp með 175 kílóa píanó, allt á einni mínútu og 6,35 sekúndum. Loks tyllti hann sér og lék á hljóðfærið í þrjár mínútur í sjónvarpsþættinum El Show De Los Récords í Madrid á Spáni.

**José Villanueva setti heimsmet þegar hann rogaðist með 175 kílóa píanó upp stiga.**

Þá má nefna Bretann Barry Anderson sem lyfti 63 kílóa slá með litlu fingrunum á opna Alþjóðlega meistaramótinu í gripfimi í Norwood, Masachusetts í Bandaríkjunum 19. október árið 2005.

# Goran Superform

## brennsla | styrking | liðleiki | þyngdartap

Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þátttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

## Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

## Þitt er valið:

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: 29900.- | Verð án matartösku: 39900.- | Verð án matartösku: 49900.- |
| Verð með matartösku: 69900.- | Verð með matartösku: 79900.- | Verð með matartösku: 89900.- |

Námskeiðið hefst 22. febrúar og er hægt að greiða það með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Skráðu þig núna!

GrandSpa

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

„Það verður að innbyrða andoxunarefnin í sínu rétta samhengi, það er að segja í fæðunni," segir næringarfræðingurinn Bertha María. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eins og kryddið á kjötið

**Andoxunarefni eru oft nefnd nú til dags í sambandi við hollustu fæðutegunda. En hvað eru andoxunarefni og hvað gera þau fyrir okkur? Leitað var svara við þeirri spurningu hjá næringarfræðingnum Berthu Maríu Ársælsdóttur í Næringarsetrinu.**

Karótín er eitt af andoxunarefnunum og kemur aðallega úr sterklituðu grænmeti. NORDICPHOTOS/GETTY

„Andoxunarefni eru samsafn af efnum sem við fáum einkum úr ávöxtum og grænmeti. Þau flokkast ekki sem lífsnauðsynleg næringarefni eins og vítamínin en þau hafa jákvæð áhrif á líkamann. Við getum nefnt þau hjálparefni því þau auka virkni vítamínanna, svipað og krydd eykur bragð þegar við setjum það út á kjötið en það verður að innbyrða þau í sínu rétta samhengi, það er að segja í fæðunni," byrjar Bertha útskýringar sínar.

Bertha segir margar rannsóknir hafa verið gerðar á andoxunarefnum á síðustu áratugum og vitað sé að þau virki vel á ónæmiskerfið. Margt bendi til að þau geti minnkað hættuna á æðakölkun og blóðtappa, verkað gegn stökkbreytingu frumna og hjálpað til að vinna á sýkingum. Hún nefnir fenóla, karótín og ascorbat sem dæmi um andoxunarefni. Skyldu einhverjar ávaxta- eða grænmetistegundir vera ríkari af þeim en aðrar?

„Við næringarfræðingar aðhyllumst fjölbreytni," segir Bertha. „Eitt er gott á ákveðinn hátt og það næsta er líka gott á einhvern annan hátt. Allt byggist svo á samspili. Það er ekki hægt að segja: „Farðu og taktu inn fenóla." Fenólar koma úr vínberjunum sem eru í rauðvíninu og gera okkur gott í hófi en ef drukkin er flaska á dag er neytandinn farin að vinna á móti góðu áhrifunum með ofnotkun á öðru sem í vínínu er, til dæmis vínandanum. Karótín vinnur gegn stökkbreytingum frumna og verndar okkur gegn hjarta- og æðasjúkdómum. Það kemur aðallega úr sterklituðu grænmeti svo sem grænkáli, gulrótum, spergilkáli, tómötum, rauðri papriku, sætum kartöflum og jafnvel kryddi." Bertha tekur líka fram að í hýði korns séu góð efni sem vinni gegn sindurefnum í ristli og þar með myndun ristilkrabbameins.

Nú er oft talað um að andoxunarefnin haldi okkur unglegum og hindri hrukkumyndun. Er eitthvað að marka það?

„Já, þau gera það með ýmsum hætti og þar koma hin jákvæðu áhrif þeirra á frumurnar við sögu. Nokkur efni sem hafa samheitið E-vítamín virðast til dæmis virk í því. Við fáum þau einkum úr smjöri, hnetum, fiski og fleiri feitum fæðutegundum. Ascorbat sem er í appelsínum og fleiri tegundum og hefur verið nefnt C-vítamín hefur sömu áhrif."

Eitt af lífsnauðsynlegum vítamínum er A og líkaminn getur unnið það úr karótíni að sögn Bertu. „Líkaminn er svo fullkominn og reynir alltaf að bjarga okkur," segir hún og bætir við að lokum. „Við vitum samt aldrei hvaða gen við höfum fengið en verðum að spila eins vel úr þeim og við getum." *- gun*

**● STEINEFNI ERU YFIR TUTTUGU TALSINS** Steinefni eru nauðsynleg næringarefni sem líkaminn þarfnast í litlu magni fyrir eðlilega líkamsstarfsemi. Steinefnin nýtast líkamanum yfirleitt best á því formi sem þau koma fyrir í matvælum. Stundum er steinefnum skipt niður í aðalsteinefni og snefilsteinefni. Munurinn á þessum tveimur flokkum felst eingöngu í því að af þeim fyrrtöldu þurfum við meira magn en af þeim síðarnefndu. Steinefni eru í mismunandi magni í mismunandi fæðu, eins og kjöti, korni og kornvörum, fiski, mjólk og mjólkurvörum, grænmeti, ávöxtum (einkum þurrkuðum ávöxtum) og hnetum. Steinefni eru nauðsynleg einkum af þremur ástæðum: til að byggja upp sterk bein og tennur, til að stjórna vökvajafnvægi líkamans, til að umbreyta matnum sem við borðum í orku. Steinefnin eru yfir 20 talsins og á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod, eru talin upp nokkur þeirra.

# Heimildarmynd um stælta kroppa

Segja má að bandaríski kvikmyndabransinn hafi verið undirlagður af hasarmyndahetjum með stælta kroppa á níunda áratug síðustu aldar. Einn sá þekktasti var vafalaust austurríska vöðvatröllið Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, sem vakti fyrst verulega athygli í heimildarmyndinni Pumping Iron.

Pumping Iron leit dagsins ljós árið 1977 og fjallar um undirbúning fyrir vaxtaræktarkeppnirnar IFBB Mr. Universe og svo Mr. Olympia. Schwarzenegger er þar í aðalhlutverki en einnig bregður fyrir þekktum vöðvatröllum á borð við Lou Ferrigno, Franco Columbu, Mike Mentzer og Robby Robinson.

Pumping Iron, sem Robert Fiore George Butler leikstýrði, var gerð um það leyti sem oft hefur verið kallað gullaldarskeið í líkamsrækt. Myndin vakti mikla athygli á sínum tíma, ekki síður á líkamsræktarbransanum en stjörnunni Schwarzenegger.

Ekki eru nema nokkur ár síðan heimildarmyndin var endurútgefin með nýju aukaefni, þar sem meðal annars má finna nýleg viðtöl við þá sem tóku þátt í gerð hennar. *- rve*

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

**NÝI ÖKUSKÓLINN**
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

# BÍLAR & FARATÆKI

OPEL ANTARA TDI. 06/2009, ekinn aðeins 98 km, diesel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 4.990.000 stgr. Bíll sem myndi kosta um 7mkr. nýr! #280888 Bíllinn er inni í björtum sýningarsalnum.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

Ford Expedition - Eddi Bauer, árg. '09/2004, ek:85þ.km, 7 manna, leður, 35" breyttur, ofl. Verð: 2.670.000.- Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 588-5300 eða á www.netbilar.is

Ford F150, árg. '09/2005, ek:100þ.km, leður, tölvukubbur, topplúga, campertengi ofl. Verð:2.580.000.- Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 588-5300 eða á www.netbilar.is

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

CHEVROLET SILVERADO Z71 1500. Árg. 2005, EINS OG NÝR, stendur inni í sal, sjón er sögu ríkari. , 20" dekk og fleira. Sjálfskiptur. Verðtilboð. 2.450 þús staðgreitt... Rnr.127772 Óskum eftir hjólhýsum á söluskrá.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

**Þjófavarnirnar komnar aftur!**
Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.- Nú á 19.900 án/reyksskynjara.

**Útsala á vespum í stuttan tíma!**
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús. Eigum einn rauðan hippa 250cc aðeins ek. 700km. Verð 390þús.

**Er leiðinlegt að ryksuga ? Auto Cleaner elskar það og þú slakar bara á!**
Auto Cleaner sér um heimilisþrifin á meðan þú nýtir tíman í annað! Fer sjálfkrafa í hleðslustöð. Þú stillir tímann á þann tíma sem þú vilt að hún byrji að þrífa. Verð 27.800.- algengt verð hjá samkeppnisaðila 49.000.- Þú sparar 21.200.- !

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**

Toyota Hiace diesel árgerð 2003, 4x4, 9 manna, ekinn aðeins 30 þús.km., einn eigandi, sk.'11, verð kr. 2.490.000,- 821-6292.

Ford Econline 350 árgerð 2002, diesel 7,3 , 4x4, extra langur, háþekja, ekinn 220 þús., sk.'11, verð tilboð, 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu

Bilartilsolu.com - Auglýstu bílinn, mótorhjólið eða vélsleðann frítt til sölu.

Til sölu Nissan Navara LE, árg. '08, ek. 46.000 km., 33" AT-breyting, sjálfskiptur, dísel, leður og þaklúga. Þakbogar, kastarar í stuðara, dráttarkrókur, pallhús, heithúðaður pallur, góð heilsársdekk, aksturstalva, 100% driflæsing að aftan ofl. Mjög vel með farinn bíll, skoðaður og í ábyrgð. Ásett verð; 4.290.000,- kr. Ekkert áhvílandi, skoða skipti á ódýrari . Uppl. í síma 663-4455

**ssk. dísel - tilboð 295þ.**
Musso árg. '98 7 manna, ssk., dísel. Sk. góð dekk og krókur. Verð 295þ. S. 891 9847.

**Aðeins 175þ. !!**
Opel Vectra st árg. '98 ssk., nýsk. '11. Gott viðhald. Opel Astra 2.0 árg. '00. 3d., Toppeint. V. 265þ. S. 821 9887.

Audi A4 Turbo, árg. 2006, sjálfsk., leður, xenon, bluetooth, rafmagn í öllu, loftkæling, '17 álfelgur, ek 50 þús., glæsilegt eintak. Uppl. 825 2424.

Toyota corolla '03 5 dyra beinsk.ek.80 þús. dráttarkr,verð 1170 þús. flottur bíll. sími 8973327.

## 0-250 þús.

Renault Kangoo Árg 99'Ekinn 143 þús.Ný,tímareim verð 250.000.Stg. Uppl.8938985

Opel Vectra '99, ekinn 150þ, skoð sept '09. Dæld á skottloki, fer á 240þ Uppl í síma 8993615

## 250-499 þús.



**Tilboð 350 þús**
Nissan Almera árg. '99 ek. 113þús, sk'11. Verð 350 þús. Uppl. s. 659 3459.

Toyota Corolla LB árg '98, ek. 222 þús. Ný tímar, góð vetrad skoðuð í jan sl. Verð 380 þús. Uppl, s 892-7979

## 500-999 þús.

TILBOÐ: Sjálfskiptur Sparibaukur! Renault Megane Berline 2002 í toppstandi, ekinn 106Þ. Ásett 650Þ, TILBOÐ 550Þ. S: 663-0552

## Bílar óskast

**Corolla, Yaris eða Avensis óskst**
Árg. 1998-2001 fyrir 150-350 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar á ca. 20-120 þús. stgr. Sími 820 3286.

Bíll óskast á 140 þús. stgr. Skoðaðan. Auglýsi einnig eftir pylsuvagni. S. 856 4984.

Óska eftir Toyota Corolla '88 model eða bíl með sama body fyrir lítið. Þarf ekki að vera gangfær. Uppl. S:8477723. Ari

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1815.

**Staðgr.ódýran bíl**
Vantar bíl 20-200þ. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. S. 857 9326.

**Óska eftir bíl til leigu**
Borga 1 mán fyrirfram - 50 til 100 þús kall á mán. Sími 692 5564

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Þri 23/2 kl. 20:00 Fors. | Fös 5/3 kl. 20:00 | Fös 12/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Fors. | Lau 6/3 kl. 20:00 | Lau 13/3 kl. 20:00
Lau 27/2 kl. 20:00 Frums. | Fim 11/3 kl. 20:00
Bráðfyndið verk eftir einn af okkar ástsælustu höfundum!

# Fjötrar eða faðmur?

Leikhús ★★

**Gerpla**
eftir Halldór Laxness

**Leikmynd:** Grétar Reynisson **Búningar:** Helga I. Stefánsdóttir **Lýsing:** Lárus Björnsson **Tónlistarstjórn og hljóðmynd:** Gísli Galdur Þorgeirsson **Leikgerð:** Baltasar Kormákur og Ólafur Egill Egilsson í samvinnu við leikhópinn **Leikarar:** Atli Rafn Sigurðarson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Björn Thors, Jóhannes Haukur Jóhannsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Sindri Birgisson, Stefán Hallur Stefánsson **Leikstjóri:** Baltasar Kormákur

Almennt voru frumsýningargestir fullir eftirvæntingar og ekki laust við að tilhlökkun liðaðist um loftið innan um prúðbúna fólkið á föstudagskvöldið í Þjóðleikhúsinu. Leikhópur undir leiðsögn Baltasars Kormáks ræðst í að setja saman sýningu úr Gerplu Halldórs Laxness. Með Gerplu, sem út kom 1952, markaði Halldór Laxness nokkur tímamót, með því að gera grín að hefðbundinni afstöðu manna til Íslendingasagnanna og þeirri upphafningu sem var á ímynd víkinga og hetjudáða þeirra. Hann grínaðist með karlmennskuna og vopnaskakið og notaði til þess þá Þormóð Kolbrúnarskáld og Þorgeir Hávarsson, höfuðpersónurnar úr Fóstbræðrasögu. Spurningunni um það hvort verkið fjallar um skáldið sjálft og samspil þess við land, þjóð og alheimspólitíkina er hér ekki svarað og að manni virðist ekki undirliggjandi í túlkuninni.

Aðferð spunavinnunnar er hér notuð við undirbúning leiksýningarinnar. Hópurinn vinnur með handritshöfundum allan tímann. Því vinnuferli lýsir leikstjórinn Baltasar Kormákur í leikskránni.

Hér var brugðið upp myndum sem fengnar voru úr sögunni og margar hverjar mjög skemmtilegar og lausnir bæði fallegar, og smellnar og brellurnar stóðu fyrir sínu og mikið í þær lagt.

Þormóður er leikinn af Birni Thors sem slær á kunnuglega strengi í túlkun sinni, hálf renglulegur, daðrandi við áhorfendur með fyndnum töktum. Örlögum hans og ferðum er fylgt eftir í leikgerðinni.

Hvers vegna að vera að brölta þetta við að þeytast um hálfan heiminn til þess að hljóta náð fyrir augum konungs og svo er hann bara fullur drullusokkur og viðurkenningin skiptir í raun engu máli í leitinni að lífshamingjunni?

Leikurinn hófst vel. Hópur glímukappa innan um flöktandi fána syngur Ísland ögrum skorið, eftiváentingin var enn í salnum en síðan þegar mannskapurinn er kominn með sáturnar, hvort heldur er í tjaldbúðum, bæjum eða upp við kletta, fjarlægðumst við þessa sterku byrjun. Fyrir svo utan að sögumaður, hlýlegur og sannfærandi, hverfur jafnhratt og hann er til leiksins kynntur. Gleymdist hann eða hvað?

Leikararnir voru alls ekki nógu vel mælandi á tungumálið, kiljönsku, sem sumir þeirra virtust ekki skilja sjálfir. Þeir bögglast með texta sem verður óþjáll í munni þeirra og margar raddir náðu ekki nema út í hálfan sal, ef þá það. Sú staðreynd að stór hluti leikhúsgesta heyrði ekki hvað sagt var, er augljóslega ókostur.

Einstök atriði eru þó eftirminnileg. Í hvert sinn sem Brynhildur Guðjónsdóttir birtist, hvort heldur var í líki hrafnsins, gelgjulegs pilts, gamalmennis eða hryssu, lyftist leikurinn í listaverk. Þvílíkur leikur. Enginn ótti við ljótleikann og eins og hún sé tilbúin til að leggja líf sitt og limi að veði fyrir augnablikið. Ólafur Darri hefur sterka sviðsnærveru og röddin neðan úr þind náði eyrum bæði í hlutverki Ólafs konungs Haraldssonar og Vermundar goða Þorgímssonar, og þar með athygli. Eintal hans í líki konungs um innihaldsleysið var hápunktur sýningarinnar. Ólafía Hrönn er sterk í hlutverki Kolbrúnar og er í vissum uppstillingum mögnuð í myndinni.

Þórdís, sem Ilmur Kristjánsdóttir leikur, var ekki afgerandi karakter og því miður heyrðist lítið í þræl hennar og barnsföður, sem Sindri Birgisson leikur. Jóhannes Haukur Jóhannesson, sem leikur Þorgeir, og missir bæði höfuð og hendur, lætur gelgjuna ráða för í túlkun sinni og gerir það vel, og það heyrðist í honum, en hefði verið enn betri hefði bara nútíma íslenska verið notuð sem leikhúsmál.

Lilja Nótt er ung og glæsileg leikkona sem hér er látin leika langt upp fyrir sig í aldri, Kötlu húsfreyju, og gerði það hnökralaust en það sætir þó furðu að eldri og reyndari leikkona var ekki fengin í hlutverkið. Þeir Stefán Hallur Stefánsson, Atli Rafn Sigurðarson og Ólafur Egill vinda sér í ýmis gervi fyrir utan að mynda söngsveitir eða hljómbotna sem virkaði vel fyrir heildarmyndina.

Þó svo að áhorfendur skynjuðu það mæta vel að sýningin var einhvern veginn ekki tilbúin var samspil hópsins gott og skemmtilegt.

Leikmynd Grétars Reynissonar var góð, einkum hið glampandi gólf, sem ís – sem vatn – sem köld eða hlý jörð. Lýsing Lárusar Björnssonar björt og þjónaði verkinu. Ísinn og vatnið, kletturinn og víddin, var óhemju vel unnið. Fellini og nálægð hans í ísdansi fyrri hlutans var sniðug og falleg mynd hvað sem fólki finnst svo um hvort hún ætti að vera þarna eður ei. Búningar Helgu Stefánsdóttur voru spaugilegir og féllu vel að heildarmyndinni, sérstaklega mikill sjalakjóll Kolbrúnar. Öll þessi ytri skreytiatriði, eins og hinir kauðslegu glímukappabúningar og myndskreytingin af krossfestingu frelsarans, voru flott á að líta en það var einhvern veginn allt. Samsafn af myndum. Var þetta máske skírskotun í gömlu skrautsýningarnar, en í leikskrá nefnir leikstjórinn að hópurinn hefði nálgast verkið gegnum sýn áhugaleikhúsmanna á fornköppum? Gísli Galdur Þorgeirsson er skrifaður fyrir hljóðmyndinni og var hún glettilega samsett.

Fyrri hluti sýningarinnar var þróttmeiri og síðan eins og fálmað meira í þeim seinni.

Eftir að Þormóður er kominn á fund konungs og gerir sér grein fyrir að eltingaleikurinn eftir frægðinni var innihaldslaus er ekkert annað í stöðunni en að snúa heim. Niðurstaðan er kannski sú, að þrátt fyrir ferðabröltið um allar jarðir eru átthagarnir ekki fjötrar heldur faðmur. Söngurinn „Ég er kominn heim“ liðaðist um sýninguna og fékk lokaorðið. Þar sem sú leið var valin að algerlega fylgja texta Laxness sætir það furðu að ekki skyldi vera lögð áhersla á málskilning, áherslur og framsögn.

Engu síður gott frumkvæði hjá Þjóðleikhúsinu að láta vinna leikverk úr einu af öndvegisritum íslenskra bókmennta.

**Elísabet Brekkan**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 18. febrúar 2010**

### Tónleikar

**20.00** Í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi ætlar **Nýi Kvartettinn** að endurtaka minningartónleika til heiðurs **Bergþóru Árnadóttur** söngvaskálds. Nánari upplýsingar á www.salurinn.is

**21.00** Á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri koma fram hljómsveitirnar **AM/PM** og **Molta**. Húsið verður opnað kl. 20.00.

**21.00** **Bláir skuggar**, jazz- og blúshljómsveit Sigurðar Flosasonar verður í jazzkjallaranum hjá **Café Cultura** við Hverfisgötu 18.

**21.00** **Bandið bak við eyrað** flytur bítlatónlist á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

**21.00** **Eiríkur Hauksson** kemur fram á **Deep Purple** heiðurstónleikum ásamt úrvali tónlistarmanna. Tónleikarnir fara fram á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu.

**21.30** **Hreimur** og **Heiða** flytja saman nokkur vel valin lög fyrir gesti **Pósthússins** vínbars, við Pósthússtræti 13.

### Sýningar

Myndlistarsýning **Magnúsar Guðmundssonar** stendur yfir í veitingasal íþróttamiðstöðvar **Lágafells** í Mosfellsbæ. Opið virka daga kl. 6.30-20.30 og um helgar kl. 08-18.

Í **Gallerí Ágúst** við Baldursgötu hefur verið opnuð sýning á verkum **Einars Garibalda Eiríkssonar**. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

Hjá **Kling & Bang** gallerí hefur verið opnuð sýning á teikningum eftir átta listamenn. Opið fim.-sun. kl. 14-18. Nánari upplýsingar á http://this.is/klingogbang.

Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu 15 (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á verkum **Oddvars Arnar Hjartarssonar**. Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

### Pub Quiz

**20.00** **Fótbolta Pub Quiz** verður haldið á **Enska barnum** við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Þema kvöldsins er hetjur og skúrkar fótboltans. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

**21.30** **Polar Pub Quiz** verður haldið á **Karaoke Sport Bar** við Frakkastíg 8. Almennar, krossa- og myndaspurningar ásamt hljóðdæmum. Í kvöld verður íþróttaþema. Hámark 4 saman í liði.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Bragi Ólafsson** ræðir um tilurð skáldverksins **Gæludýrin** í erindi sem hann flytur hjá **HÍ**, Háskólatorgi við Sæmundargötu 4 (st. 105).

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Peyo CREATIONS

# STRUMPARNIR™

VILTU EINTAK?

STRUMPASAFNIÐ 5 ER KOMIÐ Í VERSLANIR

SENDU SMS SKEYTIÐ **EST ST5** Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ STRUMPASAFNIÐ 5 Á DVD!

10. HVER VINNUR!

KOMNIR Á DVD!

FULLT AF AUKAVINNINGUM · TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR
FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLEIRA!

SMS LEIKUR

STRUMPARNIR ERU Í ELKO

ELKO

WWW.STRUMPAR.IS

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.


SEABEAR

SPOON

## > Í SPILARANUM

Seabear - We Built a Fire
The Besnard Lakes – The Besnard Lakes Are The Roaring Night
Broken Bells - Broken Bells
Midlake - The Courage of Others
Spoon - Transference

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Jói hitar upp fyrir Emilíönu

Emilíana Torrini heldur þrenna tónleika í Háskólabíói um helgina. Um upphitun sér Joe Worricker, tvítugur enskur strákur sem spáð er miklum frama. Joe er á samningi hjá Rough Trade, útgáfufyrirtæki Emilíönu, og er fyrsta platan hans væntanleg í sumar.

Joe fer langt á sinni frábæru söngrödd, sem er djúp og rám og minnir eilítið á Antony Hegarty. Hann ólst við að hlusta á djasssöngkonur eins og Söruh Vaughan, en tók svo Amy Winehouse-æði í tvö ár. Upp á síðkastið, þegar hann hefur verið að gera plötuna sína, hefur hann hlustað mikið á Bítlana og Kate Bush, og hann segir sálarpoppið frá Motown-útgáfunni hafa haft mikil áhrif á textagerðina. Hann semur tónlistina sína sjálfur en hefur notið aðstoðar Greens Gartside úr hljómsveitinni Scritti Politti.

Joe mun koma fram með kassagítarleikari og þeir sem vilja tékka á tónlistinni finna dæmi bæði á Myspace-síðu hans og á Youtube. - drg

**TVÍTUGUR SÁLARPOPPARI** Joe Worricker verður í Háskólabíói um helgina.

# Ný plata frá The National

**Ný plata með Brooklyn-sveitinni The National er væntanleg í maí. Liðsmenn sveitarinnar eru þessa dagana að hljóðblanda plötuna. Gítarleikarinn Aaron Dessner segir í samtali við Rolling Stone að platan sé „meira grípandi og meiri poppplata“ en Boxer sem sló í gegn fyrir þremur árum. Sufjan Stevens og Justin Vernon úr Bon Iver syngja bakraddir á plötunni.**

**THE NATIONAL** Ný plata væntanleg.

## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Allt fram streymir endalaust…*

Eins og margoft hefur komið fram hafa neysluvenjur tónlistaráhugamanna verið að breytast undanfarin ár. Plötusala hefur minnkað og sífellt fleiri sækja tónlist í stafrænu formi á Netið. Ég man vel eftir því þegar þessi þróun hófst fyrir nokkrum árum að einhver spekingurinn spáði því að í framtíðinni yrði tónlistin eins og vatnið. Þú borgar bara smá upphæð á hverju ári og svo skrúfar þú frá krananum þegar þér sýnist. Og viti menn. Hann var ekki langt frá því.

**ÓMAR RAGNARSSON** er í boði hjá Tónlist.is eins og Fræbbblarnir og Botnleðja.

Það hefur færst mjög í aukana að undanförnu að „streyma“ (enska: „streaming“) tónlist í stað þess að hala henni niður. Niðurhalsbyltingin var orðin þannig að í staðinn fyrir að fylla herbergi og stofur af geisladiskum voru menn farnir að fylla sífellt stærri harða diska af MP3-skrám. Og enn sama plássleysið. Þess vegna kjósa margir að eiga ekki tónlistina, láta sér nægja að geta spilað hana þegar þeim hentar. Og það hafa komið fram öflugar tónlistarveitur sem gera þetta mögulegt. Í Bandaríkjunum er LaLa.com stærst og í Bretlandi og víðar er það Spotify.com. Báðar þessar veitur bjóða upp á margar milljónir laga sem þú getur hlustað á þegar þú vilt.

LaLa.com og Spotify starfa á ákveðnum svæðum og eru enn að minnsta kosti ekki í boði hér á landi, en bæði Gogoyoko og Tónlist.is bjóða upp á streymi. Hjá Gogoyoko er það ókeypis. Þar er hægt að finna mikið af nýrri tónlist og eitthvað af eldri. Hjá Tónlist.is kostar áskrift á mánuði svipað og einn geisladiskur, en fyrir þann pening er hægt að hlusta á mjög mikið af íslenskri tónlist frá síðustu 50 árum eða svo og gríðarlegt magn af erlendri tónlist. Hvort sem þig langar að heyra plötu með Ómari Ragnarssyni frá sjöunda áratugnum, Fræbbblana, Botnleðju eða nýju Massive Attack þá er það í boði. Með einum smelli.

Ekki slæmt, en auðvitað vilja sumir frekar eiga plötuna heima í hillu.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 19. febrúar n.k.

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Ramses er Herra skítsama

**Útgáfupartí rapparans Ramses fer fram á Prikinu í kvöld. Hann er að gefa út EP-plötuna Virtu það. Seppi sem var í Afkvæmum guðanna kemur líka fram. Ramses heitir Guðjón Örn Ingólfsson en það er aukaatriði.**

„Platan kemur út á Myspace-síðunni minni um helgina og liggur þar bara frítt. Ég hugsa hana sem kynningu því ég ætla að reyna að gefa út alvöru plötu þegar líður á árið, á plasti helst,“ segir Ramses. „Slóðin er myspace.com/herraskitsama. Ramses var upptekið. Það var einhver grískur hólkur búinn að ræna því og hann er ekki einu sinni tónlistarmaður.“

### Hægt og rólega

Á plötunni Virtu það eru átta lög. „Ég rappa yfir bít frá ýmsum aðilum, meðal annars Earmax, sem er Magse úr Subterranean og frá einum náunga sem heitir Domingo og er frá Brooklyn. Hann hefur unnið með Eminem, KRS-One, G-Unit og svona körlum. Hann var með bít á Capital Punishment-plötunni með Big Pun, sem fékk Grammy-verðlaun. Ég kynntist honum nú bara á Myspace.“

Ferill Ramsesar hófst þegar íslenska rappið sprakk út í byrjun aldarinnar. „Ég byrjaði að fikta við þetta árið 2000,“ segir hann. „Árið 2003 gaf ég út plötu sem heitir Fátækari en þú, svo gaf ég út mixteip og ýmislegt annað svona hægt og rólega. Núna hefur maður meiri tíma og sér fram á að hægt sé að gera eitthvað alvöru stöff.“

### Rappað um Icesave

Íslenska rappsenan hefur verið nokkuð í sviðsljósinu í vikunni eftir Móra/Erps-atvikið. „Þrátt fyrir þann leiðinlega atburð lítur íslenska rappið nú bara vel út um þessar mundir,“ fullyrðir Ramses. „Það eru margir að gera skemmtilega hluti og einhverjir að fara að gefa út, bæði Diddi Fel og Erpur, og Emmsjé Gauti er að stefna að plötu. Það held virkilega að það sé eitthvað að fara að kvikna aftur. Eða ég vona það allavega.“

**VIRTU ÞAÐ** Ramses er á íslensku, all the way. MYND/HANNES AGNARSSON

Öfugt í rokkinu rappa langflestir á íslensku. „Já, ég er á íslensku, all the way,“ segir Ramses. „Ég tek ýmislegt fyrir. Í „Kenndu hip-hopi um“ er ég að fjalla um að það er aldrei fjallað um hip hop öðruvísi en á neikvæðan hátt. Það er margt búið að vera að gerast en svo kemur ein hnífstunguárás og þá er ekki talað um annað. Eins þegar Reykjavíkurborg barðist sem mest á móti graffitíinu. Þá var þetta sett fram eins og hip hop væri bara það versta í heiminum.“

Pólitísk ádeilulög má líka finna á plötu Ramses. „Eitt lagið heitir Glæpir borga sig. Ég er námsmaður og það þýðir að það safnast upp skuldir, en væri ég glæpamaður gæti ég verið í góðum málum og átt bíl og íbúð. Svo er ég með eitt Icesave-lag sem heitir Hryðjuverkamaður.“ drgunni@frettabladid.is

# Sade snýr úr útlegðinni

Sade er snúin aftur með sjöttu plötuna sína á 25 ára ferli. Platan heitir Soldier of Love og er sú fyrsta frá Sade síðan Lover‘s Rock kom út árið 2000.

Tæknilega er Sade hljómsveit. Tónlistarmennirnir Stuart Matthewman, Paul Spencer Denman og Andrew Hale hafa verið með frá byrjun. Athyglin hefur þó alltaf verið á söngkonunni Helen Folasade Adu. Hún er holdgervingur Sade, lokkandi rödd hennar er það sem bandið er þekkt fyrir.

Helen er fædd árið 1959 og á nígerískan föður og enska móður. Fyrsta platan, Diamond life, kom út 1984 og sló strax í gegn með lögum eins og „Smooth Pperator“ og „Your Love Is King“. Sá tónn sem þar var sleginn hefur að mestu haldið sér síðan. Það hefur aldrei verið „Ný Sade“ og það eru engir gestarapparar á plötunum eða rándýrir og funheitir pródúserar. Nýja platan er engu að síður snyrtilega staðsett í nútímanum, en hljómar alveg rembingslaus, afslöppuð og mjög „Sade-leg“.


**ÞRÁIR EKKI SVIÐSLJÓSIÐ** Sade gefur út plötuna Soldier of love.

Viðhorf söngkonunnar til frægðarinnar er athyglisvert. Hún veitir sárasjaldan viðtöl, mætir aldrei á frumsýningar eða í partí og á milli platna hverfur hún bara. Síðan tónleikum fyrir síðustu plötu lauk hefur hún dvalið á landsbyggðinni í Englandi með kærastanum og tveimur börnum. Spurð af hverju svona langur tími líði á milli platna svarar söngkonan: „Lífið flækist bara fyrir manni og tíminn líður alltaf fljótar en maður heldur. Helsta ástæðan fyrir því að það tekur mig svona langan tíma að fara í hljóðver, er að þegar ég byrja þá er ég svo lengi að gera plötu. Þetta er eins og fara í langt ferðalag á skipi. Þegar ég er kominn um borð þá kemst ég ekki svo auðveldlega frá borði aftur.“

Engra breytinga er að vænta í viðhorfum Sade. „Ég vil troða upp og syngja þessi lög, en svo vil ég bara hverfa aftur,“ segir hún. „Ég býst við að fólk ætlist til að söngvarar séu alltaf í sviðsljósinu. Ég reyni bara að setja sem mest af sjálfri mér í lögin og ég vil ekki ganga lengra en það. Ég hef aldrei þráð athyglina sem aðrir kunna að girnast. Hef aldrei þurft á henni að halda sem staðfestingu á því sem ég er að gera.“ - drg

# Enn meiri afslátturr

# 60%

## Afslátturr af öllum vörum

Menn + Konur, Laugavegi 7



## Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

P.S...ef þú ert forvitin þá geturðu séð vor 2010
á www.andersenlauth.com...

## > NÓG AÐ GERA

**Steven Soderbergh** hefur nóg að gera. Hann er um þessar mundir við tökur á kvikmyndinni Knockout með Ewan McGregor, ætlar að gera Liberace með Michael Douglas og hefur ráðið Gwyneth Paltrow í vírusmyndina Contagion þar sem fyrir voru Matt Damon, Kate Winslet og Jude Law.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Scorsese sækir innblástur til Leo

Martin Scorsese upplýsir af hverju hann hefur notast við Leonardo DiCaprio í fjórum myndum í röð í viðtali við Cynthiu McFadden hjá Nightlife-þætti ABC. Þessi áhugaverðasti kvikmyndadúett seinni tíma mætti til Berlínar í vikunni og frumsýndi nýjustu kvikmynd sína, Shutter Island, en hún verður tekin til sýningar í Bandaríkjunum á morgun. DiCaprio hefur án nokkurs vafa notið góðs af þessu samstarfi en kvikmyndanirðir hafa tekið hann í sátt eftir að hafa úthrópað hann sem sykursætt „onehitwonder" í tengslum við Titanic.

Scorsese sagði í viðtalinu við Nightlife að DiCaprio væri skáldagyðjan sín. „Þegar þú ákveður að gera kvikmynd þá þarftu einhver hughrif og leikarinn er lykillinn," sagði Scorsese í viðtalinu. „Við erum vissulega ekki af sömu kynslóðinni en við höfum svipaðan smekk. Við þróuðum samband okkar við gerð Gangs of New York, það varð betra þegar við gerðum Aviator og svo var það fínpússað í The Departed," útskýrir Scorsese en DiCaprio lék aðalhlutverkin í öllum þessum kvikmyndum.

Scorsese, sem er lifandi goðsögn í Hollywood, útilokaði ekki í viðtalinu að þeir félagar kynnu að gera fleiri kvikmyndir saman á næstunni. Hann hafi í hyggju að gera ævisögulega kvikmynd um líf og starf stórsöngvarans Frank Sinatra. Og viðurkenndi um leið að DiCaprio myndi smella eins og flís við rass í hlutverkið.

**ENGIN ENDALOK** Ekkiert virðist benda til þess að DiCaprio og Scorsese séu hættir að gera kvikmyndir saman en nýjasta afurð þeirra, Shutter Island, verður frumsýnd í Bandaríkjunum á morgun.

**ENDAPUNKTUR** Loftkastalinn sem hrundi er síðasta myndin um ævintýri Lisbeth Salander og Kalla Blómkvist.

# Salander snýr aftur

Tölvuhakkarinn Lisbeth Salander og blaðamaður Millennium, Kalli Blómkvist, snúa aftur í kvikmyndinni Loftkastalinn sem hrundi. Þetta er þriðja og síðasta kvikmyndin sem byggð er á þríleik sænska rithöfundarins Stieg Larsson. Að þessu sinni er komið að uppgjörinu mikla við hið opinbera þar sem reynir á bæði traust og vináttu Salander og Blómkvists fyrir alvöru og að sjálfsögðu er Blomkvist með augun opin fyrir nýjum ástarsamböndum við þær konur sem hann rekst á. Noomi Rapace fer að sjálfsögðu með hlutverk Salander og Michael Nyqvist leikur Kalla.

Bæði Karlar sem hata konur og Stúlkan sem lék sér að eldinum nutu mikilla vinsælda á síðasta ári og yfir áttatíu þúsund áhorfendur sáu þær í bíó. Það verður að teljast nokkuð sérstakt á Íslandi þar sem myndir á annarri tungu en ensku og íslensku njóta yfirleitt ekki sannmælis hjá íslenskum kvikmyndaáhugamönnum. Þeir sem eru með ofnæmi fyrir „framandi" tungumálum eins og sænsku geta huggað sig við að framleiðslufyrirtæki Scotts Rudin, sem á heiðurinn af kvikmyndum á borð við No Country for Old Men og There Will Be Blood, hefur tryggt sér endurgerðarréttinn og er handritsvinnan þegar hafin. Samkvæmt imdb.com er áætlað að tökur á Körlum … hefjist á árinu 2011 og myndin verði frumsýnd 2012. Reikna má með að hinar fylgi í kjölfarið og nú er bara að vona að Hollywood klúðri ekki leikaravalinu. En þangað til verða aðdáendur Larssons að notast við sænsku og upprunalegu útgáfuna.

# Svekkelsi að fá ekki tilnefningu til Óskarsins

**Kvikmyndin Brothers verður frumsýnd á morgun. Sigurjón Sighvatsson framleiðir myndina og hefur hún hlotið mikla umfjöllun í Bandaríkjunum.**

Brothers er endurgerð á dönsku kvikmyndinni Brødre eftir Susanne Bier. Myndin segir frá bræðrunum Sam og Tommy Cahill sem hafa fetað ólíkar brautir í lífi sínu. Tommy hefur verið frekar rótlaus og aldrei fundið sína fjöl en Sam hefur náð miklum frama innan bandaríska hersins, á fallega konu og börn. En líf þeirra breytist til frambúðar þegar Sam er sendur í stríðið í Afganistan og er talinn hafa týnt lífi í einni árásinni. Tommy ákveður að taka að sér fjölskyldu Sams og fellur fyrir mágkonu sinni, Grace og gengur börnunum í föðurstað. Þegar Sam rís síðan óvænt upp frá dauðum er uppgjör milli bræðranna óumflýjanlegt. Með helstu hlutverkin í myndinni fara þau Jake Gyllenhaal, Natalie Portman og Tobey Maguire en hann var tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir leik sinn í myndinni. Leikstjóri er Jim Sheridan en lag myndarinnar, Winter, er samið af U2.

Sigurjón keypti endurgerðarréttinn að myndinni 2007 og hóf strax vinnu við að koma myndinni á koppinn. Það vakti mikla athygli þegar hann fékk þríeykið Gyllenhaal, Portman og Maguire til að sameinast á hvíta tjaldinu enda þau meðal bestu ungu leikaranna í Hollywood. Myndin hefur fengið ágætis dóma í Bandaríkjunum og spjallþáttastjórnandinn David Letterman sagði hana eina bestu mynd síðustu tuttugu ára. Enda fór það svo að Sigurjón og hans menn fóru í rándýra Óskarsherferð til að eiga möguleika á því að hljóta tilnefningu til þessara æðstu kvikmyndaverðlauna heims.

**SVEKKELSI**

**Sigurjón** segir það vonbrigði að hafa ekki fengið neina tilnefningu til Óskarsverðlauna. Hann hafi gert sér vonir um tilnefningu fyrir besta lagið og að **Brothers** væri tvímælalaust betri en margar af þeim tíu myndum sem hlutu þessa eftirsóttu tilnefningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það voru nokkur vonbrigði að fá ekki tilnefningu. Lagið hefði átt að fá tilnefningu og þótt við hefðum ekki átt möguleika í fimm efstu sætin þá áttum við tvímælalaust heima meðal tíu efstu," segir Sigurjón sem var staddur á flugvellinum í Berlín þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Mennirnir í markaðsdeildinni misstu svolítið móðinn þegar við fengum ekki Golden Globe en það þýðir ekkert í þessum bransa, svo má náttúrlega ekki gleyma því að inn í þetta blandast svo meiri peningar og pólitík. En við áttum okkar tækifæri en nýttum þau ekki."

Sigurjón segir að myndin hafi fengið misjafna dóma í Ameríku og það hafi komið honum svolítið á óvart. Evrópskir gagnrýnendur hafi hins vegar verið ákaflega hrifnir. „Við fengum fín viðbrögð frá áhorfendum og myndin gekk vel í miðasölu. Auðvitað lentum við, eins og allar aðrar kvikmyndir, í þessum Avatar-fellibyl en samt sem áður náðum við okkar markmiðum hvað miðasölu varðar." Sigurjón hefur fulla trú á því að myndin eigi eftir að vegna vel hér á landi. „Þetta er mjög sterkur leikhópur og hún á eftir að pluma sig vel, ég er alveg sannfærður um það."

freyrgigja@frettabladid.is

# Valentínus vinsæll í Ameríku

Kvikmyndin Valentine's Day var frumsýnd í Bandaríkjunum á sjálfan Valentínusardaginn sem er 14. febrúar. Þetta herbragð heppnaðist fullkomlega því kvikmyndin halaði inn rúmum 52 milljónum Bandaríkjadala á aðeins þremur dögum. Kvikmyndasérfræðingar höfðu vissulega búist við góðri aðsókn en þessi fjöldi kom þeim í opna skjöldu.

Myndin er stjörnum prýdd og skartar meðal annars Ashton Kutcher, Jessicu Alba, Jessicu Biel, Bradley Cooper (The Hangover), Jamie Foxx, Jennifer Garner og drottningu rómantísku kvikmyndanna, Juliu Roberts, í helstu hlutverkum. Myndin segir sögu nokkurra para í Los Angeles en þau glíma öll við þá miklu pressu sem fylgir Valentínusardeginum í Bandaríkjunum. Sum pör ná saman á meðan önnur fjarlægjast og hætta saman. Leikstjóri myndarinnar er Garry Marshall en hann skrifaði meðal annars handritið að sjónvarpsþáttunum Happy Days.

Töluvert hefur verið rætt um kvikmyndina á netinu og á spjallborði IMDB.com velta menn vöngum yfir því hver sé munurinn á Valentine's Day og bresku gamanmyndinni Love Actually. „Eini munurinn sem ég sé er að Valentine's Day er gerð í Bandaríkjunum, það eru bandarískir leikarar og hún gerist í febrúar en ekki í desember," skrifar einn á vefsíðuna. Valentine's Day hefur fengið ágætis dóma en flestir eru sammála um að allur þessi haugur af stjörnuleikurum fái ekki nóg úr að moða og sumir stórleikaranna hreinlega týnist í fjöldanum.

**DROTTNINGIN** Julia Roberts leikur eitt aðahlutverkanna í Valentine's Day en hún er án nokkurs vafa drottning rómantísku kvikmyndanna.

DARE 2b

Regatta GREAT OUTDOORS

CRAGHOPPERS

# NÝJAR VÖRUR

## VOR/ SUMAR 2010

### Dömu & herra

Bolir
Skyrtur
Buxur
Zip/off buxur
Stretch buxur
Flíspeysur
Softshell

Isotex jakkar
Isotex buxur
Undirföt
(okkar verð)
Skór (okkar verð)
ofl. ofl.

### Barnaföt – okkar verð

Bolir
Flíspeysur
Softshell
Zip/off buxur
Regnjakkar

Regnbuxur
Undirföt
Skór
ofl. ofl.

# LAGERSALA/VERÐHRUN

## VETUR 09/10

### Dömu & herra

Flíspeysur 2.990,-
Softshell 2.990,-
Skyrtur 990,-
Buxur fóðraðar 2.990,-
Úlpur 4.990,-

Snjóbuxur 6.490,-
Skíðaúlpur 8.990,-
3-1 úlpur 8.990,-
ofl. ofl.

### Barnaföt

Flíspeysur 1.990,-
Softshell 2.990,-
Úlpur 2.990,-
Snjóbuxur 4.990,-
Skíðaúlpur 4.990,-

**Athugið breyttur afgreiðslutími**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
15 ÁRA
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

## > FRÚ COLE FLÝR LAND

**Cheryl Cole** er flúin til Bandaríkjanna og hefur skipt um hring á baugfingri en breskir fjölmiðlar hafa fjallað mikið um meint framhjáhald eiginmanns hennar, knattspyrnuskúrksins Ashley Cole hjá Chelsea. Breskir fjölmiðlar hafa séð skilnað í kortunum hjá sér.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Jóhanna og Ingó bóka Salinn

„Við erum byrjuð að æfa gamla og góða slagara," segir söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir.

Jóhanna Guðrún og Ingólfur Þórarinsson, best þekktur sem Ingó í Veðurguðunum, æfa nú saman tónleikadagskrá sem þau flytja saman í Salnum í Kópavogi miðvikudaginn 10. mars.

Miðasala hófst um helgina, en á dagskránni eru bæði frægir dúettar og lög sem þau breyta í dúetta, að sögn Jóhönnu. „Það eru lög eins og Don't Go Breaking My Heart með Elton John og Kiki Dee, lög með Johnny Cash og June Carter; If I were a Carpenter og It Ain't Me Babe, Fever með Elvis Presley, Hit the Road Jack og fleiri," segir hún og játar að dagskráin sé fjörug. „Það þýðir ekkert annað."

Aðeins þessir einu tónleikar hafa verið bókaðir, en Jóhanna útilokar ekki að þeir verði fleiri ef áhugi fólks verður mikill. Samstarf Jóhönnu og Ingós er á byrjunarstigi og þau segjast ekki vera farin að íhuga plötugerð, þótt ekkert sé útilokað.

- afb

**SAMSTARFIÐ HEFST** Jóhanna Guðrún og Ingó eru byrjuð að æfa upp tónleikadagskrá sem flutt verður í Salnum í Kópavogi í mars.

# Rektor LHÍ stendur með Lindu í kjólamálinu

**Rektor LHÍ fagnar því að fagstjóri skólans skuli tjá sig með opinberum hætti. Formaður fatahönnunarfélagsins segir bréf Lindu Bjargar Árnadóttur til Evu Maríu hafa verið óþarfi.**

Heitar umræður hafa skapast um bréf Lindu Bjargar Árnadóttur, fagstjóra fatahönnunarbrautar Listaháskóla Íslands, sem hún sendi til sjónvarpskonunnar Evu Maríu Jónsdóttur eftir úrslitakvöld Söngvakeppni sjónvarpsins laugardaginn 6. febrúar og Fréttablaðið hefur greint frá. Þar gagnrýndi Linda Björg klæðaburð Evu og Ragnhildar Steinunnar harðlega og sagði kjólana sem þær klæddust hafa verið ákaflega ljóta. Birta Björnsdóttir hjá Júníform, sem hannaði kjólana, sagði gagnrýni Lindu vera bitra og fagstjórinn væri svekktur yfir því að hennar nemendur hefðu ekki fengið verkið.

Hjálmar Ragnarsson, rektor Listaháskólans, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hefði enga skoðun á því hvort kjólarnir væru ljótir eða ekki. Hann bæri hins vegar fullt traust til fagstjórans: „Hún hefur sýnt það með störfum sínum hér að hún er að byggja upp mjög sterka fatahönnunarbraut," segir Hjálmar sem þykir mjög mikilvægt að háskólafólk, sama í hvaða fagi það sé, segi hvað því finnist á opinberum vettvangi. „Ég hvet mína fagstjóra til að láta í sér heyra og fagna því að Linda skuli hafa látið sína skoðun í ljós," segir Hjálmar en bætir því við að starfsmenn skólans komi fram á eigin ábyrgð.

Gunnar Hilmarsson, formaður Félags fatahönnuða, segir álit Lindu hafa verið illa rökstutt.„Mér fannst bréfið óþarfi. Birta hefur rekið sitt fyrirtæki í tíu ár og það segir sitt. Ég held að það sé vísindalega ómögulegt að sanna hvort kjóll sé ljótur eða flottur," segir Gunnar. Hins vegar segir Gunnar að Linda hafi sinnt starfi sínu í Listaháskólanum ákaflega vel og útskriftarnemendur hafi aukið fjölbreytnina og gæðin í íslenskri fatahönnun til muna. „Og Linda og skólinn eiga þakkir skilið fyrir það."

Sjónvarpskonan Eva María Jónsdóttir sagði þetta vera eitt skemmtilegasta erindið sem hún hafi fengið inn á borð til sín. „Annars hef ég bara mjög einfaldan smekk, hann er eflaust ljótur eins og flestra. Ég er bara þessi týpíski lopapeysulúði."

freyrgigja@frettabladid.is

## SKIPTAST Í TVO HÓPA

**Hjálmar Ragnarsson**, rektor LHÍ, segist standa með fagstjóranum og fagnar því að Linda skuli hafa látið álit sitt í ljós. **Gunnar Hilmarsson**, formaður Félags fatahönnuða, telur bréfið hafa verið óþarft. **Eva María** segist hins vegar bara vera þessi týpíski lopapeysulúði.


Endurbætt Egilshöll

# Vetrardagskrá Heilsuakademíunnar í Egilshöll

**Tækjasalur**
Egilshöll
Frábær tækjasalur og opnir tímar. Body Pump, Spinning, MRL o.fl. Einkaþjálfun í hæsta gæðaflokki.

**Herþjálfun**
Egilshöll
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

**Lífsstílsnámskeið**
Egilshöll
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

**Fit-Pilates**
Egilshöll
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

**Tarzan fyrir börnin**
Egilshöll 5-10 ára
Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

Sími: 594 9666
www.heilsuakademian.is
Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, opna tíma, einkaþjálfun og landins mesta úrval námskeiða. Auk þess sem við kynnum endurbætta Egilshöll.
Ný námskeið hefjast 22. febrúar.

**Karlapúl**
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri. Frábær þjálfun í góðum félagsskap.

**Boxbrennsla**
Egilshöll
Spörk, kýlingar, þol og teygjur. Leiðin að góðu formi.

**TRX** Nýtt!
Egilshöll
TRX er frábær þjálfun í ströppum þar sem þú nýtir líkamsþyngd þína í stað lóða. Byggir upp jafnvægis- og djúpvöðvakerfi líkamans.

**Pole Fitness**
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

**Dansskóli Birnu Björns**
Egilshöll
6-15 ára
Freestyle, Jazzballet, Grease, Hip Hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.

**Rope Yoga**
Egilshöll
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

**Sundskóli**
Lágafellslaug / Mosfellsbæ 2-5 ára
Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

**Breakdans**
Egilshöll 7-15 ára
Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves."

**Eitt Líf**
Egilshöll 9-13 ára
Skemmtileg og uppbyggileg námskeið fyrir börn yfir kjörþyngd.

**Einkaþjálfun**
Egilshöll
Fagleg þjálfun undir stjórn menntaðra einkaþjálfara.

**Afþreying**
Hópefli, gæsanir/steggjanir, barnaafmæli í Tarzan sal, og fyrirtækjaskemmtanir. Auk þess verða ýmsar uppákomur í vetur s.s. göngu- og hlaupahópar.

Árskort á 37.990-

Ný námskeið hefjast 22. febrúar

Frístunda kortið
Heilsuakademían er aðili að Frístundakorti ÍTR

heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

## HEILSUHORN Sollu og Völu Matt

# Hafra- og speltbrauð

Í Íslandi í dag í kvöld býr Solla Eiríks til ljúffengt og hollt og ótrúlega fljótlegt brauð. Upplagt til þess að baka á morgnana eða í eftirmiðdaginn þegar við komum heim úr vinnunni eða úr skólanum. Þarf ekki að hefast og er bara hrært saman á örskotsstundu. Hrein snilld!

**Uppskrift:**
Hafra- og speltbrauð
4 dl spelt-, t.d. fínt malað
1 dl graskerjafræ
1 dl hörfræ
1 dl sólblómafræ
1 dl tröllahafrar eða haframjöl
1 msk. vínsteinslyftiduft
1 1/2 tsk. kúmen
1/2 tsk. salt
2-3 msk. hunang
2 1/2 dl vatn
1 msk. sítrónusafi

Hitið ofninn í 180°C. Blandið þurrefnunum saman í skál+hunang, hellið vatni og sítrónusafa út í og hrærið. þessu rólega saman. Setjið í smurt brauðform. Bakað við 180° í um 35-40 mínútur. Þetta er allt og sumt. Ótrúlega fljótlegt og þvílík hollusta. Og ljúft og gott á bragðið. Getur ekki verið betra!

# Leitað að leikurum

Opnar áheyrnarprufur verða haldnar um næstu helgi, 20. og 21. febrúar, fyrir nýja íslenska kvikmynd sem nefnist L7: Hrafnar, Sóleyjar og Myrra. Leitað verður að stelpu á aldrinum 12 til 15 ára í aðalhlutverkið og strák á aldrinum 13 til 16 ára í aukahlutverk.

Myndin er ævintýraleg og spennandi fyrir alla fjölskylduna í leikstjórn Helga Sverrissonar, sem hefur áður gert myndina Didda og dauði kötturinn, og Eyrúnar Óskar Jónsdóttur. Framleiðandi er kvikmyndafélagið Einstefna og byggir myndin á samnefndri skáldsögu sem kemur út í sumar.

Myndin verður öll tekin upp í Hafnarfirði og því er við hæfi að leikprufurnar fari fram í húsnæði Leikfélags Hafnarfjarðar. Skráning fer fram í gegnum netfangið 17themovie@17themovie.com.

**EYRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR** Eyrún leikstýrir myndinni ásamt Helga Sverrissyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**ABBEY ROAD** Bítlarnir á gangbrautinni við hljóðverið Abbey Road á umslagi samnefndrar plötu.

# Vilja bjarga Abbey Road

**Bítillinn Paul McCartney segir að sumir sem hafi tengst hljóðverinu Abbey Road í langan tíma ætli að gera tilboð í það í von um að bjarga því frá grimmum örlögum. „Ég skil vel hvað þeir eru að reyna að gera. Vonandi geta þeir gert eitthvað, það yrði frábært," sagði McCartney.**

**Hljóðverið, þar sem Bítlarnir tóku upp plöturnar sínar, hefur verið sett á söluskrá af plötufyrirtækinu EMI í von um að létta á skuldum þess. Fjöldi fólks víðs vegar að úr heiminum heimsækir Abbey Road og margir láta mynda sig á gangbrautinni sem Bítlarnir gerðu fræga á samnefndri plötu sinni.**

# Farinn að venjast „Sir"

**Leikarinn Patrick Stewart er farinn að venjast því að vera kallaður „Sir" eftir að hann var sleginn til riddara á nýársdag. „Ég hef bara verið í Englandi í fjóra daga síðan 1. janúar og þess vegna hef ég haft tíma til að átta mig á þessum mikla heiðri," sagði Stewart, sem er þekktastur fyrir hlutverk sín í Star Trek og X-Men. „Þetta verður alltaf þægilegra með hverjum deginum sem líður." Stewart fékk nýverið tvenn leikhúsverðlaun við hátíðlega athöfn í London, annað þeirra fyrir hlutverk Kládíusar í Hamlet. Hann hefur því í nógu að snúast fyrir utan kvikmyndaleikinn.**

**PATRICK STEWART** Stewart er farinn að venjast nafnbótinni „Sir".

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE WOLFMAN | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.40 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 6 - ísl. tal | L |

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | L |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| THE WOLFMAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| TOY STORY 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:20 | 16 |
| AN EDUCATION | kl. 8 | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | VIP |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 5:50 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 8 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREDARSON | kl. 5:50 - 10:10 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | Sýnd á Föstudag | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:40D - 8:10D - 10:40D | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 6 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:40D | 16 |
| UP IN THE AIR | kl. 10:20 | L |
| BJARNFREDARSON | kl. 6 - 8:10 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | Sýnd á Föstudag | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |

| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE WOLFMAN | kl. 10.50 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE LIGHTNING THIEF LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 - 5.50 íslenskt tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 íslenskt tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.30 íslenskt tal | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | L |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | 12 |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.20 | 10 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.50 - 8 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.10 síðasta sýning | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.50 síðasta sýning | 12 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NINE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 5.50 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 - 10.30 Síðustu sýningar | L |

**HUNDAHEPPNI?** Áhorfendur á nýrri sýningu Jóns eru sérstaklega heppnir, en þeir fá að ráða um hvað hann ræðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHE LM

# Áhorfendur valdamiklir á nýrri sýningu Jóns Gnarr

**Jón Gnarr leyfir áhorfendum að ráða um hvað hann ræðir á nýrri sýningu sem verður frumsýnd í kvöld. Óvíst er hversu margar sýningarnar verða, en þetta er í fyrsta skipti sem hann stígur á svið með grín síðan hann sló í gegn með uppistandið Ég var einu sinni nörd.**

„Þetta er bara skemmtileg kvöldstund með leiðinlegum listamanni," segir hinn hógværi Jón Gnarr.

Jón frumsýnir einhvers konar óvissusýningu í Landnámssetrinu í Borgarnesi í kvöld. Þegar áhorfendur mæta á staðinn skrifa þeir hugmyndir að umræðuefni á blað og setja í hatt. Jón stígur svo á svið vopnaður hljóðnema, dregur blað úr hattinum og ræðir það sem kemur upp. „Ég var að hugsa um að prófa það að minnsta kosti. Ef það er leiðinlegt, þá hætti ég því," segir Jón um hvernig sýningunni er háttað. „Þetta er lýðræðisleg kvöldstund. Fólk hefur fullt af skoðunum, það er um að gera að virkja þær."

Jón verður einnig með karókígræjur á sviðinu, sem hann hyggst *jafnvel* nota. „Þetta er alveg opið. Kannski þróast þetta yfir í karókíkvöld," segir hann. Spurður hvort hann eigi sér eftirlætis karókílag hugsar hann sig um í stutta stund og svarar svo: „Hello" og á þar við ballöðu ofursjarmörsins Lionel Richie frá árinu 1984.

Óvíst er hversu margar sýningarnar verða og Jón segist ætla að sjá til. „Þegar ég gerði Ég var einu sinni nörd, þá ætlaði ég bara að vera með þrjár sýningar," segir hann. Sýningarnar urðu 50. Fjöldi sýninganna að þessu sinni ræðst einnig af aðsókninni. „Ef allt verður vitlaust og allir vilja koma þá bætum við sýningum við," segir hann. „Ef það kemur enginn og öllum finnst ég leiðinlegur og fólk nennir ekki þarna upp eftir þá hætti ég þessu."

Jón segir ákveðin verðmæti felast í því að fólk leggi leið sína í Borganes og vonast til að gleðja fólk, enda sé það mest virði í lífinu. „Það er miklu meira virði en flest annað, en ég held að fólk fatti það ekki," segir hann. „Við erum örugglega bara þrír, fjórir á landinu sem áttum okkur á því."

atlifannar@frettabladid.is


PRAKKARASTRIK!

Loksins er fyrsta bókin um Skúla skelfi fáanleg að nýju.

Óborganleg skemmtun fyrir alla krakka.

3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
10.–16.02.10 Barna- og unglingabækur

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

5+

# ESTĒE LAUDER GJÖF

# GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 18.-24. FEBRÚAR
Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 18. – 24. febrúar.

**GJÖFIN INNIHELDUR:**
**Advanced Night Repair** 7ml – kraftaverkadropa
**Time Zone** 15ml – dagkrem gegn línum og hrukkum
**Eyeshadow quad** – box með fjórum augnskuggum
**Pure Color Crystal Lipstick** – litur, crystal pink
**Sumtuous Mascara** – litur, svartur
**Take It Away 30ml** – farðahreinsir fyrir andlit og augu
**Stóra og fallega snyrtitösku**

**Verðgildi gjafarinnar er kr. 20.930.-**

**Meðan birgðir endast.*

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár

## > Erkifjendur mætast í kvöld

Þrír leikir fara fram í N1-deild karla í handbolta í kvöld þar sem hæst ber slag erkifjendanna Fram og Vals. Þá mætast einnig Stjarnan og Akureyri og svo Grótta og FH. Fram hefur gengið afleitlega til þessa á tímabilinu og aðeins unnið einn af ellefu leikjum sínum í deildinni til þessa og vermir botnsætið á meðan Valur er í harðri toppbaráttu við Hauka. Burt séð frá stöðu liðanna í deildinni eiga Framarar jafnframt harma að hefna því Valsarar unnu leik liðanna að Hlíðarenda fyrr í vetur.

**sport**
sport@frettabladid.is

**GUNNLAUGUR, ÞJÁLFARI VALS:** SEGIR MÓRALINN Í HERBÚÐUM VALS GÓÐAN ÞRÁTT FYRIR SLAGSMÁL LEIKMANNA

# *Menn slógust líka á Skaganum þegar vel gekk*

Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals, segir ekkert vera hæft í þeim sögusögnum að mórallinn í herbúðum meistaraflokks karla sé slæmur. Tveir leikmenn meistaraflokks, þeir Kjartan Sturluson og Hafþór Ægir Vilhjálmsson, lentu í slagsmálum á Idol-kvöldi Vals á dögunum og varð að ganga á milli þeirra.

„Þetta voru bara léttar ryskingar og ekkert sem situr enn í mönnum. Fótboltamönnum hleypur kapp í kinn og þegar ég var á Skaganum og við vorum að vinna allt var reglulega slegist á æfingum," segir Gunnlaugur en hann segir mikla samstöðu í hópnum sem hafi ýmislegt að sanna eftir síðasta sumar sem var mjög lélegt.

„Við höfum talsvert rætt þetta síðasta sumar og verið að vinna með það. Leikmenn telja sig þurfa að sanna ýmislegt og vilja bæta fyrir það sem þar gekk á. Við reynum að nota mótlætið þá sem jákvæðan hlut fyrir þetta tímabil," segir Gunnlaugur.

Valsmönnum hefur ekki gengið sem skyldi það sem af er undirbúningstímabili en Gunnlaugur segir það eiga sínar skýringar.

„Ég hef verið að breyta liðinu mikið í þessum leikjum og við tókum Reykjavíkurmótið ekkert of alvarlega. Vorum meira að nota það sem undirbúningsmót. Þetta er að mótast meira núna og við verðum sterkari í deildabikarnum. Þó svo að við höfum ekki komist áfram í Reykjavíkurmótinu átti ekkert stórslys sér stað þar," segir Gunnlaugur.

Talsverðar breytingar hafa orðið á leikmannahópi Vals frá síðasta ári. Horfnir á braut eru leikmenn eins og Bjarni Ólafur Eiríksson, Marel Baldvinsson, Helgi Sigurðsson, Baldur Bett, Pétur Georg Markan, Guðmundur Viðar Mete og Steinþór Gíslason.

Í þeirra stað eru komnir Jón Vilhelm Ákason, Haukur Páll Sigurðsson, Rúnar Már Sigurjónsson og Stefán Jóhann Eggertsson. Fleiri leikmenn eru væntanlegir fyrir sumarið.

„Við misstum náttúrulega Bjarna óvænt og þurfum að manna bakvarðarstöðuna fyrir hann. Svo eigum við líklega eftir að fá okkur nýjan framherja," sagði Gunnlaugur en ekkert er þó að gerast í þeim málum sem stendur.

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu*

Porto-Arsenal 2-1
1-0 Lukasz Fabianski, sjálfsmark (11.), 1-1 Sol Campbell (18.), 2-1 Radamel Falcao (51.).
*Seinni leikur liðanna fer fram á Emirates-leikvanginum 9. mars.

Bayern München-Fiorentina 2-1
1-0 Arjen Robben (45.+3), 1-1 Per Kroldrup (50.), 2-1 Miroslav Klose (89.).
*Seinni leikur liðanna fer fram á Artemio Franchi-leikvanginum 9. mars.

### *N1-deild karla*

Haukar-HK 31-24 (17-15)
Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 11/3 (15/3), Björgvin Hólmgeirsson 5 (11), Pétur Pálsson 4 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 3 (6), Þórður Rafn Guðmundsson 3 (4), Heimir Óli Heimisson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (6), Freyr Brynjarsson 1 (3).
Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 15/2 (32/7) 47%, Stefán Stefánsson 2 (7/1) 29%.
Hraðaupphlaup: 2 (Freyr, Elías).
Fiskuð víti: 3 (Heimir, Pétur, Elías).
Utan vallar: 12 mín.
Mörk HK (skot): Valdimar Fannar Þórsson 10/5 (14/6), Atli Ævar Ingólfsson 5 (7), Bjarki Már Gunnarsson 2 (6), Ragnar Hjaltested 2/1 (5/2), Halldór Stefán Haraldsson 1 (2), Bjarki Már Elísson 1 (1), Sverrir Hermannsson 1 (7), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (2), Ólafur Viðir Ólafsson 1 (2).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 6 (24/2) 25%, Lárus Ingi Halldórsson 5 (18/1) 27%.
Hraðaupphlaup: 3 (Vilhelm, Valdimar, Bjarki Gun.).
Fiskuð víti: 8 (Atli 5, Vilhelm, Ólafur V., Ragnar).
Utan vallar: 8 mín.
Dómarar: Anton Gylfi Pálsson & Brynjar Einarsson, fínir.

### *Enska úrvalsdeildin*

Wigan-Bolton 0-0
Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton.

### *Enska b-deildin*

Newcastle-Coventry 4-1
Aron Einar Gunnarsson kom inná sem vara maður.

Crystal Palace-Reading 1-3

### *Þýski handboltinn*

Füchse Berlin-Flensburg 25-26 (11-12)
Hvorki Rúnar Kárason né Alexander Pettersson komust á blað í leiknum.

Düsseldorf-Lemgo 26-30 (12-14)
Sturla Ásgeirsson skoraði 1 mark fyrir Düsseldorf en Logi Geirsson skoraði 5 mörk fyrir Lemgo og Vignir Svavarsson 1 mark.

Lübbecke-Gummersbach 27-26 (12-14)
Heiðmar Felixsson skoraði ekki fyrir Lübbecke en Róbert Gunnarsson skoraði 3 mörk fyrir Gummersbach.

Kiel-Dormagen 32-20 (16-10)
Aron Pálmarsson skoraði 1 mark fyrir Kiel en

Hamburg-RN Löwen 37-26 (18-16)
Ólafur Stefánsson skoraði 5 mörk fyrir RN Löwen en Snorri Steinn Guðjónsson komst ekki á blað.

Brynjar Björn Gunnarsson:

## Lagði upp tvö mörk í sigri

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson var allt í öllu hjá Reading í 1-3 sigri liðsins gegn Crystal Palace í ensku b-deildinni gær. Brynjar Björn lagði upp tvö mörk fyrir Reading sem var að vinna sinn fjórða leik í röð í deildinni og komst upp úr fallsætinu.

Gylfi Þór Sigurðsson kom inná hjá Reading á 77. mínútu en hann er búinn að vera meiddur undanfarið. Gunnar Heiðar Þorvaldsson sat allan leikinn á bekknum hjá Reading en Ívar Ingimarsson var ekki í leikmannahópi Reading í leiknum. - óþ

# Fáránleg mistök Fabianski

**Markvörðurinn Lukasz Fabianski átti hræðilegan leik þegar Arsenal tapaði 2-1 gegn Porto í gær en Bayern München hafði betur gegn Fiorentina, einnig 2-1.**

**FÓTBOLTI** Veislan hélt áfram í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi þar sem Porto vann 2-1 sigur gegn Arsenal á Dragao-leikvanginum og Bayern München bar sigurorð af Fiorentina 2-1 á Allianzx-leikvanginum.

Markvörðurinn Lukasz Fabianski átti vægast sagt hræðilegan leik í marki Arsenal en hann var í markinu í stað hins meidda Manuel Almunia. Sýningin byrjaði hjá Fabianski á 11. mínútu þegar hann missti saklausa fyrirgjöf Silvestre Valera klaufalega inn í markið en enginn leikmaður Porto var nálægt honum þegar boltinn lak inn í markið.

Gestirnir í Arsenal létu þó ekki slá sig út af laginu því gamli refurinn Sol Campbell jafnaði metin með góðu skallamarki nokkrum mínútum síðar en Campbell var í vörn Arsenal í stað hins meidda William Gallas.

Leikurinn var annars mjög fjörlegur og skemmtilegur á að horfa þar sem bæði liðin voru að spila stífan sóknarleik. Það dró til tíðinda í upphafi síðari hálfleiks þegar Arsenal heimtaði vítaspyrnu er Tomas Rosicky féll í teignum en dómarinn kaus að flauta ekki. Ótrúlegir hlutir gerðust hins vegar á hinum vallarhelmingnum skömmu síðar þar sem Fabianski handlék boltann eftir sendingu til baka frá Campbell og dómarinn dæmdi réttilega aukaspyrnu. Leikmenn Porto voru fljótir að átta sig á hlutunum og tóku aukaspyrnuna strax á meðan Fabianski og Campbell voru í einhverjum öðrum heimi og Radamel Falcao reyndi boltanum í autt markið. Ótrúleg sjón að sjá og Fabianski með sín önnur hræðilegu mistök í leiknum. Hvorugu liðinu tókst að skora eftir þetta og niðurstaðan því 2-1 sigur heimamanna en tapið klárlega enginn heimsendir fyrir leikmenn Arsenal sem fara aftur til Lundúna með mikilvægt útivallarmark í farteskinu. Seinni leikur liðanna fer fram á Emirates-leikvanginum 9. mars.

**SKÚRKUR** Lukasz Fabianski gerði slæm mistök sem kostuðu bæði mörkin sem Arsenal fékk á sig í 2-1 tapinu gegn Porto í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/AFP

### Sigurganga Bæjara heldur áfram

Bayern München vann sinn þrettánda leik í röð í deild, bikar og Meistaradeild þegar Fiorentina kom í heimsókn.

Bæjarar voru mun sterkari aðilinn í leiknum en niðurstaðan var þó aðeins eins marks sigur, 2-1.

Arjen Robben skoraði fyrsta mark leiksins í uppbótartíma fyrri hálfleiks en Fiorentina náði að jafna metin snemma í síðari hálfleik með marki Per Kroldrup.

Miroslav Klose tryggði Bæjurum svo sigurinn í lokin með ólöglegu marki sem fékk þó að standa.

omar@frettabladid.is

**ARI FREYR** Er afar ósáttur við forráðamenn Sundsvall. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ari Freyr Skúlason:

## Framhaldið enn óljóst

**FÓTBOLTI** Ari Freyr Skúlason hefur ekki átt sjö dagana sæla í samningaviðræðum sínum við sænska b-deildarfélagið Sundsvall. Núgildandi samningur Ara Freys rennur út um næstu áramót en til þessa hefur hann hafnað tveimur samningsboðum og sent forráðamönnum Sundsvall móttilboð sem hann segir vera sitt lokatilboð.

„Ég er alveg kominn með nóg af þessu. Ég og umboðsmaður minn settum saman móttilboð og ef þeir samþykkja það ekki þá skrifa ég ekki undir. Móttilboðið hljómar upp á framlengingu á núgildandi samningi mínum um eitt ár. Það er fundur á morgun [í dag] og þá ætti að koma betur í ljós hvert framhaldið verður," segir Ari Freyr sem gekkst í gær undir aðgerð á hné.

„Ég er búinn að vera meiddur á hné síðan í ágúst í fyrra og var búinn að vera með verk en hélt samt áfram að spila og kláraði tímabilið. Það kom svo upp úr kafinu við skoðun núna að það hafði kvarnast eitthvað upp úr hnéskelinni og ég er því búinn að fara í aðgerð til að kippa þessu í liðinn og verð frá í um þrjár vikur," sagði Ari Freyr. - óþ

Íslandsmeistarar Hauka verða í góðu skapi á leið til Spánar í dag eftir öruggan sigur gegn HK í gærkvöldi:

# Aron veggurinn sem HK komst ekki yfir

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka eru komnir með fimm stiga forystu á toppi N1-deildarinnar eftir öruggan sigur á HK í kvöld, 31-24.

Þessi lið mættust síðasta laugardag í undanúrslitum bikarkeppninnar og þá unnu Haukar afar öruggan sigur. Stórkostleg byrjun Hauka í þeim leik tryggði sigurinn þá enda skoraði HK aðeins eitt mark á fyrstu 15 mínútum leiksins.

Þá voru HK-menn algjörlega sofandi en þeir voru vaknaðir frá fyrstu mínútu í gær og ætluðu augljóslega ekki að láta Hauka taka sig í bólinu aftur. Haukar engu að síður með frumkvæðið framan af þó svo þeir hafi sárlega saknað Birkis í markinu en hann gat ekki leikið vegna meiðsla og varamenn hans voru lítið að verja í fyrri hálfleik. Ekki frekar en Sveinbjörn í marki HK.

Það hjálpaði HK að koma til baka, jafna og síðan komast yfir. Heimamenn létu það ekki á sig fá, tóku aftur völdin og leiddu með tveimur mörkum í leikhléi, 17-15. Sigurbergur Sveinsson sjóðheitur rétt eins og í leiknum á laugardag. Valdimar Þórsson fór einnig mikinn í liði HK í fyrri hálfleik, skoraði sex mörk en hann skoraði aðeins eitt mark í leiknum um síðustu helgi.

Í síðari hálfleik steig Aron Rafn Eðvarðsson upp í marki Hauka, fór að verja eins og berserkur og það varð þess valdandi að Haukarnir juku forskotið jafnt og þétt. HK fékk nokkur tækifæri til þess að koma sér aftur inn í leikinn en þeir klúðruðu öllum þeim tækifærum og létu Aron verja frá sér.

„Mér fannst þetta vera virkilega góður sigur. Það er oft þannig að þegar lið mætast í deild og bikar með stuttu millibili þá vinna liðin sitt hvorn sigurinn. Við vorum staðráðnir að láta það ekki gerast og vildum sanna að við hefðum styrk til þess að mæta einbeittir í báða leikina," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

„Okkur vantaði Birki og Gunnar Berg í dag og aðrir urðu því að stíga upp. Ég er mjög ánægður með að hafa unnið þennan leik," sagði Aron en Haukar héldu í morgun til Spánar þar sem þeir eiga leik í Evrópukeppninni.

„Aron tekur okkur af lífi í markinu. Við klúðruðum aragrúa dauðafæra. Það á útivelli gegn Íslandsmeisturunum gengur ekki upp," sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK. - hbg

**FRÁBÆR** Sigurbergur Sveinsson fór á kostum í sigri Hauka gegn HK í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÖFLUG** Hanna Guðrún Stefánsdóttir var markahæst hjá Haukum í gærkvöldi með níu mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haukar unnu sannfærandi sigur á Stjörnunni í N1-deild kvenna í gærkvöldi:

# Lok, lok og læs hjá Bryndísi

**HANDBOLTI** Bryndís Jónsdóttir, markvörður Hauka, átti hreint ótrúlegan leik í marki Hauka er Haukar skelltu Íslandsmeisturum Stjörnunnar að Ásvöllum, 26-22.

Bryndís varði nákvæmlega allt sem kom á markið í fyrri hálfleik og Stjörnustúlkur hreinlega fundu ekki leiðina fram hjá henni. Bryndís varði alls 19 skot í fyrri hálfleiknum og var með 68 prósent markvörslu sem er ótrúleg frammistaða.

Vörn Hauka var vissulega einnig sterk en þökk sé þessari markvörslu og vörn fengu Haukastúlkur hraðaupphlaup sem þær nýttu vel. Ekki bætti úr skák hjá Stjörnunni að Florentina Stanciu markvörður var ekki lík sjálfri sér og varði aðeins sex skot í hálfleiknum.

Þess utan var sóknarleikur Stjörnunnar í algjörum molum. Hægur, tilviljanakenndur og allt of fáar að ógna markinu. Það voru nær eingöngu Þorgerður Anna og Harpa Sif sem þorðu að skjóta á markið en Bryndís varði ansi mörg skot frá þeim báðum.

Haukar leiddu með fimm mörkum í leikhléi, 15-10, og gáfu aldrei færi á sér í þeim seinni og lönduðu þægilegum og öruggum sigri.

„Þetta var frábær leikur hjá okkur. Ég er virkilega ánægð með vörnina og markvörsluna í leiknum.

Handbolti er einföld íþrótt og snýst um vörn og markvörslu. Þá koma hraðaupphlaupin og við erum með bestu hraðaupphlaupskonu landsins," sagði Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, ánægð eftir leik en hvað fannst henni um frammistöðu Bryndísar í markinu?

„Ég hef trú á þessari stelpu og þess vegna stendur hún þarna. Hún er alltaf að bæta sig og fá meira sjálfstraust eins og sást í dag."

**- hbg**

## ÚRSLIT

### *N1-deild kvenna*

**Haukar-Stjarnan 26-22 (15-10)**

**Mörk Hauka (skot):** Hanna G. Stefánsdóttir 9/3 (19/4), Ramune Pekarskyte 5 (11), Erna Þráinsdóttir 4 (11), Nína B. Arnfinnsdóttir 4 (5), Ester Óskarsdóttir 4 (8).

**Varin skot:** Bryndís Jónsdóttir 28/2 (46/5) 61%, Heiða Ingólfsdóttir 1 (5/1) 20%.

**Hraðaupphlaup:** 8 (Hanna 3, Ester 2, Erna 2, Nína).

**Fiskuð víti:** 4 (Nína 2, Þórunn, Þórdís).

**Utan vallar:** 2 mín

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Harpa Sif Eyjólfsdóttir 7/1 (20/2), Þorgerður Anna Atladóttir 4/1 (14/1), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 3 (7), Þórhildur Gunnarsdóttir 3/1 (6/2), Jóna Sigríður Halldórsdóttir 2 (3), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (4), Alina Tamasan 1 (2).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 21 (46/2) 46%, Sólveig Ásmundsdóttir 1/1 (2/2) 50%.

**Hraðaupphlaup:** 4 (Þórhildur 2, Harpa, Alina).

**Fiskuð víti:** 6 (Jóna 2, Þórhildur, Elísabet, Harpa, Esther).

**Utan vallar:** 4 mín.

**Fylkir-Valur 19-31 (8-16)**

**Markahæstar hjá Fylki:** Laufey Ásta Guðmundsdóttir 5, Ela Kowal 5.

**Markahæstar hjá Val:** Hrafnhildur Skúladóttir 7, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6.

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Valur** | **18** | **16** | **2** | **0** | **+238** | **34** |
| 2. Fram | 16 | 13 | 1 | 2 | +131 | 27 |
| **3. Stjarnan** | **17** | **12** | **1** | **4** | **+158** | **25** |
| 4. Haukar | 17 | 12 | 0 | 5 | +97 | 24 |
| **5. FH** | **18** | **9** | **0** | **9** | **-13** | **18** |
| 6. Fylkir | 18 | 7 | 0 | 11 | -13 | 14 |
| **7. KA/Þór** | **18** | **4** | **1** | **13** | **-113** | **9** |
| 8. HK | 18 | 2 | 1 | 15 | -146 | 5 |
| **9. Víkingur** | **18** | **0** | **0** | **18** | **-379** | **0** |

**ÍSLENSKI HÓPURINN** Tók sig vel út á opnunarhátíðinni. NORDIC PHOTOS/AFP

Vetrarólympíuleikanir:

# Íslensku keppendurnir bíða

**SKÍÐAÍÞRÓTTIR** Miklar breytingar hafa orðið á dagskrá alpagreina á Ólympíuleikunum í Vancouver í Kanada og í framhaldinu af því hefur keppnisdagskrá íslenska hópsins riðlast.

Íslendingar hafa enn ekki rennt sér af stað niður brekkurnar í Whistler og gera það ekki fyrr en í fyrsta lagi á föstudaginn þegar keppni fer fram í risasvigi karla.

Úrkoma og snjóalög hafa gert keppnisaðstæður erfiðar í Whistler og hafa mótshaldarar því þurft að fresta keppnisgreinum. Íslensku keppendurnir þurfa að taka tillit til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað og hafa þeir endurskoðað sína áætlun í samvinnu við þjálfara hópsins. það er þegar orðið ljóst að íslenski hópurinn keppir í færri greinum en áætlað var.

Enn er ekki komið á hreint hverjir keppa í risasvigi karla á föstudaginn eða hvort Ísland sendir einn eða tvo keppendur. Eina konan, Íris Guðmundsdóttir, hefur hins vegar keppni í risasvigi kvenna daginn eftir. **- óój**

GERÐU FRÁBÆR KAUP
Á NÝJUM VÖRUM
Á LÆKKUÐU VERÐI

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

ELVA 5.990

Klassísk flíspeysa. Tveir vasar og rennilás sem hægt er að renna í báðar áttir. Tecnopile® flísefni frá Pontetorto®. Frábær flíspeysa sem hentar við flest tækifæri. Fæst í rauðu og svörtu. **Verð áður: 14.990 kr.**

JÚLÍUS 6.990

Júlíus og Júlíana, herra- og dömubuxur. Hægt að nota bæði sem kvartbuxur og stuttbuxur. Teygjanlegt efni sem þornar hratt. Hentugar í gönguferðina. **Verð áður: 12.990 kr.**

BENNI 8.990

Heilrennd peysa fyrir stelpur og stráka. Tecnostretch® efni frá Pontetorto®. Flatlock saumar og YKK® rennilásar. Létt, þægileg og hlý flík. **Verð áður: 10.990 kr.**

DÓRA 4.990

Léttar og þægilegar buxur fyrir stelpur og stráka úr Tecnostretch® efni frá Pontetorto®. Rennilás á skálmum víkkar buxurnar út að neðan og þá passa þær fullkomlega yfir göngu- eða skíðaskó. Teygja í mitti. Henta vel sem innsta lag, utan yfir ullarnærfatnað eða einar og sér. **Verð áður: 6.990 kr.**

ASICS 14.990

**Asics Gel-Trail Attack.** Frábærir hlaupaskór með góðu gripi og stuðningi við ökkla og henta því sérstaklega vel utan venjulegra hlaupastíga. Skórnir henta að sjálfsögðu líka til götuhlaupa og hlaupurum með mismunandi hlaupalag. **Verð áður: 21.990 kr.**

CASALL 4.990

Klassískur og kvenlegur hlýrabolur fyrir leikfimina. Einstök gæði og ending. Fæst í svörtu og hvítu. **Verð áður: 7.990 kr.**

Ó! - 13120

A3 OUTLET · AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ · SÍMI 533 3811

# dagskrá

## > Bryan Cranston

„Ég bið aðeins fyrir heilsu og öryggi fjölskyldu minnar. Sé það fyrir hendi eru allir vegir færir og óþarfi að biðja um meira."

***Cranston fer með hlutverk eðlisfræðingsins Walter H. White í þættinum Breaking Bad sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.30.***

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ ELLEN STELA SENUNNI Í AMERICAN IDOL

# *Simon Cowell ekki lengur fyndnastur*

Núna held ég að Simon Cowell þurfi að fara að passa sig því hann er ekki lengur fyndnastur í American Idol heldur Ellen DeGeneres. Fyrsti þátturinn með Ellen sem einn af dómurunum fjórum var sýndur á mánudaginn og hún gerði ekki annað en reita af sér brandarana. Minnti þátturinn helst á uppistandssýningu þegar áhorfendurnir í salnum hlógu að hverju orði sem hún sagði í áheyrnarprufunum í Hollywood. Já, það má segja að hún hafi komið sterk inn. Vissulega er hún enginn sérfræðingur í tónlist en hún bætir það upp með vitneskju sinni um sviðsframkomu, enda margreynd á því sviði. Vonandi er þetta það sem koma skal því ekki veitir af aðeins meira gríni þegar allir furðufuglarnir eru hættir að reyna að sanna sig og fúlasta alvaran tekur við. Ef ég þekki Cowell rétt á hann þó einhver tromp uppi í erminni þegar kemur að hnyttnum athugasemdum og vonandi eflist hann bara við þessa auknu samkeppni. Annars var leiðinlegt að sjá marga keppendur snúa vonsvikna heim á leið, sem margir hverjir höfðu nánast lag líf sitt undir til að komast í lokahópinn. Tár féllu og einhverjir báðu um annað tækifæri en Cowell var ekki á þeim buxunum: „Það er ekki svalt að grátbiðja," sagði hann án þess að blikna.

**ELLEN DEGENERES** Ellen kom sterk inn í níundu þáttaröð American Idol sem er sýnd um þessar mundir en Simon Cowell brosir þrátt fyrir aukna samkeppni.

## FIMMTUDAGUR

▶ **18.30 Seinfeld** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.00 Thelma and Louise** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.35 30 Rock** SKJÁREINN

▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.45 Fringe** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Kiljan** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 Stelpulíf** (Pigeliv) (3:4) Dönsk þáttaröð um ungar stúlkur sem sækjast eftir að komast í Stúlknakór danska útvarpsins.
**17.35 Stundin okkar** (e)
**18.05 Vetrarólympíuleikarnir - Samantekt**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum.
**21.05 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver** (15 km skíðaskotfimi kvenna)
**00.25 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver** (20 km skíðaskotfimi karla)
**02.05 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver** (úrslit í snjóbrettakeppni kvenna)
**03.20 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver** (keppni í frjálsum æfingum karla í listdansi á skautum)
**05.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Proof**
**10.00 The U.S. vs. John Lennon**
**12.00 The Simpsons Movie**
**14.00 Proof**
**16.00 The U.S. vs. John Lennon**
**18.00 The Simpsons Movie**
▶**20.00 Thelma and Louise** Óskarsverðlaunamynd með Geenu Davis og Susan Sarandon í aðalhlutverkum.
**22.05 Jesse Stone: Night Passage**
**00.00 Goldeneye**
**02.05 The Last Time**
**04.00 Jesse Stone: Night Passage**
**06.00 The Bucket List**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Kalli og Lóa, Harry and Toto og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 Burn Notice** (7:16)
**11.50 Gossip Girl** (4:22)
**13.00 ,Til Death** (13:15)
**13.25 Extreme Makeover: Home Edition** (19:25)
**14.10 La Fea Más Bella** (128:300)
**14.55 La Fea Más Bella** (129:300)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar, Ruff's Patch, Harry and Toto og Kalli og Lóa.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (12:22)
**20.10 Amazing Race** (7:11) Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**20.55 NCIS** (7:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum.
▶**21.45 Fringe** (23:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.30 Breaking Bad** (2:7) Spennuþáttur með gamansömu ívafi um efnafræðikennara byrjar að framleiða og selja eiturlyf til að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar.
**23.20 Twenty Four** (4:24)
**00.05 John Adams** (4:7)
**01.10 Gridiron Gang**
**03.10 A Sound of Thunder**
**04.50 NCIS** (7:25)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**07.25 Meistaramörk**
**07.50 Meistaramörk**
**08.15 Meistaramörk**
**08.40 Meistaramörk**
**17.00 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**18.40 Meistaramörk**
**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**19.30 Liverpool - Unirea** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**21.40 Bestu leikirnir:** Valur - KR 26.09.09.
**22.05 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**23.00 Veitt með vinum: Grænland** Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heimsótt.
**23.30 Liverpool - Unirea** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wigan - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Chelsea - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**
**21.55 PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999**
**22.25 Stoke - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/ útlit** (4:10) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/ útlit** (4:10) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 Girlfriends** (17:23) (e)
**15.45 7th Heaven** (2:22)
**16.30 Djúpa laugin** (1:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Britain's Next Top Model** (e)
**19.00 Game Tíví** (4:17) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.30 Fréttir**
**19.45 King of Queens** (11:25) (e)
**20.10 The Office** (16:28) Michael er sendur í önnur útibú Dunder Mifflin til að halda fyrirlestra um þann góða árángur sem náðst hefur í hans útibúi.
▶**20.35 30 Rock** (18:22) Liz er rekin tímabundið og verður að finna sér eitthvað að gera á meðan. Jenna fær slæmar fréttir um Janis Joplin myndina sem hún lék í.
**21.00 House** (16:24) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**21.50 CSI. Miami** (16:25) Sjóræningjar ráðast á lúxussnekkju lögfræðings og myrða unnustu hans.
**22.40 The Jay Leno Show**
**23.25 The Good Wife** (6:23) (e)
**00.15 The L Word** (4:12) (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.20 King of Queens** (11:25) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Forystumenn í atvinnulífinu og hvernig megi draga úr blikum á lofti.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm með góða gesti.
**21.30 Birkir Jón** Siglfirðingurinn knái hefur ákveðna skoðun á málum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 19.30, BEINT

### Evrópudeildin: Liverpool - Unirea

Liverpool komst sem kunnugt er ekki áfram í Meistaradeild Evrópu og mun því freista þess að vinna Evrópudeildina. Fyrsta hindrunin er rúmenska liðið Unirea sem kom hvað mest á óvart er það var nálægt því að komast í 16 liða úrslitin í Meistaradeildinni. Þar sem þetta er eina von Liverpool á bikar í ár má búast við því að leikmenn mæti einbeittir til leiks en liðið hefur leikið vel í deildinni að undanförnu og lagði fyrir skemmstu nágranna sína í Everton í hörkuleik.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### House

### Skjár einn kl. 21.00

Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Í kvöld aðstoðar House ungan mann með óbærilega verki en hann reynist vera bæði með karlkyns- og kvenkynsgen. Foreldrar hans hafa vitað af þessu alla tíð en haldið því leyndu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Útvarpsperlur: Þetta ætti að banna!
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** (6:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

▶ **18.30 Seinfeld** (19:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls** (6:22)

**20.30 Seinfeld** (19:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Mercy** (6:22) Dramatísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinga á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær mestu af sínum tíma um í vinnunni.

**22.35 Ghost Whisperer** (4:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

**23.20 Tell Me You Love Me** (6:10)

**00.10 Sjáðu**

**00.40 Fréttir Stöðvar 2**

**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Lead Balloon **12.30** Never Better **13.00** Absolutely Fabulous **13.30** Doctor Who **14.15** Doctor Who **15.00** My Hero **15.35** The Inspector Lynley Mysteries **16.25** Judge John Deed **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Lead Balloon **19.00** Saxondale **19.30** Spooks **20.20** Torchwood **21.10** Saxondale **21.40** Only Fools and Horses **22.10** Lead Balloon **22.40** Never Better **23.10** Absolutely Fabulous **23.40** Torchwood

## DR 1

**14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Kæledyr for viderekomne **16.00** Vinter OL Studiet **16.30** Fandango med Elliott & Robotto **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Angivet af narkogangstere **19.30** Onskehaven **20.00** TV Avisen **20.25** Vinter OL Studiet **21.15** Vinter OL **22.05** Vinter OL

## NRK 1

**12.30** OL hoydepunkter **13.15** OL hoydepunkter **14.00** NRK nyheter **14.10** OL hoydepunkter **15.30** OL hoydepunkter **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Distriktsnyheter **17.20** OL direkte **17.50** OL direkte **18.00** NRK nyheter **18.03** OL direkte **19.40** Dagsrevyen **20.15** OL direkte **22.45** Kveldsnytt **23.00** OL studio **23.50** OL direkte

## SVT 1

**10.00** OS i Vancouver **16.00** OS i Vancouver **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Olympiska vinterstudion **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** OS i Vancouver **23.00** OS i Vancouver

*Gildir aðeins hjá eftirfarandi söluaðilum í verslunum þeirra í Kringlunni meðan birgðir endast

TAL vodafone Síminn Kringlan

## ÞÁTTURINN

*„Ég var að klára að horfa á seríurnar af There's Always Sunny in Philadelphia og elska Modern Family."*

Elías Jóhann Jónsson, námsmaður í Danmörku.

# Yesmine á sama stalli og Jamie Oliver

Matreiðslubók Yesmine Olsson, Framandi og freistandi – indversk og arabísk matreiðsla, hlaut þriðju verðlaun í flokknum besta asíska matreiðslubókin á bókahátíðinni Gourmand World Cookbook sem haldin var í París á fimmtudaginn síðasta. Hvert ár eru gefnir út yfir 26.000 titlar um mat og vín og í fyrra tóku um 8.000 bækur frá 136 löndum þátt á bókahátíðinni og því má þetta teljast góður árangur hjá Yesmine.

„Þetta var frábær lífsreynsla í alla staði. Ég vissi ekki við hverju ég ætti að búast áður en haldið var út, en ég er afskaplega ánægð með þennan árangur. Ég vil þó taka fram að ég sit ekki ein að þessum verðlaunum því þær Áslaug Snorradóttir ljósmyndari og Blær Guðmundsdóttir, grafískur hönnuður, eiga þau með mér," segir Yesmine sem fékk góðar móttökur í París og er nú þegar komin með samning við þýska bókaútgáfu. Gaman er að geta þess að stjörnukokkurinn Jamie Oliver og kúbversk/bandaríska söngkonan Gloria Estefan hrepptu einnig þriðja sætið í sínum flokki.

Yesmine hefur í nógu að snúast þessa dagana því auk þess að halda bæði matreiðslunámskeið og sýningar í Turninum fer hún í boði Gourmond-verðlaunanna á alþjóðlega bókamessu sem haldin verður í Abu Dhabi í mars. „Sex manns voru valdir til að fara til Abu Dhabi á vegum Gourmond og þar mun ég bæði elda og sýna atriði úr Bollywood-sýningunni. Fólk er almennt mjög hrifið af hugmyndinni að tvinna saman matreiðslu og skemmtun á þennan hátt." - sm

**BRONSHAFAR** Yesmine Olsson hreppti þriðja sætið í flokknum besta asíska matreiðslubókin á Gourmand World Cookbook bókahátíðinni sem haldin var í París fyrir stuttu. Breski sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver lenti einnig í þriðja sæti í sínum flokki.



**LÁRÉTT**
**2.** fíkniefni, **6.** eftir hádegi, **8.** stroff, **9.** blaður, **11.** karlkyn, **12.** bani, **14.** yfirstéttar, **16.** úr hófi, **17.** skammstöfun, **18.** gapa, **20.** tveir eins, **21.** tónn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tilraunaupptaka, **3.** frá, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** stykki, **7.** vatnafló, **10.** löng, **13.** spor, **15.** þekking, **16.** ónn, **19.** borðaði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** hass, **6.** eh, **8.** fit, **9.** mas, **11.** kk, **12.** ólíti, **14.** aðals, **16.** of, **17.** rek, **18.** fiá, **20.** yy, **21.** nóta.
**LÓÐRÉTT:** demó, **3.** af, **4.** sikiley, **5.** stk, **7.** halafló, **10.** sið, **13.** far, **15.** skyn, **16.** ofn, **19.** át.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Mecklenburg-Vorpommern.
2. 2.369.
3. Kim Jong Il.

VIGGO MORTENSEN: FERÐAST UM VESTFIRÐI MEÐ KÆRUSTUNNI

# Borðaði þorsk á Patró og horfði á Meistaradeildina

„Ég var svolítið hissa þegar hann kom. Ég kannaðist við svipinn, en áttaði mig ekki alveg á hver hann var strax," segir Víkingur Traustason, veitingamaður í Þorpinu á Patreksfirði.

Danski stórleikarinn Viggo Mortensen kom til Íslands á mánudag ásamt kærustu sinni og fylgdarliði. Hann er á landinu í einkaerindum, en hópurinn hélt vestur á firði á þriðjudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var stefnan tekin á Ísafjörð á silfurlituðum lúxusjeppa. Þau fóru með ferjunni Baldri yfir Breiðafjörð og komu til Patreksfjarðar á þriðjudagskvöld. Vegurinn til Ísafjarðar var ófær svo að þau gistu eina nótt á gistiheimilinu Stekkaból.

Viggó og félagar nýttu kvöldið til að skoða mannlífið á Patró og borðuðu kvöldmat hjá Víkingi og eiginkonu hans á veitingastaðnum Þorpinu. „Hann fékk sér þorskpiparsteik. Það er sko ekkert annað. Og borðaði vel af og lét vel af matnum," segir Víkingur, sem að eigin sögn býður einnig upp á bestu borgara landsins. „Ég er nú hræddur um það. Svo settist hann í sófann og horfði á fótbolta. Auðvitað horfa allir á Manchester United." Víkingur á þar við leik Manchester United og AC Milan í Meistaradeildinni, en þeir ensku unnu með þremur mörkum gegn tveimur. „Mér sýndist hann vera Ítalíumegin," segir Víkingur, spurður hvort Viggo hafi stutt annað hvort liðið. „Hann var hinn rólegasti, eins og við hinir Patreksfirðingarnir. Hafði það gott í sófanum og horfði á leik."

Víkingur bætir við að Patreksfirðingarnir hafi ekkert kippt sér upp við nærveru Hollywood-stjörnunnar, enda ýmsu vanir. „Þetta er bara venjulegt fólk eins og við, eða við lítum svo á," segir hann.

Viggo Mortensen er í frí frá Hollywood. Hann lék síðast í kvikmyndinni The Road, sem kom út í fyrra. Þar lék hann á móti þokkadísinni Charlize Theron og var talið að þau hefðu átt í ástarsambandi um tíma. Hann var síðast orðaður við dönsku þjóðlagasöngkonuna Christinu Rosenvingen og hafa danskir fjölmiðlar sýnt þeim mikla athygli. Þegar Fréttablaðið hafði samband við gistiheimilið Stekkaból fengust þær upplýsingar að Viggo og fylgdarlið hans væri á bak og burt. Færð á vegum á Vestfjörðum var sæmileg svo að leiða má líkur að því að hann dvelji á Ísafirði í dag. atlifannar@frettabladid.is

**Á VESTFJÖRÐUM** Danska Hollywood-stjarnan Viggo Mortensen dvelur nú á Vestfjörðum ásamt kærustu sinni og fylgdarliði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur fyrir Edduna, sjónvarps-og kvikmyndaverðlaun Íslands, stendur nú sem hæst og velta menn nú vöngum yfir því hverjir eða hver ætti að vera kynnir. Sú saga gengur nú fjöllum hærra að **Baltasar Kormáki** hafi verið boðið að taka þetta hlutverk að sér. Baltasar hefur engra hagsmuna að gæta þetta árið og myndi eflaust sóma sér vel í kynnishlutverkinu.

Baltasar er í óða önn að undirbúa sína næstu kvikmynd sem byggð er á einleik Jóns Atla Jónassonar, Djúpinu, og einstöku afreki Guðlaugs Friðþórssonar. Heimildir Fréttablaðsins herma að Baltasar ætli sér að taka kvikmyndina í Vestmannaeyjum. Enda gekk eyjudæmið vel upp í síðustu mynd leikstjórans, Brúðgumanum, en þá lagði tökuliðið undir sig Flatey.

Og það er mikil gróska í íslenskri kvikmyndagerð um þessar mundir. Ólafur Jóhannesson, Poppoli, hefur þegar gert eitt áróðursmyndband og **Grímur Hákonarson** er með sjö leiknar stuttmyndir sem munu birtast á netinu á næstunni en þær eru gerðar til höfuðs RÚV. Þá er Vaktar-hópurinn á fullu við að taka upp sjö stutta þætti, fjórir þeirra verða frumsýndir á netinu; þrír síðustu verða hins vegar sýndir á Eddunni.

Og sá maður sem hefur orðið hvað mest fyrir barðinu á gagnrýni kvikmyndagerðarmanna er án nokkurs vafa **Páll Magnússon** útvarpsstjóri. Mikið hefur mætt á Páli undanfarna daga og hann ákvað því að skella sér í þriggja daga frí með fjölskyldunni norður á Akureyri. - fgg

# Friður á fjölbraut í Breiðholti

„Góð sátt hefur náðst milli nemenda og skólayfirvalda Fjölbrautaskólans í Breiðholti um tilhögun árshátíðar nemendafélagsins," segir Erla María J. Tölgyes, formaður nemendafélags Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Nemendur skólans mótmæltu í síðustu viku ákvörðun skólayfirvalda um að leyfa ekki að halda árshátíð á Selfossi. Hefð var fyrir að halda árshátíðina á Hótel Selfossi, en skólayfirvöld vildu ekki bera ábyrgð á að senda nemendurna þangað. Árshátíð skólans verður haldin á höfuðborgarsvæðinu. „Og verður mjög vegleg, með þátttöku nemenda og kennara," segir Erla María. - afb

**NEMENDARÁÐIÐ** Sátt hefur náðst milli nemendafélags Fjölbrautaskólans í Breiðholti og skólayfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MIÐASALA HEFST
Í DAG
KL. 10:00

Cheerios og Síminn
KYNNA

# LATABÆJARHÁTÍÐ
## Í HÖLLINNI 27. MARS

Jógvan
Björgvin & Fransína mús
Ingó
Skoppa & Skrítla
Jóhanna Guðrún
Sveppi & Villi
Jónsi
Laddi

Íþróttaálfurinn • Solla Stirða • Bæjarstjórinn • Glanni Glæpur

Húsið opnar klukkutíma fyrir tónleika og í anddyrinu verður mikið fjör; lukkuleikur, töframaður, ókeypis Latabæjarmyndatökur og margt fleira.

Latibær ® & © 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

Cheerios
Síminn

Miðasala á **miði.is**, öllum sölustöðum Miða.is og í síma **540 9800**
Sýning hefst kl. 15:00 Húsið opnar kl. 14:00 Nánari upplýsingar á **www.bravo.is**

bravó!

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VÍSIR.IS "...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sjóliðarnir buðu Þórhalli

Eins og fjölmiðlar greindu frá í gær voru þýskir sjóliðar á ferð um Reykjavík á þriðjudag og buðu íslenskum stúlkum í gleðskap í herskipi. Ekki varð þeim kápan úr því klæðinu þar sem ábyrg móðir lét lögregluna vita af því að 14 ára dóttur hennar hefði verið boðið og gleðskapurinn var því blásinn af. Sjóliðarnir buðu þó ekki aðeins stúlkum, því grínistinn **Þórhallur Þórhallsson** sat inni á Kofa Tómasar frænda þegar sjóliði rétti honum boðsmiða í teitið. Hann spurði hvort þeir væru ekki aðeins að leita að stúlkum og sá þýski svaraði að þeir væru búnir að bjóða fullt af stelpum. Það fylgir sögunni að hann hafnaði boðinu.

### Bryndís fær meikóver

Karl Berndsen snýr aftur á Skjáinn í mars með þátt sinn Nýtt útlit og í þetta skipti verður frægum Íslendingum gefið nýtt útlit. Erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um hvaða fólk Kalli tekur í gegn, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru engar aðrar en **Bryndís Schram** og Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns, á listanum.

### Ekkert heilagt

Fjármálaráðherra er hvergi óhultur. Í gær brá hann sér í Grafarvogskirkju og las þar úr Passíusálmunum. Þar fór hann meðal annars með ljóðlínurnar: „Innra mig loksins angrið sker / æ, hvað er lítil rækt í mér" og „Yfir hörmungar er mín leið / æ meðan varir lífsins skeið". Þegar lestrinum lauk sat Ríkisútvarpið fyrir honum og spurði hann um Icesave.

**- afb, sh**

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Slagsmál á Útvarpi Sögu: Þingmenn gengu á milli
2. Erpur tjáir sig ekki vegna rannsóknarhagsmuna
3. Hætta að dreifa klámi
4. Krefur lögreglustjóra um skýringar á dópleit
5. Tvær konur kæra nauðgun





Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

spara.is

# ÆTLAR ÞÚ AÐ BORGA TVÖFALT FYRIR ÍBÚÐALÁNIÐ ÞITT?

## ÚR MÍNUS Í PLÚS 2010

## Á þetta dæmi við um þitt íbúðalán?

VERT

**Samanburður á heildarkostnaði lána:**




| Sundurliðun kostnaðar | Lán 1 | Lán 2 |
|---|---|---|
| Tegund láns | Jafnar greiðslur | Jafnar greiðslur |
| Lánsupphæð | 20.000.000 | 20.000.000 |
| Lánstími, ár | 35 | 20 |
| Vaxtaprósenta | 5,15 | 5,15 |
| Verðbólguspá | 5,0 | 5,0 |
| Hlutfallstala kostnaðar | 10,13 | 10,13 |
| Afborgun | 20.000.000 | 20.000.000 |
| Vextir | 23.200.717 | 12.076.974 |
| Verðbætur | 71.279.047 | 22.381.409 |
| Greiðslugjald | 105.000 | 60.000 |
| **Alls greiðslur** | **114.584.775** | **54.518.375** |

**SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐIÐ ÚR MÍNUS Í PLÚS OG ÞÚ LÆRIR AÐ NÁ ÞESSUM ÁRANGRI ÁN ÞESS AÐ HÆKKA MÁNAÐARLEGA GREIÐSLUBYRÐI**

**Skráðu þig núna á spara.is á næsta námskeið!**

| | | |
|---|---|---|
| 23. FEBRÚAR | REYKJAVÍK | RÚGBRAUÐSGERÐIN KL: 18:00 - 22:00 |
| 27. FEBRÚAR | AKUREYRI | HÁSKÓLINN AKUREYRI KL: 14:00 - 18:00 |
| 28. FEBRÚAR | HÚSAVÍK | SALUR VERKALÝÐSFÉLAGSINS KL :12:00 - 16:00 |
| 9. MARS | KEFLAVÍK | RÁIN KL: 18:00 - 22:00 |
| 13. MARS | ÍSAFJÖRÐUR | EDINBORGARHÚSIÐ KL :14:00 - 18:00 |
| 16. MARS | SELFOSS | HÓTEL SELFOSS KL :18:00 - 22:00 |
| 20. MARS | EGILSSTAÐIR | ÞEKKINGARNET AUSTURLANDS KL :14:00 - 22:00 |

**SKRÁNING Á WWW.SPARA.IS EÐA Í SÍMA 587 2580**